Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo og félaga samkvæmt B-, C-, D- og E-liðum 5. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna, þó eigi hærrí fjárhæð en nemur $\frac{1}{4}$ hluta af hreinum tekjum félags, eftir að frá hafa verið dregnar þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, en áður en tekjuskattur og tekjuútsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

Félög þau, sem um ræðir í B-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, sbr. 5. mgr. Vexti af stofnsjóðsinnstæðum skal samkvæmt 11. gr. draga frá skattskyldum tekjum allt að því hámarki, sem ákveðið er í fyrrgreindum lögum um samvinnufélög, 3. gr. 7. tl.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna sinna, eða að því leyti sem félög annast slíka starfsemi, mega þau draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hjá einstökum félagsmönnum.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af viðskiptunum skattskyldar hjá félagunum. Við ákvörðun skattgjaldstekna er þessum félögum þó jafnan heimilt að draga frá arð af viðskiptum við félagsmenn sína á skattárinu, er nemi allt að $\frac{2}{3}$ hlutum

hreinna tekna. Í smásöluverzlun skal þó slikur afsláttur aldrei nema meira en 6% af viðskiptum félagsmanns.

Innlend váttryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við váttryggingartaka eða váttryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1.—4. mgr. þessarar greinar skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 6. mgr. þessarar greinar.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1.—4. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

1. B-liður 22. gr. orðist svo:

Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattstjóri ákveður til 1 árs í senn.

2. Aftan við D-lið 22. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Hafi skattþegn fyrir gildistöku laga þessara eigi notað svo háan frádráttarhundraðshluta, má hann þó eigi hækka frádráttinn meira árlega en svo, að hámark náist í fjórum jöfnum áföngum.

3. 2. málslíður 1. mgr. E-liðs 22. gr. falli niður.

11. gr.

25. gr. orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 50 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 25%, af tekjum 50 000—75 000 kr. greiðist 35%, en af tekjum yfir 75 000 kr. greiðist 44%.

II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.

III. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

VI. Tekjuskatt gjaldenda, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, að fjárhæð 5 000 kr. eða lægri, skal fella niður. Tekjuskatt sömu gjaldenda að fjárhæð 5—10 þús. kr. skal lækka þannig, að lækkun réni í beinu hlutfalli við hækkun tekjuskatts.

12. gr.

26. gr. orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:

Af fyrstu 1 000 000.00 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur.

Af næstu 1 000 000.00 kr. skattgjaldseign greiðist 0.6%.

Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 1.0%.

2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 1.4% af skattgjaldseign.

3. Eignarskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

13. gr.

32. gr. orðist svo:

Í ríkisskattanefnd eiga sæti þrír menn og þrír til vara. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar. Skulu þeir fullnægja skilyrðum til að vera skipaðir héraðsdómarar, hafa lokið prófi í hagfræði eða viðskiptafræði, vera lög-

giltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérþekkingar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Aðra nefndarmenn og varamenn skipar ráðherra til fjögurra ára úr hópi sex manna, sem Hæstiréttur tilnefnir sem hæfa til starfsins.

Þrír menn skulu úrskurða í hverju máli. Skal það vera formaður nefndarinnar eða varaformaður, ásamt tveimur nefndarmönnum eða varamönnum, eftir ákvörðun nefndarformanns hverju sinni.

Ríkisskattanevnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum út af álagningu skatta, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í nefndina má ekki skipa menn, sem gegna ábyrgðar- eða trúnaðarstöðum við stjórn samtaka atvinnurekenda, stéttarféлага eða á sviði fjármála og skattheimtu hjá ríki og sveitarfélögum.

14. gr.

Síðasti málsliður 33. gr. fellur niður.

15. gr.

41. gr. orðist svo:

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanevndar. Kærufrestur til ríkisskattanevndar skal vera 21 dagur frá uppkvaðningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanevndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Kætur skulu vera skriflegar og studdar þeim gögnum, sem kærandi telur nauðsynleg.

Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra gagnvart ríkisskattanevnd. Hann skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki, sem hann telur ástæðu til.

Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 2. mgr., skal ríkisskattanevnd senda skattþegni afrit kæru og gefa honum kost á, innan hæfilegs frests, að koma fram með andsvör sín og gögn.

Ríkisskattanevnd skal hafa lagt úrskurði á allar kætur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá, á hvaða kæruatriðum og skattheimildum álagning sé byggð. Úrslit skal tilkynna ríkisskattstjóra, innheimtumanni skattsins og gjaldþegni þegar í stað. Ríkisskattanevnd skal fela ríkisskattstjóra að annast útgáfu úrskurða nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal, að úrskurðir, sem gildi hafa, komi fyrir almenningssjónir.

Skattþegni er heimilt að krefjast þess, að hann eða umboðsmaður hans með skriflegu umboði fái að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanevnd. Ríkisskattanevnd getur einnig ákveðið sérstakan málflutning, ef mál er flókið eða hefur að geyma vandasöm, lögræðileg úrlausnarefni. Málflutningur má vera munnlegur, ef ríkisskattanevnd leyfir. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, eftir því sem við á. Úrskurðir í þessum málum skulu vera rökstuddir, og er nefndin ekki bundin við þau tímatakörk um afgreiðslu máls, sem sett eru í næstu málsgrein hér á undan.

Nú telur nefndin mál ekki nægilega upplýst, og getur hún þá beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Úrskurður ríkisskattanevndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanevnd skal úrskurða kætur um gjöld, sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum laga um þau efni. Gilda ákvæði þau, sem að framan eru rakin, um slíkar kætur, eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanevnd fyrir hönd gjaldkrefjenda.

16. gr.

42. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal auk þess, sem annars staðar er ákveðið í lögum þessum um störf hans, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess, að samræmi sé í störfum þeirra og skattaákvörðunum. Hann skal setja þeim starfsreglur og verk-lagsreglur og kynna þeim dóma og úrskurði, sem þýðingu hafa. Hann skal hafa á hendi framkvæmd tvísköttunarsamninga við önnur ríki, sbr. 4. mgr. 2. gr.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara svo og annarra laga um skatta og gjöld, sem álögd eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánastofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skatt-ákvörðun samkvæmt lögum þessum, enda séu uppfyllt skilyrði 38. gr., ef um hækkun er að ræða, eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem lögd eru á af skattstjórum, og getur hann þá gert gjaldþegni skatt að nýju. Heimilt er gjaldanda að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir reglum 41. gr.

17. gr.

45. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því, að skattstjórar, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og krefja skattstjóra og ríkisskattstjóra skýringa á öllu því, er framkvæmd laga þessara varðar.

18. gr.

6. mgr. 48. gr. orðist svo:

Nefnd, sem í eiga sæti þrír menn, formaður ríkisskattanefndar og tveir lög-fræðingar, sem fullnægja skilyrðum til að vera skipaðir héraðsdómarar og fjár-málaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, skal ákveða sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að máli verði vísað til dómstóla. Formaður ríkisskattanefndar skal vera formaður nefndarinnar. Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra. Nefnd þessi getur og ákveðið sektir vegna annarra gjalda, sem skattstjórar leggja á, nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess, að máli verði vísað til dómstóla.

Um meðferð mála skal farið eftir 41. gr., eftir því sem við á.

19. gr.

49. gr. orðist svo:

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknar-stjóra, ríkisskattanefnd og nefnd samkvæmt 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efna-hag gjaldþegna.

Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

20. gr.

Í 53. gr. komi í stað orðanna „árið 1972“ orðin: árið 1973.

21. gr.

1. mgr. 55. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefndar og nefndar samkvæmt 6. mgr. 48. gr.

22. gr.

1. Ákvæði til bráðabirgða I og II falli niður.

2. Ákvæði til bráðabirgða III verði ákvæði til bráðabirgða I og orðist svo:

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971—1972 að endurmeta fyrnanlegar eignir sínar, samkvæmt 1. og 2. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr., sem þau höfðu eignast fyrir árslok 1968 og hafa síðan átt. Endurmataverð eigna samkvæmt 2. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal teljast jafnt fasteignamatsverði samkvæmt fasteignamati því, sem staðfest var á árinu 1971. Endurmatshækkun fasteigna skal telja til heildarfyrningarverðs samkvæmt B-lið 15. gr.

Heimild til endurmatshækkunar lausafjár samkvæmt 1. tl. A-liðs 15. gr. tekur til lausafjár, sem atvinnufyrirtæki hafa eignast á árunum 1960 til 1968 að báðum árum meðtöldum. Skip, sem verið hafa í eigu skattþegns síðan fyrir 1960, er heimilt að endurmeta eftir sömu reglum. Aldrei má endurmatshækkun að viðbættu bókfærðu verði eignar vera herra en sennilegt gangverð hennar. Endurmatshækkun má að hámarki vera 20% — tuttugu af hundraði — af upphaflegu kaup- eða kostnaðarverði viðkomandi eignar, og skal afskrifa hana á 5 árum, nema raunverulegur endingartími eignarinnar sé skemmri. Þá skal afskrifa hana á þeim tíma.

Hækkun bókfærðs verðs eigna samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Þeir, sem óska eftir að endurmeta lausafé sitt, skulu senda skattstjóra greinargerð um matið ásamt nauðsynlegum gögnum. Skal þar m. a. sérgreina þær eignir, sem endurmeta skal. Skattstjóri skal úrskurða matið án ástæðulausrar tafar. Skattþegn, sem ekki vill sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til ríkisskattstjóra, sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Fjármálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd matsins.

3. Ákvæði til bráðabirgða V og VI falli niður.

4. Ákvæði til bráðabirgða IV verði II og ákvæði til bráðabirgða VII verði III.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Ákvæði 13. gr. um nýja skipan ríkisskattanefndar, 3. mgr. 15. gr. og ákvæði 18. gr. skulu þó eigi taka gildi fyrr en 1. október 1972, og skal ríkisskattanefnd samkvæmt lögum nr. 68/1971 og nefnd samkvæmt 48. gr. þeirra laga starfa og halda óbreyttum heimildum sínum til þess tíma.

Gjört í Reykjavík, 23. marz 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
- c. Útsvör.
- d. Aðstöðugjöld.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna samkvæmt 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o. fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

II. KAFLI

Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.

Skattur þessi skal miðaður við fasteignamat og vera svo sem hér segir:

- a. $\frac{1}{2}\%$ af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihúsa og mannvirkja á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði.
- b. 1% af öllum öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að innheimta álag á fasteignaskatt samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum 2. málsgreinar þessarar greinar. Álag má ekki herra vera en 50% og þarf ekki að vera jafnhátt samkvæmt báðum stafliðum.

Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins, sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs, og skal sleppa því, sem umfram er.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna.

Gjalddagi skattsins er 15. janúar, en heimilt er sveitarstjórn að ákveða, að skatturinn greiðist að hálfu þá og að hálfu síðar á árinu.

5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast.

6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað, að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 2. mgr. 3. gr., og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

8. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
- Að greiða úr sérstököm fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
- Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær voru inntar af hendi fyrir.
- Að greiða aukaframlag, sbr. 15. gr.
- Að greiða fólksfækkunarframlag, sbr. 16. gr.
- Að greiða 1% af tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1% til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem skiptist jafnt á milli þeirra.

- g. Að greiða árlega 15 milljónir króna til Lánasjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 35/1966.
- h. Að greiða útgjöld samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

9. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði, sem nemur 8% af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl.
Framlagið greiðist Jöfnunarsjóði ársfjórðungslega eftir á.
- b. Landsútsvör samkvæmt 10.—12. gr. laga þessara.

10. gr.

Landsútsvör greiða:

- a. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
- b. Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
- c. Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- d. Oliufélög, sem flytja inn oliur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu inn-
anlands.
- e. Bankar.

11. gr.

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkvæmt 10. gr. a.
- b. 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 10. gr. b.
- c. 10% af tekjum stofnana þeirra, sem um ræðir í 10. gr. c, sbr. 23. gr. laga þessara.
- d. 1½% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 10. gr. d.
- e. 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. e.

12. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 10.—11. gr.

Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skatt-
stjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

13. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs, sbr. 9. gr., að frádragnum útgjöldum samkvæmt stafliðum b og d—h í 8. gr., koma til úthlutunar til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar. Öðru úthlutunarfé skal skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 8. gr. d.

Landsútsvar samkvæmt 11. gr. e rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

14. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt 13. gr. skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 30. apríl, 30. september og 31. desember.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

15. gr.

Aukaframlag skal greiða til þeirra sveitarfélaga, sem að dómi félagsmálaráðuneytisins skortir tekjur til greiðslu lögboðinna gjalda eða óhjákvæmilegra útgjalda, enda hafi þau lagt á fullt útsvar samkv. 25. gr. Heimilt er ráðuneytinu að krefjast þess, að þau sveitarfélög, sem slíkrar aðstoðar njóta, innheimti fasteignaskatt með álagi samkv. 3. mgr. 3. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega athugun á fjárreiðum og álagningarreglum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni athugun og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem athugunin hefur gefið tilefni til.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Til þess að mæta útgjöldum samkvæmt grein þessari eru vaxtatekjur sjóðsins og fé það, sem ekki kemur til úthlutunar vegna ákvæðisins um 60% hámarkið, sbr. 2. mgr. 13. gr. Auk þess skal draga frá úthlutunarfé, sbr. 1. mgr. 13. gr., 5% af tekjum Jöfnunarsjóðs í þessu skyni.

16. gr.

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár, og skal þá viðkomandi sveitarfélag fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí ár hvert. Framlagið skal vera meðalútsvar á íbúa í landinu í heild næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

17. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Skal sjóðurinn vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga, greiðslur samkv. 8. gr., svo og afgreiðslur á vegum sjóðsins.

18. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

19. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af ríkisendurskoðuninni.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 9.—12. gr.

IV. KAFLI**Um útsvör.****21. gr.**

Hver maður skal greiða útsvar til þess sveitarfélags, sem hann átti lögheimili í næstliðinn 1. desember samkvæmt þjóðskrá, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

22. gr.

Útsvarsskyldir eru þeir, sem um ræðir í 1.—4. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og lög nr. 22 9. marz 1956, um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi o. fl.

23. gr.

Útsvar skal leggja á tekjur þær, sem taldar eru í 7. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þó 10. gr. þeirra laga.

Frá tekjum þessum skal draga gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. A-lið, B-lið 1. mgr. og C-lið, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, hjá þeim, sem atvinnu reka eða sjálfstæða starfsemi í eigin nafni, þó ekki útleigu íbúðarhúsnæðis. Frádráttur skal þó aldrei hærri vera hjá gjaldanda en tekjur hans af atvinnurekstri og starfsemi. Enn fremur skal draga frá tekjum eigin húsaleigu og skyldusparnað, sbr. 11. gr. laga nr. 30/1970.

Hafi gjaldandi tekjur af eignum, án þess að talið verði, að um atvinnurekstur sé að ræða, þar með talin útleiga íbúðarhúsnæðis, skal draga frá tekjum af þeim ein útgjöld þeirra vegna, þó ekki vaxtagjöld.

Nú vinnur einstaklingur eða hjón, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þessara aðila, við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og er þá sveitarstjórn heimilt, er sérstaklega stendur á, að ákveða, að tekjur slíkra aðila til útsvars verði ákveðnar eftir því, sem ætla má, að laun þessara aðila, miðað við vinnuframlag þeirra, hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu annars aðila.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

24. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvara, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að annast sjálf álagninguna eða falið sérstakri nefnd að gera það, sbr. 4. mgr. 28. gr.

Ákvæði V.—VIII. kafla laga nr. 68/1971 gilda, eftir því sem við á, um útsvör, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

25. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sbr. 23. gr., sem þó má ekki hærri vera en 10%, og skal sami hundraðshluti lagður á alla gjaldendur í hverju sveitarfélagi.

Í sambandi við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn, hver hundraðshluti verði lagður á tekjur gjaldanda á því ári, og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína.

Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar ekki fyrir áætluðum útgjöldum, og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.

26. gr.

Útsvar samkvæmt 25. gr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 7 000 kr. og útsvar einstaklinga um 5 000 kr. Fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Fella skal niður útsvör, sem eru 1 000 kr. og lægri.

Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

27. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka útsvar gjaldanda:

- a. sem nýtur bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971;
- b. sem stundar nám í skóla sex mánuði eða lengur á ári;
- c. af ástæðum, sem upp eru taldar í 1.—4. tölulið 52. gr. laga nr. 68/1971.

28. gr.

Skattstjóri skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn við rannsókn og úrskurðun framtala til útsvarsálagningar. Sama gildir um áætlun tekna þeirra, sem ekki hafa skilað framtali innan lögboðsins frests.

Sveitarstjórn ákveður, hvernig beita skuli ákvæðum 27. gr. um lækkun útsvara, og tilkynnir skattstjóra þar um, áður en hann leggur útsvörin á.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans skal veita sveitarstjórnnum aðgang að skattframtölum.

Sveitarstjórn getur falið einum eða fleiri mönnum að annast störf þau, sem um ræðir í grein þessari.

Þeim, sem annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi gjaldþegna.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu, þegar hann hefur lokið álagningu útsvaranna. Skrá þessa skal hann síðan senda hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 20. júní ár hvert. Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

29. gr.

Gjald dagar útsvara skulu vera tveir. Annan helming útsvara skal greiða fyrir 15. júlí, en hinn helminginn fyrir 15. október.

Sveitarstjórn getur þó ákveðið aðra gjalddaga á útsvörum eftir þessum reglum:

- a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Sveitarstjórn setur nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. janúar ár hvert og auglýsir þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað. — Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt þessum staflíð. Sveitarstjórn eða nefnd, sbr. 4. mgr. 28. gr., ákveður lækunina. Nú verður ljóst, þegar álagningu útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlu sveitarsjóðs.
- b. Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með allt að fimm jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. desember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
- c. Allar greiðslur samkvæmt þessari grein skulu inntar af höndum í heilum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.
- d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkvæmt þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að álagningu er lokið.

30. gr.

- a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkvæmt 29. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.

- b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldanda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt þrírtaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til sveitarstjóðs.
- c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.
- e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
- f. Til lúkningar greiðslum samkvæmt e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{5}$ hluta af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$. Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar.
- g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi. Sveitarstjórn getur krafðið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.
- h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
- i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir, til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 1000 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.
- j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.
- k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

1. Ef kaupgreiðandi:

1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt er samkvæmt þessari grein,
3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið,

þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein. Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

- m. Sveitarstjórn getur ekki krafist gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu útsvars, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til sveitarsjóðs. Krafa sveitarsjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint úr sveitar-sjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.
- n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

31. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 30. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafist útsvarsgreiðslu af kaupmi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

32. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar álagning fer fram.

33. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa til þess að kæra út af útsvari til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattaneftndar hafa og sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

34. gr.

Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundradshlutfalli.

Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega ekki hærri vera en fyrir er mælt í 25. gr.

35. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að nota heimild í 34. gr. um hækkun útsvara, og skal hún þá auglýsa þá ákvörðun sína í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti. Viðbótargjöld þessi falla í gjalddaga viku eftir birtingu auglýsingarinnar.

V. KAFLI Um aðstöðugjald.

36. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 6. gr. laga nr. 68/1971, svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og oliufélög, sem greiða landsútsvar. Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 10. gr. c-lið.

37. gr.

Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.

Hafi gjaldandi með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldsskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

38. gr.

Aðstöðugjald má ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundr- aðshluta, sem þar var álagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.

39. gr.

Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruð- um króna.

Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 300.00, fellur niður.

Gjaldalagi aðstöðugjalds er 1. júlí.

40. gr.

Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef:

- hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofn- un, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar;
- hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Skytt er gjaldanda að gefa hlutaðeigandi skattstjóra skýrslu um samanlögð út- gjöld sín, sbr. 37. gr., vegna starfseminnar, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, innan loka framtalsfrests, ella áætlað skattstjóri útgjöldin að fenginni umsögn sveitarstjórnar eða nefndar skv. 4. mgr. 28. gr.

41. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu að- stöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 38. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

42. gr.

Þegar skattstjóri hefur lokið álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessum kafla, semur hann skrá um aðstöðugjöld í hverju sveitarfélagi og sendir hana þegar til sveitarstjórnar, sem innheimtir gjöldin.

Ákvæði 32. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.

VI. KAFLI**Ýmis ákvæði.****43. gr.**

Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

44. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum svo og dráttarvexti má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

45. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.

46. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenzkra aðila, sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

47. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd laga þessara.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara, aðstöðugjalds og innheimtu fasteignaskatts á árinu 1972. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 51 10. júní 1964, lög nr. 67 23. des. 1964, lög nr. 67 21. maí 1965, lög nr. 43 6. maí 1966, lög nr. 59 16. apríl 1968 og lög nr. 69 12. maí 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1972 er félagsmálaráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélögum sérstakt aukaframlag, ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari en lög nr. 51/1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr., leggur á fullt útsvar samkv. 25. gr. og fullt aðstöðugjald samkvæmt ákvæðum 38. gr.

Heimilt er að endurgreiða Jöfnunarsjóði úr ríkissjóði framlög, sem veitt eru samkvæmt þessu ákvæði.

2. Gjaldldagi fasteignaskatts á árinu 1972 skal vera 15. maí, sbr. þó 4. gr. i. f. Hafi sveitarstjórn þá innheimt fasteignaskatt, skv. lögum nr. 51/1964, skal endurgreiða gjaldendum það, sem ofgreitt kann að vera.

3. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971.

Gjört í Reykjavík, 22. marz 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

13. marz 1972.

Nr. 9.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg
í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðdalshreppi jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Breiðdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Marínó Jóhannssyni og Kristbirni Jóhannssyni, Tunguseli, Sauðaneshreppi, jörðina Þorsteinsstaði í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Kaupendum er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar
Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búlandshreppi jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Búlandshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. tölulið 1. gr. bætist 5. töluliður, svo hljóðandi:

Jörð, sem eigandi hefur ekki tók á að sitja lengur vegna áhvilandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættaróðul og erfðaábúð.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun kaupverðs skv. 1. gr. skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, skv. ákvæðum 8. gr.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúendur jarða, sem selt hafa Jarðeignasjóði jarðir sínar, skv. 5. tölulið 1. gr., skulu jafnan eiga þess kost að kaupa þær aftur fyrir það verð, er um semst. Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðeignasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt 8. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 22. janúar 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 25. janúar 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 1. marz 1972.***Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.***AUGLÝSING****um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 6. marz 1972.***Ólafur Jóhannesson.**

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. apríl 1972 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

50. gr. II, síðasta málsgrein ákvæða þeirra, er fjalla um fyrri hluta próf í viðskiptafræðum, orðist svo:

Stúdent er heimilt að þreyta próf á öllum venjulegum próftímum. Þó skulu próf í bókfærslu, reikningshaldi I, reikningshaldi II og reikningshaldi III tekin í framangreindri röð. Hið sama gildir um röð prófa í stærðfræði I og stærðfræði II. Stúdent skal heimilt að fara í áður talin próf á sama próftímabili, eftir því sem við á, en próf aftar í röðinni skoðast sem ógilt, ef ekki er staðizt próf, sem er framar í röðinni.

Síðasta málsgrein ákvæða þeirra í 50. gr. II, er fjalla um síðari hluta próf í viðskiptafræðum, orðist svo:

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi, áður en hann segir sig til prófs í síðari hluta greinum. Heimilt er að þreyta próf á öllum venjulegum próftímum.

50. gr. V., er ber fyrirsögnina **Kennsluár og árlegur próftími**, orðist svo:

Próf skal halda 7.—20. janúar, í maí—júní og 1.—15. september.

Síðari málsgr. tölulíðarins falli brott.

2. gr.

51. gr., 4. tölulíður, 1. málsgr., orðist svo:

Almenn bókmenntasaga, almenn málsvísindi, bókasafnsfræði, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, islenzka, latína, norska, sagnfræði, sálarfræði, spænska, sænska, þýzka. Kennslan skal einkum stefna að því að undirbúa nemendur undir próf samkv. 53. og 54. gr. Kennslu til B.A.-prófs skal hagað þannig, að farið sé yfir námsefni hvers stigs á tveimur kennslumisserum.

3. gr.

52. gr. III., 1. málsgr., orðist svo:

III. **Próf í latínu.** Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspeki-deild, sem ekki hafa lokið þriggja ára námi í latínu í menntaskóla með minnst fjögurra vikustunda námi hvern vetur eða sama heildarstundafjölda á skemmri tíma. Undanþegnir prófinu eru þó þeir stúdentar, sem lesa til þriggja prófstiga í sál-arfræði eða bókasafnsfræði ásamt þremur stigum í prófgreinum annarra háskóla-deilda. Stúdent er skylt að hafa lokið þessu prófi, áður en hann lýkur þriðja stigs prófi í grein samkv. 53. gr. I. Prófið er aðeins skriflegt.

4. gr.

Við 53. gr. I., 4. málsg., bætist:

Heimilt er, að verklegar æfingar komi í stað prófs, og skal þá meðaleinkunn þeirra einkunna, sem gefnar eru fyrir einstakar æfingar, vera stigeinkunn.

5. gr.

Á eftir 5. málsg. 53. gr. I. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að skipta prófi á hverju stigi í grein í prófþætti. Skal þá gefa einkunn fyrir hvern prófþátt um sig, en stigeinkunn skal vera vegið meðaltal prófþáttaeinkunna samkvæmt reglum, sem deildin setur um vægi prófþátta á hverju prófstigi. Skal stúdent hljóta hina tilskildu lágmarkseinkunn 7 í hverjum þætti. Nú nær stúdent ekki tilskilinni lágmarkseinkunn í prófþætti, og er honum þá heimilt að endurtaka próf í þeim prófþætti einum. Stúdent er óheimilt að ganga undir próf á tilteknu stigi fyrir en hann hefur lokið öllum prófþáttum næsta stigs á undan. Heimilt er, að heimaritgerð komi í stað prófþáttar eða hluta af prófþætti samkvæmt 5. mgr.

6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi. Að því er tekur til stúdentna, er nú stunda nám í viðskiptadeild, taka breytingarnar á prófákvæðum gildi eftir því sem við á að mati deildarinnar.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. apríl 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1972

4. maí 1972.

31

Nr. 17.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Kr. 1 900.00“ í 1. tl. 1. málsg. 2. gr. komi: Kr. 2 300.00.

2. gr.

1. málsg. 3. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	82.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	11.4%
3. Til Fiskimálasjóðs	3.1%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.8%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.7%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1972.

Þó skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

Stjórnartíðindi A 6, nr. 17. Útgáfudagur 12. maí 1972.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1972

Nr. 18.

32

4. apríl 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað síðasta málsliðar 2. gr. laganna komi:

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, er sveitarfélög kaupa, þótt þau njóti ekki aðstoðar ríkissjóðs skv. lögum þessum. Sama gildir um öll láns skjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á lækna skipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. bætist eftirfarandi:

Ráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðuneytið að stofna við ríkisspítalana allt að sex sérstakar lækni stöður, sem hundnar eru skilyrði um ákveðna þjónustu í héraði.

Ráðherra setur reglugerð um þessar stöður að fengnum tillögum Læknafélags Íslands og Stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ hluta launa héraðshjúkrunarkvenna, sem ráðnar eru til starfa með héraðslækni í lækni héraði. Sé hérað lækni laust, greiðir ríkissjóður laun þessi að fullu.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur í samráði við héraðs-lækni og landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.
Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Heimilt skal, að fenginni umsögn landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands, að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um lækniþjónustu í strjálbýli að loknu námi.

Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bankaráði Samvinnubanka Íslands hf. er heimilt, að fengnu samþykki hluthafafundar, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánnum, eins og nánar segir í 4. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild í bankanum, með sérstakri fjárábyrgð, er bundin sé við eignir hennar. Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans og hefur deildin sérstakt bókhald.

Bankaráð Samvinnubanka Íslands hf. hefur á hendi stjórn stofnlánadeildarinnar. Ákveður bankaráðið allar lánveitingar deildarinnar, að fengnum tillögum bankastjóra. Um starfsemi deildarinnar gilda almenn ákvæði laga um Samvinnubanka Íslands hf., eftir því sem við á.

3. gr.

Stofnfé stofnlánadeildarinnar er árlegt framlag Samvinnubanka Íslands hf., samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, og skal það ekki vera lægra en fimm milljónir króna árlega fyrstu fimm árin, sem stofnlánadeildin starfar.

Önnur fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé, sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabankans.
2. Vextir.
3. Fé, sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

4. gr.

Stofnlánadeildin veiti stofnlán til byggingar verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis samvinnufélaga og fyrirtækja innan þeirra vébanda, sem verzlun stunda, svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Enn fremur er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að veita ofangreindum aðilum lán til kaupa á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

5. gr.

Fjárhæð lána má vera allt að fimmtíu af hundraði af matsverði byggingar.

Byggingar skulu metnar til lántöku á kostnað lánbeiðanda, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Setja má og ákvæði í reglugerð um kannanir af hendi sérfróðra manna, sem stjórn stofnlánadeildarinnar getur óskað eftir í sambandi við umsóknir um lán. Má mæla þar svo fyrir, að slíkar kannanir fari fram á kostnað lánbeiðanda.

6. gr.

Lán má veita úr stofnlánadeildinni gegn öruggu veði í þeim byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, svo og váttryggingarverði þeirra, eða öðrum fullgildum fasteignaveðum.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um veðtryggingar, þ. á m. um váttryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o. fl. Í reglugerð er heimilt að setja ákvæði um veðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánavísitölu, enda liggja fyrir almenn lögjöf, sem heimili slíka veðtryggingu.

7. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en tólf ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

8. gr.

Stjórn stofnlánadeildarinnar ákveður, að fengnu samþykki stjórnar Seðlabankans, vexti af lánnum, sem veitt eru úr stofnlánadeild. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánavexti banka og sparisjóða.

9. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um umsóknir úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

10. gr.

Nú verða eigendaskipti að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni, og er stjórn hennar þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu. Skylt skal seljanda og kaupanda að tilkynna stjórn stofnlánadeildarinnar eigendaskiptin.

11. gr.

Nú er lán úr stofnlánadeildinni eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar stofnlánadeildarinnar, eða nýr eigandi tekst eigi á hendur ábyrgð á láninu, og er stjórn stofnlánadeildar þá heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

12. gr.

Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldprotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

13. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.

14. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G**um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið rekur verksmiðju í Siglufirði til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða og nefnist hún Lagmetisiðjan Siglósil. Heimili og varnarþing fyrir-tækisins er í Siglufirði.

2. gr.

Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers kyns fullvinnslu matarrétta úr sjávarafurðum og öðrum islenzkum hráefnum. Jafnframt annast lagmetisiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðsluviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.

3. gr.

Ríkið yfirtekur verksmiðjuhús Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem nú er í eigu Síldarverksmiðja ríkisins, ásamt lóðarréttindum, vélum, áhöldum og öðru því, sem nú er notað við rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar, og skal verð eignanna greitt með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Síldarverksmiðja ríkisins.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, er annast yfirtöku og verðlagningu eignanna af hálfu ríkisins. Náist ekki samkomulag við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins um verð eignanna eða annað það, sem lýtur að yfirtöku þeirra, sker ríkisstjórnin úr.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 15 milljónir króna til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

5. gr.

Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn lagmetisiðjunnar til fjögurra ára í senn, og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, og skal hann vera búsettur í Siglufirði. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

6. gr.

Ráðherra ákveður laun stjórnar og setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lagmetisiðjan greiðir aðstöðugjald og aðra skatta til Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, svo og lög nr. 60 24. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn.

2. gr.

Veðréttur samkvæmt 1. gr. fellur niður í hinum veðsettu vörum, þegar veðsali selur þær eða afhendir grandlausum viðsemjanda til eignar. Sé viðsemjandi ekki grandlaus, ber hann ábyrgð á kröfu veðhafa, hafi viðsemjandinn greitt veðsala andvirði vörunnar, áður en veðrétturinn var niður fallinn.

Ákvæði þetta gildir ekki, þegar veðsali selur iðnfyrirtæki sitt ásamt hinum veðsettu vörum.

3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1887, 1. gr. laga nr. 65/1957 og 2. gr. laga nr. 87/1960 skulu gilda um veðrétt þennan, eftir því sem við á.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögakveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Við endursölu skulu skuldaskjöl, sem tryggð eru með veði samkvæmt 1. gr., undanþegin stimpilgjaldi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Stofnaðilar sölustofnunarinnar eru íslenzka ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði.

2. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin meðal annars:

- a) annast sölu og dreifingarstarfsemi á áðurnefndum sjávarafurðum og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni;
- b) annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn;
- c) hafa í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með höndum gæðaeftirlit með framleiðslu þeirra aðila, sem þátttakendur eru í samtökunum, í þeim tilgangi að tryggja, að sem bezt sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur;
- d) samræma framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni;
- e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því, sem óskað er. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja niðursuðuverksmiðjum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru og fullnægjandi hverju sinni. Í því skyni er stofnuninni heimilt að gerast eignaaðili í dósa- og umbúðaverksmiðju;

- f) fylgjast með og greiða fyrir öflun hráefnis til niðursuðu og niðurlagningar og annarrar framleiðslu á vegum þátttakenda. Skal stefnt að því, að gott hráefni sé ekki flutt úr landi óunnið, á meðan íslenskur iðnaður býr við hráefnisskort;
- g) vinna að því í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að auka fjölbreytni í framleiðslu niðursuðuverksmiðjanna og annarra þátttakenda í samtökunum með leiðbeiningum um nýjar framleiðslugreinar. Skal stofnunin leitast við að veita allar upplýsingar um framleiðslu og sölu, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, og jafnframt skal að því stefnt að koma á fót tækniþjónustu.

3. gr.

Atvinnurekendur í niðursuðuiðnaði, sem vilja eiga aðild að Sölustofnun lagmetisíðnaðarins, þurfa að gefa um það skriflega yfirlýsingu og eru þeir þá bundnir af aðild sinni í a. m. k. eitt ár og geta ekki slitið henni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Með aðild sinni fela atvinnurekendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum erlendis, og er þeim óheimilt að selja vöru sína úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar.

Öll framleiðsla, sem seld er á vegum stofnunarinnar, skal bera vörumerki hennar eða þá vörumerki, sem stjórn hennar samþykkir hverju sinni.

Félagsaðilum ber að hlýða þeim fyrirmælum stjórnarinnar, sem hún setur með það fyrir augum að auka gæði framleiðslunnar. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að neita um leyfi til útflutnings á þeirri framleiðslu, sem ekki stent þær kröfur, sem gerðar eru um gæði, og skal atvinnurekandi bera allan skaða af slíku banni. Einnig er heimilt að beita refsiaðgerðum samkvæmt sérstakri reglugerð, sem samþykkt hefur verið af fulltrúaráði, ef atvinnurekandi stendur ekki við skuldbindingar sínar skv. lögum þessum eða gerist brotlegur við reglur stofnunarinnar um gæði framleiðslunnar.

4. gr.

Atvinnurekendur, sem aðild eiga að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er 1 fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki.

Ráðherra skipar stofnuninni 5 manna stjórn til þriggja ára í senn og skulu tveir tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, en einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Þá tilnefni ráðherra einnig varaformann, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf stjórnarinnar. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn og skal annar þeirra tilnefndur af fulltrúaráði, en hinn af fjármálaráðuneytinu. Eftir hver áramót skal stjórnin gefa ráðherra ýtarlega skýrslu um starfsemina á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár eigi síðar en í júnímánuði. Aukafundi skal boða, þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar, ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með símskeyti með minnst viku fyrirvara.

Að 5 árum liðnum frá gildistöku laganna, þegar framlag ríkissjóðs skv. 5. gr. og ákvæði 6. gr. um útflutningsgjöld falla niður, skulu ákvæði seinustu mgr. um stjórn stofnunarinnar breytast þannig, að 3 stjórnarmeðlimir verði tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, en 2 af ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúaráð er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar.

Aðili stofnunarinnar, sem ekki hefur framleitt niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir eða flutt út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, hefur ekki atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal leggja fram reikninga ásamt sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina. Staða framkvæmdastjóra skal ákveðin í samræmi við launakerfi starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins verður aflað tekna til starfseminnar á eftirfarandi hátt:

- a) Ríkissjóður leggur fram sem óendurkræft framlag 25 milljónir króna ár hvert, fyrstu fimm starfsárin.
- b) Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán, sem nemur allt að 100 milljónum króna.
- c) Niðursuðuverksmiðjurnar greiða sölulaun til stofnunarinnar, sem nota skal til að mæta sölukostnaði, og skal hundraðshlutinn vera ákveðinn að fenginni umsögn fulltrúaráðs.
- d) Stofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar samkvæmt ákvörðun stjórnar.

6. gr.

Í næstu fimm ár skulu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum undanþegin hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans skv. 7. gr.

7. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sbr. 6. gr., sem hefur það verkefni að efla niðursuðuiðnaðinn, auka tilraunir með nýjar vörutegundir og afla þeim markaða erlendis. Sjóður þessi lýtur stjórn sölustofnunarinnar undir yfirumsjón ráðherra.

8. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnarinnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

1. málsliður 2. málgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu þó taka gildi 1. janúar 1973.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „ríkissjóð“ í 1. gr. laganna komi: erfðafjársjóð.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskatts er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, sem lifir hitt, til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	5%
— næstu 200 —	6%
— — 200 —	7%
— — 200 —	8%
— — 200 —	9%
og þar yfir	10%

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	15%
— næstu 200 —	17%
— — 200 —	19%
— — 200 —	21%
— — 200 —	23%
og þar yfir	25%

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	30%
— næstu 200 —	34%
— — 200 —	38%
— — 200 —	42%
— — 200 —	46%
og þar yfir	50%

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Í stað „tilsk. 25. sept. 1850 10. gr.“ í niðurlagi 1. mgr. 3. gr. komi: erfðalög nr. 8 14. marz 1962.

Í stað orðsins „ríkissjóðs“ í 3. mgr. 3. gr. komi: erfðafjár sjóðs.

4. gr.

Í stað „100“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 10000.

Í stað „10“ í 2. mgr. 6. gr. komi: 1000.

Í stað orðsins „stjórnarráðinu“ í síðustu mgr. 6. gr. komi: félagsmálaráðuneytinu.

5. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ í 2. mgr. 10. gr. komi: félagsmálaráðuneytið.

6. gr.

Fyrri mgr. 12. gr. hljóði svo:

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, öðrum en fasteignum, sem falla í erfðir, skal skiptaráðandi útnefna óvilhalla menn til þess að meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 100 000 krónum. Fasteignir skal telja á fasteignamati.

7. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ komi: félagsmálaráðuneytið.

8. gr.

Síðasti málsliður 14. gr. hljóði svo:

Með mál út af þessum efnum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um Bjargráðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Stéttarsambands bænda. Eignaraðilar héra ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr. laga þessara.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs er skipuð fimm mönnum, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, fiskimálastjóra, formanni Búnaðarfélags Íslands, formanni Sambands íslenzkra sveitarfélaga og formanni Stéttarsambands bænda. Sé einhver stjórnarmanna forfallaður, tekur varamaður hans í viðkomandi starfi sæti í stjórninni.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans og tekur ákvarðanir um afgreiðslu á umsóknum um fyrirgreiðslu úr deildum sjóðsins, styrk- og lánveitingar.

Stjórnin ræður forstjóra og annað starfsmann sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna. Heimilt er þó stjórninni að semja við Lánasjóð sveitarfélaga eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

4. gr.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrar deildar um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennu deild hans.

5. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu kr. 50.00 fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við þjóðskrá 1. desember undanfarið ár.
- b. 0.25% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag ríkissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkvæmt stafliðum a og b þessarar greinar.
- d. Vextir af fé sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

- a. Í almennu deild sjóðsins renna 75% af framlögum sveitarfélaga skv. 5. gr. a-lið og jafnhá fjárhæð af framlagi ríkissjóðs skv. 5. gr. c-lið, svo og vaxtatekjur sjóðsins.
- b. Í búnaðardeild rennur allt framlag skv. 5. gr. b-lið, 25% af framlögum sveitarfélaga skv. 5. gr. a-lið og sá hluti af framlagi ríkissjóðs skv. 5. gr. c-lið, sem ekki rennur til almennu deildar sjóðsins skv. a-lið þessarar greinar.

7. gr.

Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Framlag ríkissjóðs greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir búvörugjald skv. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945 og greiðir Bjargráðasjóði hluta hans af gjaldinu skv. 5. gr. b-lið, eftir því sem gjaldið innheimtist.

8. gr.

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem óveðurs, flóða og vatnavaxta, skriðufalla, snjóflóða, jarðskjálfta og eldgosa.

9. gr.

Hlutverk búnaðardeildar er að veita einstaklingum eða sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til

- a. að bæta meiri háttar tjón vegna búfjárdauða af völdum sjúkdóma eða af slysum, þegar gáleysi eiganda verður eigi um kennt;
- b. fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða ópurrika til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár;
- c. að bæta uppskerubrest á garðávöxtum;
- d. að veita fjárhagsaðstoð vegna verulegs afurðatjóns á sauðfé og nautgripum. Um fjárhagsaðstoð skv. grein þessari fer skv. reglum, er sjóðstjórn setur.

10. gr.

Fjárhagsaðstoð þegga deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er ýmist fólgin í styrkveitingum eða veitingu vaxtalausra lána. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár. Ef um meiri háttar tjón er að ræða, er sjóðstjórn heimilt að veita fyrirgreiðslu eingöngu í formi styrkja.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða fyrirtækjum úr deildum sjóðsins, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem sjóðstjórn metur gilda.

Um sóknir um aðstoð skulu hafa borizt stjórn sjóðsins innan eins árs, frá því að tjón varð, ella verða þær ekki teknar til greina.

11. gr.

Nú er um að tefla almenn bótaskyld tjón í einu byggðarlagi eða fleirum, og getur þá stjórn Bjargráðasjóðs skipað nefnd til þess að rannsaka tjónin og gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðstoð vegna þeirra.

Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins, sem veitir aðstoð vegna tjónanna.

12. gr.

Nú hefur sveitarstjórn notið aðstoðar Bjargráðasjóðs vegna samfellds harðæris í tvö ár eða lengur, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að ákveða, að frekari aðstoð til sveitarstjórnarinnar skuli vera styrkur, ef um er að ræða áframhaldandi samfellt harðæri í sveitarfélaginu, enda verði tjón af völdum harðærisins talið nema a. m. k. þriðjungji tekna sveitarsjóðs á því ári.

13. gr.

Séreignir sýslu- og bæjarfélaga við gildistöku laga þessara skulu vera í vörzlu almennu deildar sjóðsins og ávaxtast í Lánasjóði sveitarfélaga, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til þessarar séreignar sinnar til útbýtingar eftir reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun að fengnu álitni stjórnar sjóðsins. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn sjóðsins að úthlutun lokinni.

Heimilt er stjórn Bjargráðasjóðs að veita deildum sjóðsins lán af séreignafé skv. þessari grein gegn almennum vöxtum af sparifé.

14. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir febrúarlök ár hvert. Sjóðstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins, og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Að endurskoðun lokinni skal birta reikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkv. 8.—13. gr. laga þessara, skal ávaxtað í Lánasjóði sveitarfélaga og banka með ríkisábyrgð samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Nú hrekkur fé annarrar hvorrar deildar sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum og að mati sjóðstjórnar, og er þá sjóðstjórninni heimilt að lána fé milli deilda án vaxta. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins.

16. gr.

Skuldabréf fyrir lánnum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt 15. gr. laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Einnig skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánnum, sem sjóðurinn veitir, svo og skuldabréf til sveitarfélaga vegna endurlána til einstaklinga.

17. gr.

Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans, þ. á m. nánari skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar, um upplýsingar, vottorð og önnur gögn, sem fylgja skulu umsóknum, og um dráttarvexti af vanskilagreiðslum.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 82 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands, lög nr. 84 frá 31. desember 1968, lög nr. 99 frá 31. desember 1969 og lög nr. 72 frá 30. apríl 1970, öll um breytingu á hinum fyrstnefndu lögum.

Gjört i Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist:

Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags, sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um, hverju þeirra það skuli tilheyra, sker félagsmálaráðuneytið úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um orlof húsmæðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kvenfélagasamband Íslands skiptir landinu í orlofssvæði með tilliti til framkvæmdar laga þessara um orlof húsmæðra. Fer skiptingin fram á landsþingi sambandsins. Ekki má skipta sveitarfélagi milli orlofssvæða.

2. gr.

Héraðssambönd Kvenfélagasambands Íslands kjósa á ársfundi orlofsnefndir fyrir orlofssvæðin hver í sínu umdæmi.

Í orlofsnefnd skulu vera þrjár konur og þrjár til vara, kosnar til þriggja ára í senn.

Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum.

Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

3. gr.

Orlofsnefndir skipuleggja orlof húsmæðra hver í sínu umdæmi og sjá um rekstur orlofsheimila.

4. gr.

Greiða má fararstjórum þóknun, hvort sem þeir eru í orlofsnefnd eða ekki.

Heimilt er orlofsnefndum að greiða fyrir framkvæmdastjórn og gjaldkerastörf á þeim stöðum, þar sem nefndir reka orlofsheimili á eigin ábyrgð.

Að öðru leyti skulu orlofsnefndir vera ólaunaðar.

5. gr.

Kostnað vegna orlofs húsmæðra greiða þessir aðilar:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 100.00 fyrir hverja húsmóður í landinu. Heimilt er félagsmálaráðuneytinu að skipta ríkisframlaginu milli orlofssvæða í hlutfalli við fólksfjölda.
2. Sveitarfélög greiði eigi minna en 50% á móti framlagi ríkissjóðs.
3. Heimilt er að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef aðrar tekjur nægja ekki. Fer það eftir ákvörðun hverrar einstakrar orlofsnefndar.

Heimilt er orlofsnefndum að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof.

Þegar valið er úr umsóknum, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna og aðrar félagslegar aðstæður kvennanna. Æskilegt er, að orlofsdvöl sé ekki skemmri en 7—10 dagar.

Verði orlofsdvöl ekki við komið, er heimilt að nota orlofsfé, sem veitt er skv. lögum þessum, til ferðalags fyrir húsmæður.

7. gr.

Heimilt er orlofsnefndum að nota allt að 20% af framlagi ríkis og sveitarfélaga til þess að greiða kostnað vegna barna orlofskvenna á barnaheimili eða annars staðar, meðan á orlofsdvöl stendur.

Konur, sem eiga tvö börn eða fleiri innan 7 ára aldurs, skulu að jafnaði sitja fyrir um þessar greiðslur.

8. gr.

Heimilt er orlofsnefndum að verja nokkurri fjárhæð þriðja hvert ár til þess að senda fulltrúa á sameiginlega ráðstefnu, er hefur það hlutverk að samræma fyrirkomulag orlofsins og kynna starfshætti á hinum ýmsu orlofssvæðum.

Skal orlofsnefndin í Reykjavík hafa frumkvæði um að kalla saman hina fyrstu ráðstefnu.

9. gr.

Félagsmálaráðuneytið sér um prentun umsóknareyðublaða um orlof húsmæðra og sendir þau orlofsnefndum.

10. gr.

Orlofsnefndir geta leitað fyrirreiðslu hjá félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu og öðrum hlutaðeigendum um afnot skóla eða annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar.

11. gr.

Skylt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum fyrir þann tíma, sem ráðuneytið ákveður.

Orlofsnefndir gefi skýrslur um starfið á aðalfundi viðkomandi héraðssambands.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi skipting landsins í orlofssvæði skal vera óbreytt til næsta landsfundar Kvenfélagasambands Íslands.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

2. gr.

2.—3. málsl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um kosningu kjörbréfanefndar samkv. 4. gr.

3. gr.

Orðin „og skulu laun hans ákveðin í launalögum“ í 2. málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

4. gr.

13. gr. laganna falli niður. Greinatala breytist samkv. þessu.

5. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3. atvinnumálanefnd, skipuð 7 mönnum,
4. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þings-ályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum, sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um, ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem þingið ákveður.

Hvor þingdeild skal og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar. Fastanefndir skulu í hvorri deild vera sem hér segir, skipaðar allt að 7 mönnum hver nefnd:

- 1) fjárhags- og viðskiptanefnd,
- 2) samgöngunefnd,
- 3) landbúnaðarnefnd,
- 4) sjávarútvegsnefnd,
- 5) iðnaðarnefnd,
- 6) félagsmálanefnd,
- 7) heilbrigðis- og trygginganefnd,
- 8) menntamálanefnd,
- 9) allsherjarnefnd.

Hver fastanefnd þingsins og deilda þess kýs sér formann, varaformann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd ihugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála, sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar.

Heimilt er þó hvorri deild eða sameinuðu þingi að kjósa lausanefndir til að ihuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara. Einnig er sameinuðu þingi eða hvorri deild heimilt að ákveða, að fastanefnd vinni að athugun máls milli þinga.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Visa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

6. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er því var útbýtt.

7. gr.

Orðin „og skal það prentað og því útbýtt“ í 25. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Í stað „má“ í 3. málgr. 29. gr. laganna komi: skal.

9. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftari en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

b. Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftari en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

10. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. lög nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftari en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjanda 5 mínútur í senn, en aðrir þingmenn eða ráðherrar 2 mínútur í senn.

Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. lög nr. 99/1952) falli niður.

12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

- a. Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð.
- b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umræða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umræða.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórn málaumræðum. Hver þingflokkur fær til umræða hálf klukkustund.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umræða þrjátíu mínútur.

Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið, að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti tekur þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild, að lokinni umræðu, hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20. gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Á eftir 62. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Umræður þingdeildanna og sameinaðs þings, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum.

22. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og“ í 64. gr. laganna falli niður og enn fremur síðasti málsl. lagagreinarinnar.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alfaro, Edward Achilles, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 9. maí 1964.
2. Ashkenazy, Vladimir Davidovich, píanóleikari, f. í Sovétríkjunum 6. júlí 1937.

3. Banke, Arne Kurt Larsen, vélamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1946.
4. Bjarnarson, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 7. september 1948.
5. Boucher, Alan Estcourt, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 3. janúar 1918.
6. Boucher, Alice Kristín, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Englandi 7. maí 1944.
7. Boucher, Robin Gunnar Esteourt, flugmaður í Reykjavík, f. í Englandi 15. september 1947.
8. Davidsen, Hans Kári, sjómaður í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 5. október 1942.
9. Debes, Katora Margreta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. janúar 1909.
10. Flego, Silvan Dragutin, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 1. desember 1938.
11. Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
12. Hansen, Conny Elinor, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1941.
13. Hansen, Jens Aage Vesterlund, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. október 1944.
14. Hodge, Susan Penelope, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 24. marz 1939.
15. Holton, Thomas Albert, markaðssérfræðingur á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 23. janúar 1933.
16. Hólmfríður Magnúsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 22. júlí 1967.
17. Jacobsen, Hanna Sigurlaug Þorkels, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 19. marz 1951.
18. Jerke, Monika Karla Carmen, verkakona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. nóvember 1945.
19. Joensen, Jens Elias Sören Frederik, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. október 1911.
20. Jones, Gunnar David, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 10. febrúar 1946.
21. Jóhann Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
22. Knudsen, Hans Albert, flugmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. október 1947.
23. Kreidler, Helmut Karl, gleraugnasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. júní 1938.
24. Mörköre, Jörgen Jörgensen, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 1. janúar 1918.
25. Quinn, Patricia, verkakona í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
26. Retana, Vicente Gomez, bókbindari í Reykjavík, f. á Spáni 9. júlí 1938.
27. Roth, Björn, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 26. apríl 1961.
28. Roth, Karl, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 17. nóvember 1957.
29. Roth, Vera, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1963.
30. Salters, Doris, húsmóðir í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 21. ágúst 1946.
31. Sigurjón Einarsson, barn í Hafnarfirði, f. í Sviss 16. apríl 1968.
32. Steele, Anna Elín, nemandi í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 1. ágúst 1954.
33. Sörensen, Benny Torkild, verkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 1. maí 1938.
34. Tausen, Hendrik Óli, sjómaður á Flateyri, f. í Færeyjum 10. júlí 1944.
35. Tuvina, Elena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 13. júní 1935.
36. Wiebel, Claudia Anita, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. október 1943.
37. Wiebel, Mikael Jochen Robert, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1965.
38. Winther, Andrea Kristina, húsmóðir, Miðskála undir Eyjafjöllum, f. í Færeyjum 25. ágúst 1934.
39. Zurková, Marie Jaroslava, húsmóðir á Dalvík, f. í Tékkóslóvakíu 11. marz 1932.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannaöfn. Heimilt er dómsmálaráðherra að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um lögglumenn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið heldur uppi starfsemi lögregluliðs, sem hefur það verkefni að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, stemma stigu við lögbrotum og vinna að uppljóstrun brota, sem framin eru, samkvæmt því, sem nánar greinir í V. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961.

2. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi.

Sýslumenn eru lögreglustjórar í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögreglustjórn í umdæmi sínu.

Ráðherra getur ákveðið, að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttáð.

3. gr.

Ráðherra ákveður tölu lögreglumanna í hverju umdæmi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. þó 3. mgr.

Ráðherra setur reglur um störf og starfssvið lögreglumanna og skipar þá í störf sín. Hann getur og sett reglur um starfsstig innan lögregluliðs.

Ekki má skipa í lögreglumannsstarf, nema fé hafi verið veitt til þess í fjárlögum, bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið umfram hið fasta lögreglulið, getur hann bætt við varalögglumönnum um afmarkaðan tíma. Varalögglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

4. gr.

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Tollverðir, sem voru í starfi fyrir gildistöku laga nr. 56/1963, verða þó ekki kvaddir til lögreglustarfa gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, með samkomulagi við fjármálaráðherra, að lögreglumenn skuli gegna tollgæzlustörfum jafnframt öðrum löggæzlustörfum, eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum, sem settar eru í samráði við tollgæzlustjóra. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin, skal þess getið við auglýsingu á lögreglumannsstarfi.

5. gr.

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

6. gr.

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra mælt svo fyrir, að lögreglulið skuli gegna löggæzlustörfum utan umdæmis síns, og ákveður þá jafnframt, hver skuli fara með stjórn þess.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

7. gr.

Að fengnum tillögum sýslunefndar er ráðherra heimilt að ákveða, að í lög-sagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum, þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Ráðherra setur reglur um störf héraðslögreglumanna og um greiðslu kostnaðar vegna þeirra.

Lögreglustjóri getur heimilað héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða kostnað af þeirri löggæzlu, samkvæmt reglum, sem ráðherra setur.

Enn fremur má í slíkum reglum kveða á um greiðslu kostnaðar af gæzlustörfum vegna framkvæmda á almannafæri, þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæzlu.

9. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnámskeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

10. gr.

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna, og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði kostnað við framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögnum greiddur af öðrum aðilum.

13. gr.

Frá 1. janúar 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn mánaðarlegri endurgreiðslu úr ríkissjóði allt til 31. desember 1972, að kostnaðargreiðslur færast til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

Lögreglumenn, sem verið hafa í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögreglumaður, sem ekki kys þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslufélagsins með kjörum skv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans.

Sveitar- eða sýslufélagi er óheimilt að gera breytingar á þeim samningi eða gera sérsamninga við lögreglumenn, enda fer um almennar breytingar á þeim kjarasamningum eftir reglum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Um mál þeirra lögreglumanna, sem ekki kjósa að gerast ríkisstarfsmenn fyrir 31. desember 1973, þegar gildistíma núgildandi kjarasamnings þeirra lýkur, skal farið eftir almennum reglum um niðurlagningu stöðu í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

14. gr.

Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum.

Ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélög hafa gert í þágu lögreglunnar. Um aðrar óloknar skuldbindingar sveitar- eða sýslufélags vegna ráðstafana í þágu lögreglunnar fer eftir samkomulagi aðila og má leggja ágreining undir mat dómkvaddra manna.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 56 20. apríl 1963, um lögreglumenn.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 33. gr. komi ný grein, sem verður 34. gr., svo hljóðandi:

Bannað er að henda hvers konar netum, vörpum eða öðrum veiðarfærum eða hlutum úr þeim í sjó.

Varðar slíkt refsingu samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 3. gr. 1. nr. 14/1968, orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams- tjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í þágu skips. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1972.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um getraunir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að stofna félag, Íslenzkar Getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Ungmennafélags Íslands eða Íþróttasambands Íslands.

2. gr.

Félagið starfrækir getraunir, en með getraunum er átt við, að á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir).

Verð eininga (raða) eða miða skal ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum frá stjórn Íslenzkra Getrauna.

3. gr.

Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni Íslenzkra Getrauna, sbr. þó 5. gr.

Íslenzkum Getraunum skal stjórnað af fimm manna stjórn, sem sé skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila:

Íþróttanefnd ríkisins.

Stjórn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ).

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ).

Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Starfstími stjórnarinnar er þrjú ár.

Dóknun til stjórnarinnar ákveður menntamálaráðuneytið og greiðist hún af Íslenzkum Getraunum.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu getrauna, að fengnum tillögum stjórnar Íslenzkra Getrauna, og hefur eftirlit með starfrækslu getrauna. Kostnaður við eftirlitið greiðist af Íslenzkum Getraunum, samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

6. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ræður félaginu starfsfólk og setur því erindisbréf. Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ársreikning ásamt ársskýrslu skal senda dómsmálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu.

7. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ákveður, hverjum veitist söluumboð, og kveður á um sölulaun.

Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra gangi fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs.

Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

8. gr.

Til kostnaðar við íþróttagetraunir telst greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. allt að því, að greiðslan nemur 475 þús. kr. á ári, og eftir að þeirri fjárhæð er náð, greiðist til KSÍ 7500 kr. af hverri milljón.

Einnig teljist til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenzkar Getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

9. gr.

Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hafa verið greidd, skal ágóði skiptast þannig:

Til íþróttasjóðs 10%.

Til Ungmennafélags Íslands 20%.

Til Íþróttasambands Íslands 70%.

10. gr.

Öllum öðrum en Íslenzkum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

12. gr.

Leggist starfræksla getrauna niður, skulu eignir félagsins varðveitast hjá íþróttanefnd ríkisins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 84/1940 og nr. 69/1952.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um stofnun og slit hjúskapar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hjónavígsluskilyrði.

1. gr.

Karl eða kona, sem eru yngri en 18 ára, mega ekki stofna til hjúskapar, nema leyfi dómsmálaráðuneytis komi til.

2. gr.

Nú er annað hjónaefna yngra en 20 ára, og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður.

Nú er annað foreldra látið, geðveikt eða hálfviti eða fer ekki með foreldraráð eða miklir örðugleikar eru á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú gegnir þessu um báða foreldra, og þarf þá samþykki lögráðamanns.

3. gr.

Nú er maður sviptur lögræði, og getur hann þá eigi stofnað til hjúskapar að svo förnun án samþykkis lögráðamanns.

4. gr.

Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur dómsmálaráðuneyti þá leyft vígsluna, ef ekki var gild ástæða til synjunar.

5. gr.

Geðveikur maður eða hálfviti getur ekki stofnað til hjúskapar, nema dómsmálaráðuneyti leyfi.

6. gr.

Hvorki má vígja skyldmenni í beinan legg né systkin.

7. gr.

Kjörforeldri og kjörbarn mega ekki stofna til hjúskapar, nema ættleiðing sé niður felld.

8. gr.

Eigi má vígja mann og skyldmenni þess í beinan legg, er hann áður átti, nema dómsmálaráðuneyti leyfi.

9. gr.

Eigi má vígja mann, sem giftur er fyrir.

10. gr.

Nú hefur hjónaefni verið gift, og má þá eigi vígja það, nema bú hjónanna hafi verið tekið til opinberra skipta eða einkaskiptum sé lokið. Þetta gildir þó ekki, ef fullkomin séreignaskipan hefur verið á fjármálum hjóna. Dómsmálaráðuneyti getur leyst undan þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á.

II. KAFLI

Könnun á hjónavígsluskilyrðum.

11. gr.

Áður en hjónavígsla fer fram, skulu hjónaefni sanna, að könnun hafi átt sér stað á hjónavígsluskilyrðum samkvæmt því, sem segir í þessum kafla, og að lög tálmi ekki ráðahagnum. Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um könnun á hjónavígsluskilyrðum, þ. á m. um þau skilríki, sem rétt er að krefja hjónaefni um við gæzlu þessara skilyrða, svo sem læknisvottorð og yfirlýsingu hjónaefna um, að þau viti ekki um tálma á hjúskap þeirra.

12. gr.

Löggildir vígslumenn samkvæmt ákvæðum þessa kafla annast um könnun á hjónavígsluskilyrðum, og fer hún fram í lögsagnarumdæmi, þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt lögheimili hér á landi, og fer könnun þá fram þar í umdæmi, sem annað þeirra dvelst. Til tryggingar krefur vígslumaður hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgjast, að enginn tálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap.

13. gr.

Hjónavígsla má ekki fara fram, nema fyrir liggi vottorð frá vígslumanni samkvæmt 12. gr. um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt. Vottorð þetta má þó ekki vera meira en fjögurra mánaða gamalt.

Nú er annað hjónaefna hættulega sjúkt, og má hjónavígsla þá fara fram, þótt könnun hjónavígsluskilyrða hafi ekki átt sér stað.

Nú er vígslumanni kunnugt um hjúskapartálma, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þótt fullgildu vottorði samkvæmt 1. málsg. sé til að dreifa.

III. KAFLI

Hjónavígsla.

14. gr.

Hjúskapur er lögmætur, hvort sem hann er stofnaður fyrir presti (forstöðumanni safnaðar) eða veraldlegum vígslumanni.

15. gr.

Kirkjuleg hjónavígsla er heimil:

1. Innan þjóðkirkjunnar, ef annað hjónaefni heyrir henni til.
2. Innan annars löggilts trúfélags hér á landi, ef annað hjónaefna heyrir trúfélaginu til.

Dómsmálaráðuneyti getur veitt erlendum evangelísk-lútherskum mönnum sama rétt til kirkjulegrar hjónavígslu sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

16. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega hjónavígslu innan kirkju sinnar. Hinu sama gegnir um presta eða forstöðumenn annarra héraðra trúfélaga, sem fengið hafa löggildingu dómsmálaráðuneytis til að annast hjónavígslu. Þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, er heimilt að framkvæma hjónavígslu í umboði viðkomandi sóknarprestis þjóðkirkjunnar.

Kirkjumálaráðuneyti setur, að fengnum tillögum biskups, reglur um, hvaða prestar innan þjóðkirkjunnar hafi heimild til hjónavígslu og hvenær þeim sé skylt að framkvæma hjónavígslu.

17. gr.

Borgaraleg hjónavígsla er öllum kræf, jafnt þeim, sem eiga kröfu á kirkjulegri vígslu, sem öðrum.

18. gr.

Borgaralega hjónavígslu framkvæma sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík yfirborgardómari og borgardómarar. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður utan Reykjavíkur, er hann einnig vígslumaður. Fulltrúar greindra embættismanna, sem löggiltir eru til dómsstarfa, eru einnig vígslumenn.

19. gr.

Kirkjumálaráðuneytið getur löggilt íslenska presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis.

Utanríkisráðuneyti getur, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti, sett reglur um heimild starfsmanna í íslenskum sendiráðum, er hafa diplómatiska stöðu, til að framkvæma hjónavígslur erlendis, svo og um heimild ræðismanna Íslands erlendis í sama skyni.

Ákvæði laga þessara um hjónavígsluskilyrði, könnun þeirra, svo og hjónavígslu, gilda einnig um hjónavígslur samkvæmt 1. og 2. málsgrein. Könnun hjónavígsluskilyrða getur farið fram af hálfu vígslumanna samkvæmt 1. og 2. málsgrein.

Heimilt er að ákveða með samningi við erlent ríki, að hjónabönd, sem til er stofnað hér á landi fyrir prestum frá viðkomandi ríki eða starfsmönnum í sendiráði þess hér á landi eða fyrir útsendum ræðismanni þess hér, séu gild hér á landi.

20. gr.

Borgaraleg hjónavígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni verði á annað sátt.

Kirkjuleg hjónavígsla fer fram í kirkju, nema vígslumaður og hjónaefni samþykki annað.

21. gr.

Hjónavígsla skal fara fram í viðurvist tveggja vitna.

Vígslumaður spyr hjónaefni, sem bæði eru viðstödd, hvort fyrir sig, hvort þau vilji stofna til hjúskapar, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því.

Ráðuneyti þau, sem í hlut eiga, setja nánari reglur um framkvæmd borgaralegrar og kirkjulegrar hjónavígslu, og má leggja sektir við vangæzlu þeirra reglna.

22. gr.

Hjónavígsla er gild, ef lögmætur vígslumaður hefur framkvæmt hana, enda hafi hann gætt þeirra reglna, sem greinir í 2. málsgrein 21. gr.

Nú er hjónavígsla ógild samkvæmt 1. málsgrein, og getur dómsmálaráðuneyti þá lýst hana gilda, ef sérstakar ástæður mæla með því.

23. gr.

Um færslu embættisbóka í sambandi við hjónavígslur og skil á skýrslum um það efni fer eftir þeim lögum og öðrum réttarreglum, sem um það efni gilda eða sett kunna að verða. Sama er um greiðslu, sem hjónaefnum er skylt að gjalda fyrir hjónavígslu, svo og um greiðslu fyrir vottorð. Heimilt er að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð, er dómsmálaráðuneyti setur.

Nú framkvæmir forstöðumaður (prestur) löggilts trúfélags hjónavígslu, og gilda þá framangreindar reglur um þá hjónavígslu, en heimilt er að öðru leyti að viðhæfa þá helgisiði, er reglur eða venjur trúfélags segja til um.

IV. KAFLI

Ógilding hjúskapar.

24. gr.

Nú brýtur hjúskapur í bága við ákvæði 6. eða 9. gr., og skal þá ógilda hann með dómi. Ef hjúskapur gengur í berhögg við ákvæði 9. gr., er ekki unnt að ógilda hann, ef fyrra hjúskap er lokið, áður en mál er höfðað.

Mál til ógildingar hjúskapar samkvæmt þessum ákvæðum má höfða af hendi dómsmálaráðherra eða annars hvors hjóna. Ef ógilding hjúskapar er reist á ákvæði 9. gr., er málshöfðun einnig heimil því hjóna úr eldra hjúskap, sem tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

25. gr.

Annað hjóna getur krafizt ógildingar hjúskapar síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær, þegar vígsla fór fram, eða að öðru leyti svo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.
2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundizt hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.
3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því að villa vísvitandi á sér heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjúskapnum, ef vitað hefði.
4. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar verður ekki höfðað, eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því að ástandi lauk, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2. eða 3. lið eða frá því að nauðung létti samkvæmt 4. lið. Hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál ekki höfðað, eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu.

26. gr.

Ógilding hjúskapar hefur sömu áhrif að lögum og lögskilnaður, nema annars sé getið í lögum.

27. gr.

Við skipti vegna ógildingar hjúskapar tekur hvort hjóna að óskiptu verðmæti úr hjúskapareign, sem svarar til þess, er það flutti í búíð, er til hjúskapar var stofnað, og til þess, sem síðar hefur bætzt því vegna gjafar eða arfs, og enn fremur virði þess, sem það hefur flutt frá séreign sinni til hjúskapareignar sinnar. Nú hrökkva eigur bús ekki til að fullnægja kröfum hvors um sig, og ber þá að lækka þær að tiltölu. Nú hefur annað hjóna gefið hinu eitthvað til séreignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

28. gr.

Nú sætir hjúskapur ógildingu, og var annað hjónaefna grandlaust um ógildingarástæðu, þegar hjónavígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá hið fyrrnefnda krafizt hæfilegra bóta af hinu. Bætur ber að miða við kjör beggja og atvik að öðru leyti.

29. gr.

Nú deyr annað hjóna, áður en hjónaband sætir ógildingu, sem ógildanlegt er samkvæmt 24. gr., og getur þá hitt eða erfingjar hins látna krafizt þess, að sérreglum

um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt. Auk þess getur það hjóna, sem lifir, krafizt bóta samkvæmt 28. gr.

Sama rétt á það hjóna, sem gat höfðað mál samkvæmt 25. gr., þegar hitt hjóna andast, áður en ógilding hefur átt sér stað, enda séu málshöfðunarfrestir ekki liðnir. Nú er ógildingarmál höfðað og maki andast eftir það, og er þá erfingjum hans heimilt að krefjast þess, að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt.

Kröfur samkvæmt 1. og 2. málsgrein ber að hafa uppi innan 6 mánaða frá andláti.

30. gr.

Nú andast það hjóna, sem stofnað hefur til hjúskapar andstætt ákvæði 9. gr., áður en hjúskapur sætir ógildingu, og skal þá líta svo á, að réttur gagnvart þriðja manni til bóta, lífeyris og eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður, beri eftirlifandi maka úr þeim hjúskap, sem tvíkvænishjúskapur braut í bága við, nema annað sé ljóst af atvikum.

V. KAFLI

Hjónaskilnaðir.

31. gr.

Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng, og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar, enda séu þau á eitt sátt um skipan forráða fyrir börnum, um framfærslueyri með börnum og milli hjóna innbyrðis og annað tveggja sé samkomulag um fjárskipti eða skiptaráðandi hafi tekið eigur bús til uppskriftar og skiptameðferðar.

32. gr.

Nú sýnir annað hjóna af sér mikla vanrækslu á framfærsluskyldum sínum gagnvart hinu eða börnum, sem því er skylt að framfæra, eða brýtur að öðru leyti mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, og á þá hitt rétt á leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Sama gegnir, ef ósamlyndi milli hjóna er orðið svo magnað, að eigi þyki mega una frekari samvistum, enda skal þá veita skilnað, nema ósamlyndi sé aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

Nú er til að dreifa lögskilnaðarástæðu samkvæmt ákvæðum þeim, er fara hér á eftir, og getur maki þá krafizt skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar, ef svo býður við að horfa.

33. gr.

Nú takast aftur samvistir með hjónum, sem skilið hafa að borði og sæng, og falla þá niður réttaráhrif skilnaðarins.

34. gr.

Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng og hafa eigi verið samvistum, sbr. 33. gr., og á þá hvort þeirra um sig kröfu til að fá lögskilnað, þegar eitt ár er liðið frá því, að þau hlutu leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

35. gr.

Nú hafa hjón slitið samvistir vegna ósamlyndis, og getur þá hvort þeirra krafizt lögskilnaðar, þegar samvistaslit hafa staðið í 3 ár.

36. gr.

Nú hefur annað hjóna slitið samvistir gegn vilja hins og án fullnægjandi til-efnis, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, þegar samvistaslit hafa staðið í 2 ár.

37. gr.

Nú er annað hjóna horfið og ekki hefur spurzt til þess í 3 ár, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar.

38. gr.

Nú hefur annað hjóna stofnað til hjúskapar andstætt ákvæðum 9. gr., og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar á hjúskap sínum, er tvíkvænishjúskapur gengur í berhöggi við.

39. gr.

Nú hefur annað hjóna orðið bert að hjúskaparbroti eða atferli, sem jafna má til þess, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á verknaðinn eða stutt að framgangi hans.

Ákveða má, að aðeins verði dæmt til skilnaðar að borði og sæng eða veitt leyfi til hans í stað lögskilnaðar, þegar tillitið til barna hjóna eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því.

Mál skal höfða eða afhenda umsókn um leyfi til skilnaðar innan 6 mánaða frá því, að maka varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 2 ára frá því, að hann var framinn.

40. gr.

Nú hefur annað hjóna sótt eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, enda hafi það ekki lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Höfða skal mál eða afhenda umsókn um leyfi til lögskilnaðar innan eins árs frá því, að maka varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því, að hann var framinn.

41. gr.

Nú hefur íslenzkur dómstóll dæmt annað hjóna til refsivistar í 2 ár eða lengur eða til öryggisgæzlu, og getur þá hitt krafizt lögskilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á verknaðinn eða sjálfviljugt stuðlað að framgangi hans. Nú hefur erlendur dómstóll kveðið upp dóminn, og er þá heimilt að telja þann dóm hafa sömu réttaráhrif, ef tillitið til háttsemi þeirrar, sem maður er talinn sekur um, og atvika máls að öðru leyti mælir með því.

Mál skal höfða eða afhenda umsókn um lögskilnað innan eins árs frá því, að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en 3 árum frá uppsögn hans.

42. gr.

Nú hefur annað hjóna verið haldið geðveiki 3 ár eða lengur, og getur hitt þá krafizt lögskilnaðar. Ef sérstakar ástæður mæla með því, má dæma til lögskilnaðar eða veita leyfi til hans, þótt sjúkdómurinn hafi ekki staðið í 3 ár.

43. gr.

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng samkvæmt 31. gr. veita bæjarfógetar og sýslumenn, í Reykjavík yfirborgardómari, og lögreglustjórnir í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli.

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng samkvæmt 32. gr. veitir dómsmálaráðuneyti. Nú hefur ráðuneytið synjað um leyfi, og má þá krefjast skilnaðar að borði og sæng samkvæmt þessu ákvæði fyrir dómstólum.

Dómsmálaráðuneyti veitir leyfi til lögskilnaðar samkvæmt 34. gr. Lögskilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum má leita hvort heldur fyrir dómsmálaráðuneyti eða dómstólum. Synjun ráðuneytis er því ekki til fyrirstöðu, að lögskilnaðar sé leitað fyrir dómstól.

44. gr.

Áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða umsókn er afhent um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að framhaldandi sambúð. Sáttanefnd leitar um sættir, ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfélagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfélags. Mál er ekki unnt að höfða eða leyfi hægt að veita, nema sáttatilaun hafi átt sér stað á síðustu 6 mánuðum.

Nú sækir annað hjóna ekki sáttafund, þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis, og er þá nægilegt að reyna sættir með hinu. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá ekki að reyna sættir með því.

Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, ef þau dvelja hér á landi og eigi hvorugt lengri leið en 100 kílómetra til fundarstaðar. Nú búa þau í meiri fjarska, og skal þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú sækir annað hjóna ekki löglega boðaðan sáttafund, og varðar það sektum, nema lögmæt forföll hamli.

Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd sátta, og má þar m. a. tiltaka, hversu lengi sáttatilaunir geti staðið. Ákveða má í reglunum, að könnun á málefnum hjóna og sáttatilaun í stofnun um fjölskylduráðgjöf komi í stað sátta samkvæmt 1. málsgrein.

45. gr.

Áður en leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar, skal yfirvald reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan foreldraráða yfir börnum og um framfærslueyri og um aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu og staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir yfirvaldi, svo og staðfesta umsókn um skilnað og lýsa horfi sínu til hennar. Umsókn um skilnaðarleyfi skal fylgja vottorð um, að sættir hafi verið reyndar, svo og endurrit úr hjónaskilnaðarbók, eftir því sem við á.

Dómsmálaráðuneyti setur nánari reglur um umleitun yfirvalds samkvæmt 1. málsgrein.

46. gr.

Þeir skilnaðarskilmálar, sem hjón hafa komið sér saman um eða ákveðnir hafa verið með öðrum hætti í tilefni leyfis til skilnaðar að borði og sæng, skulu einnig gilda eftir að lögskilnaður er fenginn, nema annars sé getið. Framfærslueyri með maka eftir lögskilnað kemur þó ekki til greina, nema þessa sé sérstaklega getið.

47. gr.

Þegar úrlausn er veitt um skilnað að borði og sæng og lögskilnað, ber að taka afstöðu til foreldraráða yfir sameiginlegum börnum hjóna, svo og um rétt foreldris til umgengni við börn.

Nú eru hjón á einu máli um forræði barna, og skal þá skipa máli í samræmi við það, nema í bága komi við þarfir barna. Í síðastgreindu tilviki, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefnum þessum til lykta, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem bezt hentar þörfum barnanna. Forræði barns skal vera óskipt hjá öðru hvoru foreldrinu.

Nú eru foreldrar ásáttir um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess, og skal dómsmálaráðuneyti þá staðfesta þá skipan, nema það komi í bága við þarfir barnsins. Ef foreldra greinir á um umgengnisréttinn, kveður dómsmálaráðuneyti svo á eftir ósk þess foreldris, sem ekki fær forræði barns, að það skuli eiga rétt til umgengni við barn, nema sérstök atvik mæli gegn því, og mælir nánar fyrir um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og

liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns við framkvæmd á rétti til umgengni.

Nú torveldar það hjóna, sem hefur forræði barns, að hitt hjóna fái að umgangast barnið, og er þá hægt að knýja það, að viðlögðum 50—500 kr. dagsektum, að láta af talmunum. Öðrum réttarfarsúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

48. gr.

Samningi um forræði barna, svo og ákvörðun dóms um forræðið, má breyta með dómi, ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna. Dómsmálaráðuneyti getur með sama skilorði breytt ákvörðunum sínum í þessu efni. Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytis.

49. gr.

Við úrlausn um skilnað að borði og sæng og um lögskilnað ber að taka ákvörðun um skyldu hjóna til að greiða framfærslueyri hvort með öðru. Eftir að lögskilnaður er veittur, verður öðru hjóna ekki gert að skyldu að greiða hinu framfærslueyri, nema sérstaklega standi á.

50. gr.

Nú næst ekki samkomulag um greiðslu framfærslueyris samkv. 49. gr., og leysir þá dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úr ágreiningnum. Framfærslueyri ákveður dómsmálaráðuneyti, ef það leysir úr máli, en yfirvald, ef dómstóll kveður á um skyldu til greiðslu framfærslueyris.

Við úrlausn samkvæmt 1. málsgrein skal við það miða, hvað ætla megi að krefjandi geti aflað sér sjálfur, svo og við það, hvað telja megi hitt hjóna aflögufært um. Þá skal einnig taka tillit til atvika að öðru leyti, þ. á m. hversu lengi hjúskapur hafi staðið og hvort krefjanda sé þörf á menntun eða endurhæfingu.

Skylda til greiðslu framfærslueyris fellur niður, þegar sá, sem rétt á til framfærslueyris, giftist af nýju eða þegar annað hvort hjónanna andast.

51. gr.

Nú hafa hjón komið sér saman um skyldu til greiðslu framfærslueyris eða um fjárhæð hans, og er þá unnt að breyta þessum samningi með dómi, enda sé sýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu.

52. gr.

Ákvæði dóms eða úrlausn ráðuneytis um framfærsluskyldu annars hjóna með hinu er unnt að breyta, ef verulega breyttar aðstæður og atvik að öðru leyti mæla með slíkri breytingu.

Yfirvald getur breytt ákvörðun sinni um fjárhæð framfærslueyris, ef atvik mæla með því.

53. gr.

Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forræði fyrir börnum hjóna, sem krafizt hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Ákvæði 47. gr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvæðum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun samkvæmt þessu ákvæði bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forræði barna til frambúðar.

54. gr.

Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar komið sér saman um fjárskipti sín, framfærsluskyldu eða aðra skilnaðarskilmála,

og er þá unnt með dómi að lýsa samning óskuldbindandi, ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað.

Dómsmál ber að höfða innan eins árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs.

Nú er freistað að hnekkja samningi með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga, og gilda þá greindir tímafrestir ekki.

VI. KAFLI

Ákvæði, er lúta að fjárskiptum vegna skilnaðar o. fl.

55. gr.

Um fjárskipti vegna skilnaðar fer samkvæmt VII. kap. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, og samkvæmt skiptalögum, nr. 3/1878, einkum 6. kap., svo og ákvæðum þeim, sem í þessum kafla greinir.

56. gr.

Um rétt maka til lífeyris eftir skilnað fer samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðslaga og annarra laga, sem um það gilda.

57. gr.

Nú stafa eigur bús, er skipta á vegna skilnaðar að borði og sæng, lögskilnaðar eða úrskurðar um slit á fjárfélagi, að mestu leyti frá öðru hjóna, er flutt hefur þær í bú með þeim hætti, er segir í 27. gr., og er þá heimilt að kveða svo á samkvæmt kröfu þess hjóna, að búi skuli skipta samkvæmt meginreglum 27. gr. að nokkru eða öllu leyti, enda teljist helmingaskipti á þessum verðmætum bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hafi staðið skamma stund og hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

58. gr.

Nú getur maki ekki innan marka þess hluta bús, sem fellur til hans, fengið nauðsynleg búsgögn og annað lausafé, sem er nauðsynlegt til að halda uppi heimili, og er þá heimilt samkvæmt kröfu hans að kveða svo á, að búshluti hans skuli aukast, enda séu ekki horfur á, að hann geti á annan hátt aflað sér þessara nauðsynja.

59. gr.

Unnt er að leggja maka muni út eftir virðingu, þótt verðmæti þeirra fari fram úr búshluta hans. Sá, er útlagningu fær, verður að greiða hinu þá fjárhæð, sem fram yfir er rétta tiltölu. Skiptaréttur getur ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að fjárhæð þessi sé greidd með afborgunum um tiltekinn tíma gegn tryggingu, er skiptaréttur áskilur, og með þeim vaxtakjörum, er hann tiltekur.

60. gr.

Nú höfðu hjón á leigu íbúðarhúsnæði, er hjúskap þeirra lauk, og fer þá eftir samkomulagi þeirra, hvort þeirra heldur áfram að búa í húsnæðinu. Nú greinir þau á, og skal þá dómsmálaráðuneyti eða dómstóll ákveða eftir öllum aðstæðum, hvort þeirra haldi áfram leigumála, og skal tillit sem mest tekið til þarfa hjóna og barna, sem hvort þeirra um sig hefur forræði fyrir.

VII. KAFLI

Um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl.

61. gr.

Hjúskaparmál eru hér nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar eða til sönnunar því, að hjónaband sé gilt eða ógilt.

62. gr.

Sá einn getur höfðað hjúskaparmál, sem öðlast vill dóm til viðurkenningar á því, að hann sé eða sé ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

63. gr.

Nú höfðar annar maður en annað hvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 67. gr.

64. gr.

Dómsmálaráðuneyti getur vegna gæzlu almennra hagsmuna látið hjúskaparmál til sín taka, hvort heldur í héraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðri dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í héraðsdómi.

Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almenna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra dómsmálaráðuneyti frá málavöxtum.

65. gr.

Hjón eiga forræði hjúskaparmáls, nema svipt séu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

Nú er annað hjóna eða bæði svipt lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað þess, er sviptur er lögræði, enda hafi hann samþykki yfir-lögráðanda til sóknar máls.

66. gr.

Hjúskaparmál má höfða hér á landi, ef stefndur á hér heima þá er mál er höfðað, eða eigi bæði hjónin þá íslenzkt ríkisfang, eða hafi síðasta sameiginlegt ríkisfang beggja verið íslenzkt, enda eigi þau nú ekki bæði ríkisfang í öðru og sama landi.

Hjúskaparmál má og höfða hér á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hér og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna eða skipt um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

Gera má aðra skipun á hér nefndum reglum, ef svo semst um við annað ríki.

67. gr.

Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur er heimilisfastur.

Nú hefur stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima.

Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá dómsmálaráðuneyti, hvar mál skuli höfða.

68. gr.

Nú er ógildingarmál höfðað að tilhlutun dómsmálaráðuneytis, og fer þá um rekstur þess að hætti opinberra mála, hvort sem refsingar er krafizt eða ekki, sbr. lög nr. 82/1961, 2. gr.

Dómsmálaráðuneyti getur látið fresta málssókn til ógildingar tvíkvænishjúskap, sérstaklega ef ætla má, að fyrra hjúskap verði bráðlega slitið.

Hjúskaparmál, sem einstaklingur sækir, fer að hætti einkamála, ef eigi er öðruvisi um mælt í lögum þessum.

69. gr.

Héraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða og báðir aðiljar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefur prestur eigi reynt sátt, áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu, ef aðiljar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

Nú leitar dómari eigi sátta samkvæmt 1. málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi um skilnaðarskilmála, áður en mál er dómtekið.

70. gr.

Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðilja eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafé, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

71. gr.

Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist án gildra ástæðna undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

Dómari getur og kvatt stefndan í dóm til þess að bera um málavexti eða heitfesta hann vegna skýrslu hans. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist án gildra ástæðna undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 72. gr., hverju það varði.

Ákvæði 124. gr. 1. málsgr. laga nr. 85/1936 gilda hér, eftir því sem við á.

72. gr.

Nú játar stefndur atriði, sem máli skiptir, og kemur játningin þá aðeins til álita sem sönnunargagn.

Slíkt hið sama gildir um útvíst stefnds, þögn og óákeðnar yfirlýsingar.

73. gr.

Hvor tveggja aðili getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli, unz mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta að nýju vegna nýrra dómkrafna.

Nú hefur hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og er dómur bindandi úrslit sakarefnis með þeim hætti, er segir í 195. gr. laga nr. 85/1936, nema öðruvisi segi í lögum þessum.

74. gr.

Aðildareiður er eigi heimill í hjúskaparmáli, nema svo standi á sem lýst er í 71. gr.

75. gr.

Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita bréflégrar yfirlýsingar sérfróðs embættismanns eða annars löggilts læknis, sé eigi kostur sérfræðings, og eftir atvikum bera mál undir læknaáð.

76. gr.

Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur án leyfis beggja aðilja birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerzt hefur í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100—10 000 króna sekt til ríkissjóðs.

77. gr.

Nú hefur öðrum aðilja eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sé aðili staddur utanlands eða sé ókunnugt um dvalarstað hans eða sé aðili sviptur lögræði vegna geðveiki.

78. gr.

Áfrýja skal héraðsdómi í hjúskaparmáli til æðri réttar innan 3 mánaða frá dómsuppsögn.

Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmæltis áfrýjunarfrests.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því aðeins að gagnaðili og dómsmálaráðuneyti hafi bréflaga fallið frá áfrýjun.

79. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna, áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

80. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfðað innan lögmæltis tíma, og fer þá um það samkvæmt 103. gr. laga nr. 85/1936 og 115. gr. laga nr. 82/1961, hvenær mál telst höfðað.

Nú er máli vísað frá dómi eða það felld niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarrestur sé þá liðinn.

81. gr.

Nú er beiðzt hjónaskilnaðar eða mál höfðað til ógildingar hjúskapar eða skilnaðar, og getur þá dómsmálaráðuneyti, ef ástæður þykja til og annað hjóna krefst þess, boðið hinu hjóna að raska eigi eignum þeim, sem til skipta koma, unz kveðið er á um skilnað eða ógildingu.

Nú sinnir maki eigi boði ráðuneytis samkvæmt 1. málsgrein, og getur hitt hjóna þá þegar krafizt fjárslita að lögum, sbr. 39. gr. laga nr. 20/1923.

Enn getur dómsmálaráðuneyti, ef sérstaklega stendur á og annað hjóna krefst þess, leyft því að slíta um stund samvistir við hitt og jafnframt gert því að greiða framfærslueyri með krefjanda og þeim börnum, sem hjá honum eru og hinu ber að framfæra. Fer þá um ákvörðun framfærslueyris samkvæmt 47. og 50. gr. laganna.

VIII. KAFLI
Gildistaka o. fl.

82. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1973.

83. gr.

Ákvæði 22. gr., 2. málsg. gilda einnig um hjónabönd, sem til er stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

84. gr.

Nú er sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá dæma um þá kröfu eða umsókn eftir eldri lögum. Ef bæði hjón óska þess, er þó unnt að heita reglum þessara laga.

Nú sætir hjúskapur ógildingu eftir gildistöku þessara laga, og fer þá um réttar-áhrif þeirrar ógildingar eftir ákvæðum þessara laga.

85. gr.

Nú er veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng í gildistíð eldri laga, og fer þá um lögskilnað á grundvelli þess leyfis eftir eldri lögum. Þó getur hvort hjóna um sig krafizt lögskilnaðar eftir 1. janúar 1973 án tillits til þessa ákvæðis.

Í þeim tilvikum, er greinir í 1. málsgrein, er heimilt að heita ákvæðum þessara laga, ef bæði hjónin óska þess.

86. gr.

Ákvæðum 47. gr. ber að heita um samninga og ákvarðanir um foreldraráð, einnig þegar samningur var gerður eða ákvörðun tekin í gildistíð eldri laga.

87. gr.

Ákvæðum 51. og 54. gr. verður aðeins beitt um samninga, sem gerðir eru eftir gildistöku laga þessara.

Breyting á úrlausnum um framfærslueyri, sem fram fara fyrir gildistöku laganna, hlítir ákvæðum þessara laga.

88. gr.

Ákvæðum VI. kafla laga þessara verður beitt um fjárskipti, ef leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar er gefið út eftir gildistöku laganna, svo og ef dómur, sem fellst á kröfu um skilnað eða ógildingu hjúskapar, er sagður upp eftir greint tímamark eða úrskurður gengur um slit fjárfélags eftir það.

89. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, svo og lög nr. 77 19. desember 1967 og lög nr. 34 5. maí 1969, bæði um breyting á lögum nr. 39 27. júní 1921, svo og það atriði í 13. gr. l. 36/1950, um ónæmisaðgerðir, er lýtur að hjónavígslu.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um vitagjald.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem er 5 rúmlestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, kr. 10,00 af hverri brúttórúmlest, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða kr. 1,50 í vitagjald af hverri rúmlest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannazt í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi í fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land.

Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 100,00 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

2. gr.

Tekjum af vitagjaldi skal varið til byggingar og viðhalds vitakerfis landsins.

3. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni vitagjalds dagbók skipsins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra sektum allt að kr. 100.000,00, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 17 11. júlí 1911, um vitagjald, með síðari breytingum skv. 1. gr. laga nr. 18 10. apríl 1946 og 19. gr. laga nr. 4 20. febrúar 1960.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1., 2. og 3. málsliður 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, sbr. lög nr. 4 3. febrúar 1970 um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felldir. Í stað orðsins „Kostnaðarhlutdeild“ í síðasta málslið 3. gr. sömu laga komi orðin: Greiðsla samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur greiðsla kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1968 niður frá og með 1. ágúst 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð það, er nú gildir. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal gilda frá og með 1. ágúst 1971, og skal lágmarksverð á aðaltegundum fiskafans, þorski og ýsu, hækka um 18—19%, en aðrar fisktegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um breyting á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 78/1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagsans og hjónabandið staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt.

2. gr.

Í 1. málsg. 17. gr. laganna breytist „16 ára“ á tveimur stöðum í: 18 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til útlanda í einkaerindum.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnskrárinna.

Í forsætisráðuneytinu, 31. maí 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

LEIÐRÉTTING

Í endurútgáfu áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, hefur 5. málsg. 28. gr. laganna fallið niður. Rétt 28. gr. er þannig:

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem best með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.

L Ö G

um Íþróttakennaraskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og réttindi.

1. gr.

Hlutverk Íþróttakennaraskóla Íslands er þrjúþætt:

- a) að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum, slysa hjálp, líkams- og heilsufræði í skólum;
- b) að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum og félagsstörfum hjá stofnunum, ungmenna- og íþróttafélögum;
- c) að efna árlega, ef þess er kostur, til námskeiða fyrir íþróttakennara í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands og námskeið fyrir væntanlega og starfandi leiðbeinendur í íþróttum í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

2. gr.

Próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands veitir full réttindi til íþróttakennslu.

Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 1. tl. 1. gr. laga nr. 38 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein, enda fullnægi þeir inntökuskilyrðum Kennaraháskólans að öðru leyti. Tilhögun viðbótar-námsins fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands og skólanefndar Íþróttakennaraskólans. Setja má í reglugerð ákvæði um lágmarkseinkunn frá Íþróttakennaraskólanum sem skilyrði fyrir inn-göngu í Kennaraháskólann.

3. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Námstími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður, auk íþróttakennslu í 70 kennslustundir að sumrinu. Hefur skólinn umsjón með kennslunni.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

- a) að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til ípróttaiðkana,
- b) að nemandi sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólaráðs,
- c) að nemandi sé eigi yngri en 18 ára á því ári, sem hann hefur nám.

5. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a) stúdentsprófi,
b) almennu kennaraprófi,
c) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraskólans,
d) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
2. Annað nám veitir og réttindi til inntöku, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.

Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.

3. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbætti ípróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
4. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í ípróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða ípróttafélags.

6. gr.

Stefnt skal að því að gera námsefni skólans þriðþætt: kjarna, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans.

Kjörsvið er það námsefni, greinar eða greinaflokkar, sem nemendur geta valið sér.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða kjörsviðs nemanda. Nemandi verður að geta unnið sjálfstætt að valgreinum, en skal velja sér þær í samráði við skólastjóra.

Í reglugerð skal kveða á um námsgreinar og vægi námsþátta.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Nánar skal kveðið á um námsefni í reglugerð, en skólanefnd ákveður námsefni á námskeiðum fyrir leiðbeinendur í samráði við Ungmennafélag Íslands, Ípróttasamband Íslands og sérsambönd þess, en fyrir ípróttakennara í samráði við Ípróttakennarafélag Íslands.

7. gr.

1. Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólaráði er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum á fyrra skólaári. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á ípróttakennaraprófsskírteini. Í reglugerð skal kveðið á um námsefni til prófs. Skal þar miðað við, að vægi einkunna sé í réttu hlutfalli við vinnu nemenda og kennslustundafjölda í hverri grein.

Við lokapróf skulu prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs.

2. Próf skulu fara fram í lok hvers námskeiðs fyrir leiðbeinendur. Viðkomandi sérsamband skipar þar prófdómara með samþykki skólastjóra.

Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

III. KAFLI

Stjórn og starfsmenn skólans.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólaráð skal þannig skipað: Skólastjóri, sem er formaður, fastir kennarar, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri stjórnar fundum, kveður skólaráð til funda reglulega og auk þess þegar þriðjungur skólaráðsmanna óskar. Kjörtímabil skólaráðs er eitt ár.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Íþróttfulltrúi ríkisins, sem er formaður, einn tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, einn af Ungmennafélagi Íslands, einn af Íþróttakennarafélagi Íslands og einn af nemendum. Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, nema nemenda eitt ár.

Ákveða skal nánar í reglugerð starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

9. gr.

Fastir starfsmenn skólans eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leitað umsagnar skólaráðs og skólanefndar.

Til að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein, sem yfirstjórn skólans metur gilt.

10. gr.

Skólinn skal vera svo vel búinn starfslíði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, og annazt íþróttakennslu í öðrum opinberum skólum að Laugarvatni.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við menntamálaráðuneytið.

11. gr.

Launakjör skólastjóra, kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn skólans ákveður kennsluskýldu skólastjóra. Námskeiðskennarar taka laun samkvæmt sömu reglum og gilda um stundakennslu. Þeir fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt gildandi reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

12. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda

í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum.

13. gr.

Óski kennari, sem starfað hefur við skólann í 10 ár, eftir orlofi í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda yfirstjórn skólans beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Beiðni um orlof skal leggja fram með árs fyrirvara. Skal þess gætt, að orlof kennara torveldi ekki störf skólans.

Yfirstjórn skólans getur veitt kennurum allt að ársorlof með fullum launum.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Skólinn hefur aðsetur að Laugarvatni, en ýmsir þættir í starfi hans mega fara fram á öðrum stöðum, eftir því sem þörf krefur og fjárhagur skólans leyfir.

15. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður skólans greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn IV. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, svo og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf skólaárs 1972.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um Tækniskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík og á Akureyri, sbr. 3. mgr. 7. gr. Meginmarkmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og skipar rektor og kennara, svo og skólanefnd.

3. gr.

Rektor skólans hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðuneytisins, starfsfólk skólans annað en fastráðna kennara.

Kennarar og starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum.

4. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem hafa lokið tæknifræðiprófi eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni.

5. gr.

Námstími í skólanum skal ákveðinn í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er, að skólinn starfi í deildum, og skal deildaskipun ákveðin í reglugerð. Nú er skólanum skipt í deildir, og skal þá heimilt að skipa deildarstjóra úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.

7. gr.

Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inntökuskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrra ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Enn fremur er heimilt að starfrækja raungreinadeild á Ísafirði.

Á næsta skólaári og framvegis skal starfrækt á Akureyri undirbúningsdeild og raungreinadeild. Stefnt skal að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli, og getur ráðherra ákveðið það með reglugerð.

8. gr.

Inngöngu í undirbúningsdeild skólans skal veita þeim nemendum, sem staðizt hafa sveinspróf í viðeigandi iðngrein. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild þeir, sem staðizt hafa gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla og fullnægja ákvæðum reglugerðar um verklega þjálfun, sbr. 3. mgr.

Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem sker úr um aðgang nemenda að undirbúningsdeild.

Ákvæði um verksskólun og verklega þjálfun, sem krafizt er til inngöngu í skólann, skal setja í reglugerð.

9. gr.

Rétt til að hefja tæknifræðinám í skólanum hafa þeir nemendur, sem staðizt hafa próf frá raungreinadeild skólans eða lokið stúdentsprófi frá stærðfræðideild menntaskóla ásamt viðhlitandi verklegri þjálfun, sbr. 8. gr., svo og þeir nemendur, sem standast inntökupróf skólans.

10. gr.

Við skólann starfar 5 manna skólanefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Rektor situr fundi skólanefndar.

Við skólann starfar skólastjórn. Í henni eiga sæti rektor, sem er formaður, fastráðnir kennarar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja þrjá aðra skólastjórnarmenn.

11. gr.

Hlutverk skólanefndar er að vera rektor til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og loks að gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans.

12 gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum, að höfðu samráði við rektor og skólanefnd, reglugerð um framkvæmd þessara laga, og skal þar m. a. kveðið á um þessi atriði:

1. Starf og hlutverk skólanefndar, skólastjórnar, rektors, deildarstjóra og fastaráðinna kennara.
2. Deildir skólans og sérgreinir tæknifræðináms (sbr. 6. og 9. gr.).
3. Inntökuskilyrði, bókleg og verkleg (sbr. 8. gr.).
4. Náms tíma, þ. á m. lengd skólaárs og námsáfangar (sbr. 5. gr.).
5. Próf, þ. á m. lokapróf, tilhögun prófa, einkunnakröfur, endurtekningu prófa og haustpróf.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og önnur ákvæði, er fara í hág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki

hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rannsaka ýtarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 84 1970, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Þegar kjörið er í fyrsta sinn, skal annar fulltrúinn þó kjörinn til eins árs. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stunda-kennarar og erlendir sendikennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Nú hefur Háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaaðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskólans, enda sé slík tilhögun heimilud í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir Háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur, eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þeirra stöðuveitinga, sem hér um ræðir, má setja í reglugerð, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 38. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur prófessora, dósentna og lektora. Háskólaráð leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast, sbr. nánar 1. mgr. 18. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal mælt fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentstöðu, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

18. gr. 1. málsg. orðist svo:

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

5. gr.

Aftan við 2. málsg. 21. gr. komi nýjar málsg., er verða 3. og 4. málsg., svo hljóðandi:

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Enn fremur er háskólaráði heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi hérlandis með þeim árangri, sem sú deild, er í hlut á, mælir með, að skapi hæfi til framhaldsnáms innan Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektorsembættið vera þessum ráðstöfunum meðmælt, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenskum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við Háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.

6. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ekki völ á prófdómanda hérlandis utan Háskólans, er fullnægi skilyrðum 4. málsg. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

7. gr.

31. gr. orðist svo:

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót

í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

8. gr.

Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan Háskólans, ef Háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist iðnnemasambandi Íslands og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarksskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans $\frac{1}{2}\%$ af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem húseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum, sbr. þó 5. gr.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir skólanemendur, sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi:

- 1) Þeir, sem lokið hafa skyldunámi.
- 2) Þeir, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.
- 3) Þeir, sem stunda reglulegt nám, sem framhaldsskóli skv. lögum þessum viðurkennir sem áfanga að réttindum eða prófi, er hann veitir.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveðið verður meðal annars á um lágmarksnámstíma og hlutfallslega upphæð styrkja miðað við skóla með lengstan árlegan starfstíma og eigi færri en 30 vikustundir.

Eigi skulu njóta styrks eftir lögum þessum:

- a) Þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7 frá 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki. Nú njóta nemendur annarrar opinberrar námsaðstoðar eða styrkja, og er þá heimilt, séu þau framlög lægri en greitt mundi verða samkvæmt þessum lögum, að veita styrki, sem mismuninum nemur.
- b) Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum. Nú tekur nemi í iðn eða annarri starfsgrein samningsbundin lágmarkslaun, og skal þá heimilt að greiða honum sérstaka námsstyrki vegna skólanáms, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum um styrkveitingu, að undanskildum ákvæðum um lágmarksnámstíma og árlegan starfstíma skóla, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- c) Þeir, sem ekki ljúka námsáfanga á tilskildum tíma, nema gildar ástæður séu fyrir töfum í námi.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar fimm manna námsstyrkjanefnd, sem skal leggja fyrir ráðuneytið tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna og úthluta námsstyrkjum til styrkhæfra skólanemenda.

Skulu tveir nefndarmanna skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðuneytið einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu félags samtaka skólanemenda þeirra skóla, er lög þessi taka til, eftir reglum, er ráðuneytið setur.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Námsstyrkjanevnd aflar sér upplýsinga um námskostnað skólanemenda, þar sem miðað sé bæði við nægilegt úrtak frá einstökum skólum, sem lög þessi taka til, og einnig við upplýsingar Hagstofu Íslands eða hliðstæðra opinberra stofnana um almennan framfærslukostnað. Þær upplýsingar skulu m. a. taka til fæðiskostnaðar við skóla með eða án mótuneytis, húsnæðiskostnaðar við skóla með eða án heima-
vistar og ferðakostnaðar nemenda miðað við mismunandi kostnaðarsama skóla-
sókn. Samanburður sé síðan gerður á námskostnaði, annars vegar þeirra nemenda,
er verða að dvelja fjarri lögheimilum sínum við nám, og hins vegar þeirra, er stundað
geta nám sitt án þess að hverfa að heiman til námsdvalar.

Á grundvelli þessara upplýsinga gerir nefndin tillögur um, hvað greiða skal
vegna nemenda í heimavistarskólum annars vegar og heimangönguskólum hins vegar
til jöfnunar samkv. 1. gr. Skal menntamálaráðherra ákveða almennar reglur um
greiðslur þessar.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveða skal á um, hvernig upp-
lýsinga skuli aflað, og grundvallarreglur um mat þeirra, skilyrði varðandi umsóknir
og framkvæmd á úthlutun styrkja skv. þessari grein.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað námsstyrkjanevnd að verja einhverjum hluta
af heildarfjárveitingu í þessu skyni:

- a) að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 2. greinar
þessara laga, ef hann sannanlega að öðrum kosti getur ekki stundað nám vegna
efnaleyfis,
- b) að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa
að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma, enda sé efna-
hagur þeirra þröngur,
- c) að veita skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þótt hann
fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga
þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda að fullu frá byrjun
skólaárs 1972/73 að telja.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hún er háskóla-stofnun með sérstakri stjórn og sjálfstæðum fjárhag og heyrir undir menntamála-ráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveislu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt frá Danmörku, sbr. 2. gr.

2. gr.

Stofnunin varðveitir handrit þau og skjalagögn, sem ríkisstjórn Íslands hefur veitt og veitir viðtöku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku í vörzlu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971.

Enn fremur varðveitir stofnunin önnur handrit og gögn, sem hún á og kann að eignast eða henni verða falin til varðveislu.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta gerir stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, sbr. 2. gr., rannsóknnum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita, hljóðritun þjóðfræðaefnis og með hverju öðru, sem stult getur að þessu markmiði.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annast sérstakur forstöðumaður. Hann annast og fræðilega stjórn stofnunarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Forstöðumaður skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu og leiðbeina þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um veiting starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti.

Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar, rektor Háskóla Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, og einn skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf eru ólaunuð.

5. gr.

Við stofnunina starfa sérfræðingar, sem hafa þar fullt og fast starf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess starfa við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir eru til náms og starfa takmarkaðan tíma í senn. Heimilt er að ráða annað nauðsynlegt starfslíð.

6. gr.

Heimilt er með reglugerð að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar skal vera sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim.

7. gr.

Háskólaráð kýs stofnuninni tvo tilsjónarmenn (ephori) til fjögurra ára í senn, og skulu þeir lita eftir því, að stofnunin starfi í samræmi við stofnskrá dánargjafar Árna Magnússonar frá 18. janúar 1760.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, þ. á m. um réttindi og skyldur starfsmanna í því efni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí 1969, um Handritastofnun Íslands, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tekur við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 73 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Eysteinn Jónsson.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 8 menn, þar af 7 kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.

2. gr.

Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7½%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessari málsgrein, telst vextir.

3. gr.

4. málsg. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 80 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

4. gr.

Við C-lið 8. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¼%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.

5. gr.

Á eftir 1. ml. 2. mgr. 20. gr. laganna komi nýr ml., svo hljóðandi:

Ráðherra getur þó ákveðið herra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá hlutaðeigandi greiðsluskylda sveitarfélags skv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi kýs húsnæðismálastjórn, þegar er lög þessi hafa verið samþykkt, og fellur umboð núverandi húsnæðismálastjórnar niður, þegar lögin öðlast gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1972.

Ólafur Jóhannesson. Eysteinn Jónsson. Logi Einarsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

HÖFUNDALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Réttindi höfunda o. fl.

1. gr.

Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

Uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.

2. gr.

Það er eintakagerð, þegar hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því eru með rétttri heimild og í álitsverðum fjölda boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim er dreift til almennings með öðrum hætti. Nú er vernd verks háð því, að það hafi fyrst verið gefið út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt, ef það er gefið hér út innan 30 daga frá því, að það kom fyrst út erlendis.

Verk telst birt, þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. málgr.

Það telst sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

Nú er verk flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri, og telst það þá opinber birting.

Þegar rétt er í lögum þessum um flutning verks eða birtingu í útvarpi, nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

3. gr.

Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

4. gr.

Skylt er, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt.

Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Ógilt er afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt eru tilgreind bæði um tegund og efni.

5. gr.

Sá, sem þýðir verk, aðhæfir það tiltekinni notkun, breytir því úr einni grein bókmennta eða lista í aðra eða framkvæmir aðrar aðlaganir á því, hefur höfunda-

rétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að frumverkinu.

Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.

6. gr.

Þegar verk eða hlutar af verkum höfunda, eins eða fleiri, eru tekin upp í safnverk, sem í sjálfu sér má telja til bókmennta eða lista, hefur sá, sem safnverkið gerði, höfundarétt að því. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að þeim verkum, sem í safnverkið eru tekin.

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til blaða og tímarita, sbr. 40. gr.

7. gr.

Nú eru tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki, og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk, og eiga þeir þá saman höfundarétt að verkinu.

8. gr.

Höfundur verks telst sá, unz annað reynist, sem nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti eða lýstur er höfundur, þegar verk er birt. Gildir þetta einnig um höfunda, sem nota gervinöfn eða merki, þegar almennt er vitað, hver þar felst að baki. Framangreindum ákvæðum skal einnig beita um framleiðanda kvikmyndaverks.

Nú er verk gefið út, án þess að höfundar þess sé getið samkvæmt 1. málsg., og kemur útgefandi þá fram fyrir hönd hans, unz nafn hans er birt á nýrri útgáfu eða með tilkynningu til menntamálaráðherra.

9. gr.

Lög, reglugerðir, fyrirsmáli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn, sem gerð eru af opinberri hálfu, njóta ekki verndar eftir lögum þessum, og ekki heldur opinberar þýðingar á slíkum gögnum.

10. gr.

Mynztur njóta verndar sem nytjalist, enda fullnægi þau skilyrðum um notagildi og listræn einkenni.

II. KAFLI

Takmarkanir á höfundarétti.

11. gr.

Heimilt er að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu. Enginn má þó gera eða láta gera fleiri en þrjú slík eintök til notkunar í atvinnu sinni.

Ákvæði 1. málsg. veita ekki rétt til mannvirkjagerðar eftir verki, sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist, og ekki heldur til eftirgerðar á verkum, sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist, ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna.

12. gr.

Ákveða má í reglugerð, að tilgreindum opinberum bókasöfnum, skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum sé heimilt að ljósmynda verk til sjálfs sín nota. Greina skal skilyrði fyrir heimildinni, þar á meðal um umráð eintakanna og varðveislu. Ekki má lána þau né afhenda út fyrir stofnunina.

13. gr.

Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

Heimilt er án samþykkis höfundar að breyta munum, sem verndar njóta eftir reglum um nytjalist.

14. gr.

Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. málsg. 1. gr.

Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Taka má upp í blöð eða tímarit og flytja í útvarpi dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnsmál eða trúsmál úr blöðum eða tímaritum svo og útvarpsefni af sama tagi, nema þess sé getið við greinarnar eða í útvarpssendingu, að slík endurbirting sé bönnuð. Jafnan skal heimildar getið við slíka endurbirtingu.

Heimilt er að birta í blöðum, tímaritum, sjónvarpi og kvikmyndum myndir eða teikningar af birtum listaverkum í sambandi við frásögn af dægurviðburðum. Þetta nær þó ekki til verka, sem gerð eru í þeim tilgangi að birta þau með framangreindum hætti.

Þegar flutningur eða sýning verks er þáttur í dægurviðburði, sem kynntur er almenningi í útvarpi eða kvikmynd, er heimilt að láta einstaka þætti úr verkinu fylgja með í sýningu viðburðarins eða frásögn af honum.

16. gr.

Heimilt er að taka og birta myndir af byggingum, svo og listaverkum, sem staðsett hafa verið varanlega utanhúss á almannafæri. Nú er bygging, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, eða slíkt listaverk, sem áður greinir, aðalatriði myndar, sem hagnýtt er til markaðssölu, og á höfundur þá rétt til þóknunar, nema um blaðamyndir eða sjónvarpsmyndir sé að ræða.

17. gr.

Heimilt er að birta í safnverkum, sem tekin eru saman úr verkum margra höfunda og ætluð til notkunar við guðsþjónustu, skólakennslu eða útvarpskennslu:

1. Einstök bókmenntaverk eða tónverk, ef smá eru að vöxtum, og kafla úr stærri verkum, þegar liðin eru 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.
2. Myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum, sem getið er í 3. málsg. 1. gr., í tengslum við meginmál samkvæmt 1. tölul., enda séu 5 ár liðin frá næstu áramótum, eftir að verkið var birt.

Verk, sem samín hafa verið til notkunar við skólakennslu, má þó ekki án samþykkis höfundar taka að neinu leyti upp í safnverk, sem gefið er út í sama skyni.

Þegar verk eða hluti af verki höfundar er birt í safnverki samkvæmt þessari grein, á hann rétt til þóknunar.

18. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta fara fram innan opinberra skóla upptöku birtra verka á hljóðrit til bráðabirgðanotkunar við kennslu. Ekki má nota hljóðritin í öðru skyni.

Ákvæði 1. málsg. veitir ekki rétt til beinnar upptöku eftir hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem framleidd eru til markaðssölu.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um notkun og varðveislu umræddra bráðabirgðahljóðrita.

19. gr.

Heimilt er að prenta og gefa út með blindraletri bókmenntaverk og tónverk, sem út hafa verið gefin. Einnig má ljósmynda þau til notkunar í heyrnar- og málleysingjaskólum.

20. gr.

Þegar lög eru sungin opinberlega á hljómleikum, er heimilt að nota sem texta einstök kvæði eða kafla úr stærri verkum, sem út hafa verið gefin. Má þá einnig prenta textann á söngskrá án nótna til afnota fyrir áheyrndur.

Höfundur á rétt til þóknunar fyrir afnot samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Opinber flutningur bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk, er heimill, eins og hér segir:

1. Við fræðslustarfsemi. Höfundi ber þóknun, ef greitt er sérstaklega fyrir flutninginn.
2. Á samkomum, sem stofnað er til í góðgerðaskyni, til almenns mannfagnaðar, til kynningar á menntum og menningu eða til styrktar málefnum, sem að öðru leyti miða að almannaheill, enda komi ekki þóknun fyrir flutninginn.
3. Á mannfundum, sem ekki er stofnað til í atvinnuskyni eða ávinnings, svo sem á samkomum skóla eða félaga og við önnur svipuð tækifæri, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum kostnaði.
4. Við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Höfundur á rétt til þóknunar samkvæmt þessum tölulíð eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.

22. gr.

Heimil er prentun, upptaka á hljóðrit og önnur eintakagerð og birting á umræðum, sem fram fara í heyranda hljóði á opinberum fulltrúasamkomum, og á gögnum, sem þar eru lögð fram opinberlega og starfsemi þeirra varða. Sama gildir um dómping, sem háð eru fyrir opnum dyrum, nema dómstóll leggi bann við birtingu tiltekinna gagna.

Ákvæði 1. málsg. ná einnig til umræðna um málefni, sem varða almenna hagsmuni og fram fara á samkomum, sem almenningur á aðgang að, eða í útvarpi.

Höfundur hefur einkarétt til að gefa út safn af sjálfs sín framlagi til umræðna, sem getur í 1. og 2. málsg., og af gögnum, sem hann hefur lagt þar fram.

23. gr.

Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild eða umboð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra og menntamálaráðherra sett reglur um það efni, og skal þá heimilt án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni að flytja í útvarpi áður útgefin einstök kvæði, smásögur og ritgerðir eða kafla úr stærri verkum og einstök lög og tónverk, ef smá

eru, og kafla úr stærri tónverkum, enda sé fullnægt skilyrðum um greiðslu til höfundar. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar sem áskilinn er í hinum almennu reglum, en hvorki meiri né minni. Framangreindar reglur um afnotakvöð gilda ekki um leiksviðsverk og ekki heldur um önnur verk, er höfundur hefur lagt bann við flutningi þeirra í útvarpi.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki, er henni frjáls upptaka þess á hljóðrit eða filmur til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Menntamálaráðherra setur reglur um notkun og varðveislu slíkrar upptöku. Reglur þær, sem hér var getið, skulu þó ekki koma til framkvæmdar, ef tíðkamt hefur, að um það málefni sé gerður samningur milli útvarpsstofnana og stéttarsambands höfunda.

24. gr.

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán tónverka á nótum til almennings eru þó óheimil án samþykkis höfundar.

25. gr.

Nú hefur eintak af myndlistarverki verið afhent til eignar, og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á listasöfnum sé, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök, sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Heimilt er eiganda myndlistarverks að taka eða leyfa töku mynda af því til sýningar í kvikmynd eða sjónvarpi, ef myndin er aðeins aukaatriði í efni kvikmyndar eða sjónvarpsdagskrár.

Þegar listaverk heyrir til listasafni, er heimilt að birta myndir af því í safnumunaskrá.

Nú er listaverk boðið til sölu, og má þá birta myndir af því í tilkynningu um sölutilboð.

Nú hefur andlitsmynd verið máluð, mótuð eða gerð með öðrum hætti eftir pöntun, og er höfundi þá ekki heimilt að neyta einkaréttar síns samkvæmt 3. gr. án samþykkis þess, sem lét gera myndina, eða erfingja hans, ef hann er látinn.

26. gr.

Ákvæði kafla þessa, að undanskilinni 13. gr., raska ekki rétti höfundar eftir 4. gr.

Þegar verk er birt almenningi samkvæmt þessum kafla, skal auk nafns höfundar geta þeirrar heimildar, sem notuð er, eftir því sem ástæður leyfa.

Þegar eintök af verki eru gerð samkvæmt þessum kafla, má ekki án samþykkis höfundar gera breytingar á verkinu fram yfir það, sem lögmæltur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.

III. KAFLI

Um aðiljaskipti að höfundarétti.

Almenn ákvæði.

27. gr.

Framsál höfundaréttar að nokkru leyti eða öllu er heimilt með þeirri takmörkun, sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

Nú er eintak af verki afhent til eignar, og felst þá ekki í þeim gerningi framsal á höfundarétti að verkinu, nema þess sé getið sérstaklega.

28. gr.

Framsal höfundaréttar að verki veitir framsalshafa ekki rétt til að gera breytingar á því, nema svo hafi verið um samið.

Ekki er framsalshafa heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Ef rétturinn er þáttur í eignum fyrirtækis, má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess. Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandi áfram ábyrgð á efndum skuldbindinga sinna við höfund.

29. gr.

Gerning um framsal höfundaréttar má meta ógildan í heild eða í einstökum atriðum, ef hann mundi leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildir, ef ákvæði í framsalsgerningi brýtur mjög í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum.

30. gr.

Nú er höfundur í hjúskap, og skal höfundaréttur þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála eða með öðrum hætti, þar á meðal ekki við slit á fjárfélagi né við búskipti, meðan höfundur lifir. Tekjur af höfundarétti og endurgjald fyrir framsal hans verða hjúskapareign, nema ákveðið sé á annan veg í kaupmála. Að höfundi látnum telst höfundaréttur til hjúskapareignar hans, nema kaupmáli hjóna standi til annars, sbr. og 2. málsg. 31. gr.

Skuldheimtumenn geta ekki leitað fullnustu í höfundarétti, hvorki hjá höfundi sjálfum né neinum þeim, sem hlotið hafa réttinn að arfi eða fyrir hjúskap. Nú hefur aðili eignast höfundarétt með framsali, og má þá aðeins leita fullnustu hjá honum í þeim rétti, sem honum er heimilt að framselja, sbr. 2. málsg. 28. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsg. gilda einnig um eintök listaverka, sem höfundur hefur ekki haft til sýnis almenningi, boðið opinberlega til sölu eða viðurkennt með öðrum hætti, að birta megí opinberlega, svo og um handrit.

31. gr.

Nú deyr höfundur, og fer þá um höfundarétt eftir ákvæðum erfðalaga, sbr. og 30. gr.

Höfundur getur með ákvæði í erfðaskrá gert ráðstafanir um framkvæmd höfundaréttar að honum látnum og meðal annars falið sérstökum tilsjónaraðilja að annast hana. Skulu slík ákvæði hafa gildi gagnvart öllum erfingjum, þar á meðal skylduerfingjum, og einnig að því er varðar búshluta maka.

Fyrirmæli 2. málsg. taka einnig til slíkra eintaka af verkum, sem getið er í 3. málsg. 30. gr.

Flutningsréttur.

32. gr.

Þegar höfundur hefur veitt heimild til opinbers listflutnings á verki, fylgir henni ekki einkaréttur til flutnings, nema svo hafi verið um samið.

Ef heimildin er veitt um óákveðinn tíma, hvort sem í henni felst einkaréttur eða ekki, skal talið, að hún gildi ekki lengur en 3 ár. Ákvæði þetta tekur ekki til samninga um flutningsrétt, sem samtök eigenda slíkra réttinda eru aðilar að.

Nú hefur einkaréttur til flutnings verið veittur um tiltekinn tíma, lengur en 3 ár, og skal höfundi þó heimilt að flytja verkið sjálfur eða leyfa öðrum flutning þess, ef umrædds einkaréttar hefur ekki verið neytt í 3 ár samfleytt, enda hafi ekki verið á annan veg samið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kvikmyndagerðar.

Útgáfusamningar.

33. gr.

Það er útgáfusamningur, er höfundur veitir tilteknum aðilja (útgefanda) rétt til að framleiða á prenti eða með svipuðum hætti eintök af bókmenntaverki eða listaverki og gefa þau út.

Útgáfusamningur veitir útgefanda ekki eignarrétt að handriti því eða annars konar eintaki af verki, sem notað er til eftirgerðar, nema svo sé um samið sérstaklega.

34. gr.

Útgefandi hefur, ef ekki er á annan veg samið, rétt til að gefa út upplag, er nemi 2000 eintökum af bókmenntaverki, 1000 eintökum af tónverki og 200 eintökum af myndlistarverki.

Með orðinu upplag er átt við þann eintakafjölda, sem út er gefinn í einu lagi.

35. gr.

Skýlt er útgefanda að gefa verkið út innan hæfilegs tíma og stuðla að dreifingu þess, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

36. gr.

Nú hefur bókmenntaverk eða myndlistarverk ekki verið gefið út innan 2 ára eða tónverk innan 4 ára frá því, að útgefandi fékk í hendur fullgert handrit eða annað eintak, sem nota skal til eftirgerðar, og er höfundi þá, ef ekki hefur verið samið um lengri frest til útgáfu, heimilt að rifta útgáfusamningi, enda þótt skilyrði til riftunar eftir almennum réttarreglum séu ekki fyrir hendi. Sama gildir, ef upplag hefur selzt upp og útgefandi, sem fengið hefur rétt til nýrrar útgáfu, hefur ekki gefið verkið út að nýju innan 2 ára frá því, að höfundur krafðist þess.

Þegar útgáfusamningi er riftað samkvæmt 1. málsg., er höfundi ekki skýlt að skila aftur greiðslu, sem hann hefur þegar fengið. En hafi hann beðið tjon vegna saknæmra vanefnda útgefanda, sem ekki er bætt að fullu með þeirri greiðslu, á hann rétt til frekari bóta.

37. gr.

Skýlt er útgefanda að láta höfundi í té skriflega yfirlýsingu prentsmiðju eða annars aðilja, sem framkvæmir eintakagerð, um eintakafjölda þann, sem gerður hefur verið.

Nú á höfundur rétt til þóknunar, miðað við sölu eða leigu eintaka á reikningsári, og ber útgefanda þá að senda honum innan 9 mánaða frá lokum reikningsárs skilagrein um sölu eða leigu á reikningsárinu og um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs.

Þó að höfundur eigi ekki að fá þóknun, eins og getið er í 2. málsg., á hann samt rétt til að fá skilagrein um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs, þegar 9 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma.

Höfundur getur ekki með samningi fallið frá rétti þeim, sem honum er áskilinn með þessari grein.

38. gr.

Ef hafizt er handa um útgáfu á nýju upplagi, þegar meira en ár er liðið frá útkomu hins fyrra, ber útgefanda að gefa höfundi kost á að gera breytingar, enda hafi þær ekki í för með sér verulegan kostnað né breyti heildarsvip verksins.

39. gr.

Ef ekki er á annan veg samið, fær útgefandi einkarétt til að gefa verkið út með þeim hætti og í því formi, sem útgáfusamningur greinir. Nú hefur útgefandi fengið einkarétt, og er höfundur þá ekki heimilt að gefa verkið út með greindum hætti né leyfa öðrum að gera það, fyrr en uppselt er upplag það eða upplög, sem útgáfusamningur tekur til.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. hefur höfundur rétt til að gefa bókmenntaverk út sem hluta af heildarútgáfu verka sinna eða úrvals úr þeim, þegar liðin eru 15 ár frá næstu áramótum, eftir að útgáfusamningur var gerður. Höfundur getur með samningi fallið frá þessum rétti sínum.

40. gr.

Útgefendur blaða og tímarita hafa einkarétt til að endurprenta rit þessi bæði í heild og einstök blöð eða hefti.

EKKI raskar réttur útgefenda höfundarétti að einstökum ritgerðum, myndum eða öðrum verkum, sem í blöðum eða tímaritum birtast. Þó þarf ekki að leita samþykkis höfunda til þeirrar endurprentunar, sem í 1. málsg. getur, nema svo hafi verið um samið.

Ákvæði þessa kafla um útgáfusamninga taka ekki til blaða og tímarita frammar en segir í 1. og 2. málsg.

Ákvæði 35. og 36. gr. gilda ekki um framlög til safnverka.

Samningar um kvikmyndagerð.

41. gr.

Nú hefur höfundur veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks, og getur hann þá ekki, nema sérstakur áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað eintaka-gerð, útbreiðslu, opinbera sýningu, hvers konar dreifingu til almennings um þráð eða þráðlaust né aðra notkun verksins.

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til tónverka, kvikmyndahandrita né samtalstexta, sem gerð hafa verið til notkunar í kvikmynd, og ekki heldur til framlags aðalleikstjóra.

42. gr.

Nú hefur aðili fengið með samningi rétt til að nota bókmenntaverk eða tónverk við gerð kvikmyndar, sem ætluð er almenningi til sýnis, og skal hann þá, ef ekki er á annan veg samið, ljúka gerð kvikmyndarinnar innan hæfilegs tíma og annast um, að hún verði sýnd, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

Nú er gerð kvikmyndar ekki lokið innan 5 ára frá því, að höfundur fullnægði samningsskyldum sínum, og er höfundur þá heimilt, ef ekki hefur verið samið um lengri frest, að rifta samningnum, enda þótt riftunarskilyrði eftir almennum reglum séu ekki fyrir hendi. Ákvæði 2. málsg. 36. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Gildistími höfundaréttar.

43. gr.

Höfundaréttur helzt, unz 50 ár eru frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða, sem ákvæði 7. gr. taka til, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar, sem lengst lifir.

44. gr.

Þegar verk hefur verið birt, án þess að höfundur sé nafngreindur, sbr. 2. málsg. 8. gr., helzt höfundaréttur að verkinu, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir fyrstu birtingu þess. Nú er slíkt verk gefið út í deildum, sem mynda þó eina heild eftir efni sínu, og telst greint 50 ára tímabil þá frá næstu áramótum eftir birtingu síðustu deildarinnar.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti, sem segir í 2. málsg. 8. gr., áður en framangreint 50 ára tímabil er liðið, eða leitt er í ljós, að höfundur var látinn, er verkið birtist, skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

V. KAFLI

Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

45. gr.

Óheimilar eru án samþykkis listflytjanda þær aðgerðir, sem hér eru taldar:

1. Uptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur, sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi, og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniáðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekiinna staða, sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings, sem framkvæmd hefur verið með samþykki listflytjanda. Réttur listflytjanda samkvæmt þessum tölulíð helzt í 25 ár frá næstu áramótum, eftir að upptaka fór fram.

Um upptöku, dreifingu og eftirgerð listflutnings, sem um getur í 1. málsg., skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði 4. gr., 1. málsg. 11. gr., 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. málsg. 23. gr., 26.—31. gr. og 53. gr.

46. gr.

Óheimil er eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum án samþykkis framleiðanda, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að frumupptaka var framkvæmd.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsg. 11. gr., 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr., 18. gr. og 2. málsg. 23. gr.

47. gr.

Nú er hljóðrit, sem gefið hefur verið út í markaðssöluskyni, notað á því tímabili, sem í 46. gr. getur, 1) til flutnings í útvarpi eða 2) til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings í atvinnuskyni eða ávinnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber notanda þá að greiða framleiðanda þess og listflytjendum þóknun í einu lagi.

Setja má í reglugerð fyrirmæli um þessi efni, þar á meðal um fyrirsvar af hálfu listflytjenda, ef þeir standa fleiri saman að hinum sama listflutningi, hvernig viðtöku þóknunar skuli háttáð og skiptingu hennar milli framleiðenda og listflytjenda. Þessar reglur koma þó ekki til framkvæmdar, ef sameiginleg félagssamtök framleiðenda og listflytjenda, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, hafa gert heildarsamning við notanda eða notendur eða sérsamningar eru fyrir hendi í einstökum tilvikum.

Með samþykki félagssamtaka listflytjenda og framleiðenda, sem um ræðir í 2. málsg. r., má ákveða í reglugerð, að þóknun samkvæmt 1. málsg. renni í sérstakan sjóð, er sé í tveimur deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinn fyrir framleiðendur. Um vörzlu sjóðsins og úthlutanir úr deildum hans fer eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð með samþykki áðurgreindra félagssamtaka.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr. og 21. gr. Sama er um ákvæði 27.—31. gr., að því er til listflytjenda tekur.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um hljómkvikmyndir.

48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.
2. Upptaka til endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar. Réttur útvarpsstofnunar samkvæmt þessum tölulíð helzt, unz líðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að útvarp fór fram.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsg. 11. gr., 1. málsg. 14. gr., 3. málsg. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. málsg. 23. gr.

49. gr.

Eftirgerð ljósmynda, sem ekki njóta verndar laga þessara sem listaverk, sbr. 2. málsg. 1. gr., er óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. Nú er slík mynd birt opinberlega í atvinnuskyni eða ávinnings, og á ljósmyndari eða síðari rétthafi þá kröfu til þóknunar. Vernd ljósmyndar samkvæmt þessari grein skal haldast, unz líðin eru 25 ár frá næstu áramótum eftir gerð hennar.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til ljósmynda þeirra, sem í 1. málsg. getur, eftir því sem við á.

50. gr.

Nú taka reglur um höfundarétt ekki til rits, sem út hefur verið gefið, og er þá eftirprentun eða önnur eftirgerð óheimil, unz líðin eru 10 ár frá næstu áramótum, eftir að það var gefið út.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum II. kafla laga þessara.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

51. gr.

Nú hefur höfundur notað sérstakan titil, gervinafn eða merki á birtu verki, og er öðrum þá óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða svo áþekku, að líklegt sé, að villzt verði á verkunum eða höfundum þeirra.

52. gr.

Engum er heimilt án samþykkis höfundar að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á listaverk.

Óheimilt er bæði höfundu og öðrum að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á eintak, sem gert hefur verið eftir listaverki, ef hætta er á, að villzt verði á eftirgerðinni og frumverkinu.

53. gr.

Ákvæði 2. málsg. 4. gr. skulu gilda um bókmenntaverk og listaverk, sem ekki eru háð höfundarétti.

Mál út af brotum gegn 1. málsg. skal aðeins höfða eftir kröfu menntamálaráðherra, enda telji hann þess þörf vegna tillits til almennrar menningarverndar.

VII. KAFLI

Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o. fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsfa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Sektum eða varðhaldi, allt að 3 mánuðum, varða:

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar samkvæmt 3. gr.
2. Brot á 1. og 2. málsg. 4. gr., 2. og 3. málsg. 26. gr., 1. málsg. 28. gr., 1. málsg. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. málsg. 31. gr.
3. Brot á 1. málsg. 45. gr. og 2. málsg. sömu gr., sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. málsg. 28. gr. og fyrirmæli, sem getur í 2. málsg. 31. gr.
4. Brot á 1. málsg. 46. gr., 1. málsg. 48. gr., 1. málsg. 49. gr., 1. málsg. 50. gr., 51. gr. og 52. gr.
5. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

55. gr.

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fari við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt 2. málsg. 31. gr., og má þá ákveða í dómi, að eintökin séu án endurgjalds upptæk til handa þeim, sem misgert var við, eða afhent honum gegn endurgjaldi, sem ekki má nema hærri fjárhæð en framleiðslukostnaði. Sama gildir um prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir.

Ákveða má, að í stað upptöku til afhendingar samkvæmt 1. málsg. séu munir eða eintök ónýtt að öllu leyti eða nokkru, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Ákvæðum 1. og 2. málsg. verður ekki beitt gagnvart aðiljum, sem hafa eignast í grandleysi eintak eða eintök til einkanota.

Ákvæði um upptöku og ónýtingu taka ekki til bygginga.

56. gr.

Þegar sagnæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, ber að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.

Dæma má höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með refsiverðri háttsemi.

Heimilt er að dæma þeim, sem misgert er við, bætur úr hendi þess, sem réttaröskun olli, þó að hann hafi gert það í grandleysi, en ekki mega bæturnar nema hærri fjárhæð en ávinningi hans af brotinu.

57. gr.

Þegar afnot verndaðs verks eru heimil samkvæmt lögum þessum með því skilyrði, að höfundi sé greidd þóknun, svo og þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt 47. gr., skal hún fara eftir heildarsamningi, ef til er, milli stéttarfélags viðkomandi rétthafa annars vegar og greiðanda eða stéttarfélags hans hins vegar.

Nú eru skilyrði til ákvörðunar þóknunar samkvæmt 1. málsg. ekki fyrir hendi, og geta aðilar þá, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð gerðardóms, sem skipaður skal 3 mönnum, nefndum af Hæstarétti til 5 ára í senn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um þetta, þar á meðal um þóknun úr ríkissjóði til gerðardómsmanna.

Nú rís ágreiningur um þóknun, sem um ræðir í 1. málsg., og skulu þá, unz fullnaðarúrlausn er fengin fyrir dómstólum eða gerðardómi, afnot verks heimil gegn þóknun samkvæmt eldri reglum, en dómstóll eða gerðardómur getur kveðið á um viðbótargreiðslur fyrir þann tíma, sem liðinn er síðan eldri ákvæði skyldu falla úr gildi eftir uppsögn eða ákvæði í þeim sjálfum.

58. gr.

Til ráðuneytis menntamálaráðherra um höfundaréttarmálefni skal vera höfundaréttarnefnd, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Samkvæmt tilnefningu aðila þeirra, sem fengið hafa löggildingu ráðuneytis um aðild að flutningsrétti, skal skipa í nefndina einn fulltrúa fyrir hvern aðila. Einn nefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins. Auk þess skipar ráðherra einn eða fleiri nefndarmenn án tilnefningar. Ráðherra setur nánari reglur um nefndina og störf hennar.

59. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum getur sá höfðað, sem misgert er við.

Nú er höfundur látinn, og getur þá tilsjónaraðili, sem nefndur hefur verið eftir 2. málsg. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsg. 4. gr., 2. og 3. málsg. 26. gr., 1. málsg. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsg. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsg. 45. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 53. gr. sæta opinberri saksókn eftir kröfu menntamálaráðherra.

VIII. KAFLI

Gildissvið laganna.

60. gr.

Ákvæði um höfundarétt í lögum þessum taka til:

1. Verka íslenzkra ríkisborgara.
2. Verka erlendra ríkisborgara, sem eiga heimilisfang hér á landi.
3. Verka ríkisfangslausra manna og flóttamanna, sem hafa samfellt aðsetur hér á landi.
4. Verka, sem fyrst hafa verið gefin út hér á landi, sbr. og 2. málsg. 2. gr.
5. Bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum.
6. Kvikmyndaverka, ef atvinnufyrirtæki framleiðanda þeirra hefur aðalstöðvar sínar hér á landi eða framleiðandinn sjálfur á hér fast aðsetur.

Ákvæði 2. málsg. 4. gr. og 51.—53. gr. gilda um öll verk, sem falla undir ákvæði 1. gr., án tillits til uppruna þeirra eða þjóðernis höfunda.

61. gr.

A. Ákvæði 45. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.
2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna, sem hér segir:
 - a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
 - b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit, sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. C-liðs hér á eftir.
 - c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun, sem verndar nýtur eftir ákvæðum í D-lið hér á eftir.

B. Ákvæði 46. gr. taka til hljóðrita, hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd.

C. Ákvæði 47. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.
2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess, er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er íslenzkur ríkisborgari eða fyrirtæki, sem hefur aðsetur hér á landi.

D. Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana, ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði, sem hér segir:

1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.
2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

62. gr.

Ákvæði 1.—4. tölul. 1. málsg. 60. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um ljósmyndir og rit, sem getur í 49. og 50. gr.

63. gr.

Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka, sem til hafa orðið fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og útvarp samkvæmt V. kafla laga þessara.

64. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmdar, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Tilsk. 11. des. 1869, um eftirmyndun ljósmynda o. fl.

Augl. 10. febr. 1870, um tilkynningu um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir.

Lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 49 14. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 74 5. júní 1947, um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, 2. gr.

Lög nr. 11 2. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bága við lög þessi.

65. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfégetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti.

Utan Reykjavíkur skulu vera embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli skulu vera embætti lögreglustjóra.

2. gr.

Undir borgardómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. einkamál almennt, sbr. þó 4. gr., þ. á m. formennska í fasteignamálum, kvaðning mats- og skoðunarmanna í dómi og utan dóms svo og borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, úrskurðun framfærslumála og skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkast hefur.

Við borgardómaraembættið skulu vera átta til tólf borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

3. gr.

Undir borgarfégetaembættið í Reykjavík heyra m. a. fégetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, skráning firma og félaga, skráning skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð og utankjörstaðatkvæðagreiðsla, eins og segir í lögum.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrá sam gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi í skrifstofu borgarfégeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

Við borgarfégetaembættið skulu vera fimm til sjö borgarfégetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfégeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

4. gr.

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 82/1961, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsíðoma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningaráhrúss.

Við sakadómaraembættið skulu vera fimm til níu sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, sbr. þó 4. gr., strandmál, útlendingaæftirlit, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál, er lög ákveða.

6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur forstjórn tollgæzlu, lögskráningu skipshafna, innheimtu á sköttum og tollum til rikissjóðs og þeirra aðila, er fjármálaráðherra

ákveður eða lög mæla fyrir um, að undanteknum þeim gjöldum, er sameiginlegri innheimtustofnun, sbr. lög nr. 68/1962, er falið að innheimta.

7. gr.

Utan Reykjavíkur heyra þau málefni, sem talin eru upp í 2. til 6. gr., undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Undir embætti þess heyra og önnur þau málefni, er ráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um.

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til fimm dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðasýslu svo og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn til þrjú dómarar við hvort þessara embætta.

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvort þessara embætta.

Við þau bæjarfógeta- og sýslumannsembætti, er að framan getur, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skal bæjarfógeti eða sýslumaður vera forstöðumaður viðkomandi embættis.

Þeir dómarar, sem skipaðir eru til þess að starfa við framantalin embætti sýslumanna og bæjarfógeta, skulu kallast dómarar eða héraðsdómarar við viðkomandi embætti.

8. gr.

Undir embætti lögreglustjórans í Bolungarvík heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 14/1934, svo og önnur þau mál, sem lög ákveða.

Undir embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 33/1954.

9. gr.

Forstöðumenn embætta þeirra, sem nefnd eru í lögum þessum, skulu hafa yfirstjórn og ábyrgð á rekstri þeirra svo og fyrirsvar út á við.

Forstöðumenn dómaraembætta þeirra, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skulu úthluta dómurum verkefnum og hafa umsjón með störfum þeirra, að öðru leyti en tekur til dómsstarfa. Forstöðumaður getur falið héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar.

10. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög þessi ákveða, hver störf skulu lögð undir embætti þau, er nefnd eru í lögum þessum, og setur reglugerð um samvinnu og frekari starfsskiptingu milli almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu í Reykjavík.

11. gr.

Viðey telst til undæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

12. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um skil á innheimtufé.

13. gr.

Heimilt er ríkissjóði að endurkrefja þær stofnanir, sem embætti sýslumanna og bæjarfógeta, samkvæmt lögum eða eftir ákvörðun ráðherra, annast þjónustu fyrir, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, um hlutfallslegan þátt þeirra í skrifstofukostnaði hvers embættis.

Allt það fé, sem embættismenn þeir, er lög þessi taka til, hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

14. gr.

Forseti veitir embætti þau, sem lög þessi taka til, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

Til veitingar lögreglustjóraembættisins í Reykjavík er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á stjórn og skipulagi lögreglumála.

15. gr.

Við framangreind dómaraembætti skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr. sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í fast dómara starf, sérstaka skipun til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsstörfum, sem þeim eru falin.

16. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 98/1961.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Akvæði til bráðabirgða.

Við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað samkvæmt lögum þessum, skulu jafnmargar fulltrúastöður lagðar niður.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og þeir dómarmar aðrir, er skipaðir eru til þess að starfa við þessi embætti, svo og sakadómarmar í Reykjavík, rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 29. gr. orðist svo:

Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara borgardómarmar og borgarfógetar í Reykjavík, en utan Reykjavíkur sýslumenn í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum, svo og dómarmar þeir, er skipaðir eru til þess að starfa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjámálum og öðrum fasteignámálum. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966,
um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð 5 mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn. Skal einn vera skipaður eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, einn eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarbanka Íslands og einn eftir tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að sex“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að þrettán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella efni þeirra inn í lög nr. 40 11. maí 1970 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um kaup á skuttogurum.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

JARÐRÆKTARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnad er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bítækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein. Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum, hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er lög þessi ná yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa horizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grimsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiði allt að 65% af ferða-

kostnaði héraðsráðunauta samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, enn fremur að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands slík frávik.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.

Stjórnnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.

Á meðan framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum er ekki greitt sama ár og úttekt fer fram, greiðist það í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarlagsins.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 36 29. marz 1961, I. kafla 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 16. apríl 1971 eða eldri lögum um sama efni.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða.
4. Félagsbundinna ræktunarfamkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land í lögum þessum telst: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa, og skal þá ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skulu háðar þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.

2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal, þar sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofan jarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvornig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveimur eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar. Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum í landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé á, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línunum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að $\frac{3}{4}$ hlutum.

3. Vegagerðaraðilar og aðrir, sem standa fyrir mannvirkjagerð, skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að gróðri eða ræktanlegu landi sé ekki spillt að óþörfu og að af framkvæmdum stafi eigi eyðingarhætta af völdum jarðrasks, landbrots eða því um líku. Enn fremur skal lagfæra yfirborð landsins og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, er myndast vegna framkvæmdanna, og skila landinu fullgræddu. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þremur mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamañ tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

10. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði, sem hér segir:

- I. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar.
- Vélgrafnir skurðir og plægðir hagaskurðir, 70% kostnaðar við gróft, dýpkun og sprengingu berghafta úr skurðunum. Ákvæðisvinna skal viðhöfð, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnu-taxta hvers ræktunarsvæðis, sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræsluframkvæmdir og fyrir 1. maí ár hvert senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, er þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega fyrir 1. maí senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði. Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz ár hvert.

Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, og ákveður ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktaki skuli setja.

Ræktunarsambönd geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ekki er skylt að bjóða út skurðgröft á þeim svæðum, þar sem ræktunarsamböndin sjálf annast framræslu, enda ákveði Búnaðarfélag Íslands taxta þeirra hverju sinni fyrir fram, eftir að útboð hafa farið fram. Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands útvega gröfu til að annast þau verkefni. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum. Bændur, sem láta aðra en samþykktu verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálf framlag á skurðina. Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt, eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, að hækka ríkisframlagið svo, að blutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

- b. Handgrafnir skurðir, þar sem og þegar vélgrefti verður ekki við komið, kr. 40.00 pr. m².
- c. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.
- d. Kílræsi, framlag á þau skal vera kr. 600.00 pr. ha.
- e. Lokræsi með plaströrum og viðeigandi útbúnaði, kr. 50.00 pr. m.
- f. Önnur ræsi (hnaus-, viðar- og grjótræsi), kr. 35.00 pr. m.
- g. Greiddur verði 1/3 kostnaðar við flóðgarða og 2/3 kostnaðar við byggingu flóðgátta, vatnsbrúa og flóðvarnargarða, enda sé framkvæmdin samþykkt af Búnaðarfélagi Íslands.

II. Jarðrækt.

- a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, kr. 14 000.00 pr. ha.
- b. Túnrækt á þurrlendi, kr. 10 000.00 pr. ha.
- c. Endurvinnsla túna vegna kals eða annarra skemmda, kr. 8000.00 pr. ha.
- d. Vinnsla lands vegna grænfróður- eða kornræktar, kr. 5000.00 pr. ha.
- e. Hagarækt, kr. 3000.00 pr. ha.
- f. Þar sem erfitt er um ræktunarland, er heimilt að greiða 30% aukaframlag á túnrækt á félagsgrundvelli, enda samþykki viðkomandi búnaðarsamband og Búnaðarfélag Íslands framkvæmdina.

- III. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65.00 pr. m².

- IV. Girðingar um ræktunarlönd og heimahaga, fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10.00 pr. m.
- V. Áburðargeymslur.
Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar, kr. 350.00 pr. m³.
- VI. Hey-, garðávaxta- og verkfærageymslur.
a. Þurrheyslööður úr varanlegu efni, kr. 60.00 pr. m³.
b. Votheyslööður úr varanlegu efni, kr. 200.00 pr. m³.
c. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni, kr. 130.00 pr. m³.
d. Verkfærageymslur úr varanlegu efni, kr. 200.00 pr. m².
e. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyslööðu með blásara og fastri aflvél miðað við gólfhlöt í hlöðu, kr. 550.00 pr. m².
f. Súgþurrkunarkerfi með föstum blásara, kr. 300.00 pr. m².
g. Súgþurrkunarkerfi án blásara, kr. 200.00 pr. m².
- VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsparfur.
Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.
- VIII. Til kölkunar á túnun, þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks, eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

11. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt, til þess að heimilt sé að taka út og greiða framlag til jarðræktar og húsabóta þeirra, er um getur í 10. gr.:

- a. Til vélgrafiona skurða því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 17.—18. gr. þessara laga.
- b. Við endurvinnslu vegna kals eða annarra skemmda skulu minnst þrjú ár vera liðin frá síðustu vinnslu, enda samþykki héraðsráðunautur endurvinnsluna hverju sinni.
- c. Framlag til hagaræktar er bundið því skilyrði, að fram hafi farið jöfnun lands og/eða uppgræðsla, þannig að varanlegar gróðurbætur hafi náðst á öllu landinu. Úttekt á slíku landi skal ekki gera, fyrr en fullvist er, að græðsla hafi tekizt.
- d. Byggingar skulu gerðar eftir teikningum, er Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands viðurkenna. Framlög eftir a-, b-, c- og d-lið 10. gr. skal því aðeins greiða, að landið sé fullunnið, jafnað og nægilega þurrt, að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í það, eða að það sé fullgróid túngróðri með sjálfgræðslu.
- e. Jarðabætur skal taka út eigi síðar en á næsta ári eftir að þær eru framkvæmdar. Sjá þó sérákvæði um II. lið 10. gr., staflið e. Greiðsla jarðabótaframlags er enn fremur bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambanda eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

12. gr.

Á framlög, er ákveðin eru í 10. gr. þessara laga, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1971. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll visitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og Byggingastofnun landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrir málsliða þessarar greinar um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög gildi frá og með framkvæmdum ársins 1972. Af jarðabótaframlögum þeim, er talin eru í 10. gr., renna 4% til hreppabúnaðarféлага og 2% til búnaðarsambanda, nema af vélgröfnum skurðum 4%, er skiptast að jöfnu á milli nefndra aðila. Þó skulu framlög vegna jarðræktar grænfoldurverksmiðja renna óskipt til viðkomandi verk-smiðju.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir fjárhæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þó skrá sérstaklega, hve mikið af framlögum gengur til afgangsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

14. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 10. gr.

Reiknast þær til afgangsgreiðslu 50% hærra en styrkuppþæðinni nemur.

16. gr.

Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal aðstoða ræktunarsambönd og aðra hliðstæða aðila við val, útvegum og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarsvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarfamkvæmdir. Hann skal og gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

17. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt lögum þessum.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, en gjaldið ákveðst þannig:

- Á gröft að 50 000 m³ greiðast 10 aurar.
- — 50 000 til 100 000 m³ greiðast 20 aurar.
- — 100 000 m³ og yfir greiðast 30 aurar.

Breytingar á jöfnunargildi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir, að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu, og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

18. gr.

Jöfnunarsjóðsgjald það, er um ræðir í 17. gr., greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft“. Hann skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, og annast það reikningshald fyrir sjóðinn. Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins, og skal það tekið af ríkisframlagi.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr sjóðnum, eftir því sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, er gefin verður út með lögum þessum.

III. KAFLI

Um búskaparhæfni jarða.

19. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem telja má að séu í hættu fyrir landspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi, landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru óhæfar til búrekstrar, svo sem vegna landsmæðar eða ónógra landgæða. Jafnframt skal athuga, hvort úr megi bæta með landaukningu frá aðliggjandi jörðum.

20. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera með sér, að jarðir séu sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, og skal félagið þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt viðkomandi héraðsráðunaut, að kanna ýtarlega búskaparskilyrði umræddra jarða, og auk þess leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Að fengnu áleti þessara aðila skal landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, úrskurða, hvort jarðir þessar skuli framvegis njóta ríkisframlags samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags, sbr. 20. gr., flytur hurt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr jarðeignasjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji ábúandinn reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

22. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísitalandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 1000—10 000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þvingja refsinguna um helming.

Brjótí héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari

ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

24. gr.

Andvirði helmings af eignum Vélasjóðs, eins og þær reynast, sbr. ákvæði til bráðabirgða hér á eftir, skal leggja í sérstakan sjóð, er Búnaðarfélag Íslands varðveitir. Verkefni þess sjóðs skal vera að styrkja tilraunir með álitlegar tækninýjungar í landbúnaði, eftir tillögum Búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra setur sjóðnum reglugerð.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag á umbætur, unnar á árinu 1972, samkvæmt því. Jafnframt eru úr gildi numin: Jarðræktarlög nr. 22 24. apríl 1965, lög um breytingar á jarðræktarlögum, nr. 36 24. apríl 1968, og 51. og 52. gr. og 4. liður 61. gr. laga nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Með lagabreytingu þessari eru niður felld ákvæði um Vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélanefnd ríkisins skal starfa til ársloka 1972, og skal hún fyrir þann tíma koma eignum Vélasjóðs í verð í samráði við landbúnaðarráðherra og ganga frá lokauppgjöri á reikningum sjóðsins.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki vöru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971. Gera má þá fyrirvara um einstök ákvæði og þær takmarkanir varðandi aðild, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt sáttmálanum. Eftir að sáttmálinn hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans, sem Ísland er við bundið, hafa lagagildi hér á landi frá þeim tíma, sem ríkisstjórnin ákveður. Sáttmálinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

BERNARSÁTTMÁLINN

til verndar bókmenntum og listum frá 9. september 1886, fullgerður í París 4. maí 1896, endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908, fullgerður í Bern 20. marz 1914 og endurskoðaður í Róm 2. júní 1928, í Brüssel 26. júní 1948, í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og í París 24. júlí 1971.

Sambandslöndin, sem eru einhuga um þá ósk, að vernda á svo virkan og samræmdan hátt, sem kostur er, rétt höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista, viðurkenna gildi þess starfs, sem unnið var á endurskoðunarráðstefnunni í Stokkhólmi 1967, en hafa ákveðið að endurskoða samninginn, sem gerður var

BERNE CONVENTION

for the protection of literary and artistic works of September 9, 1886, completed at Paris on May 4, 1896, revised at Berlin on November 13, 1908, completed at Bern on March 20, 1914 and revised at Rome on June 2, 1928, at Brussels on June 26, 1948, at Stockholm on July 14, 1967 and at Paris on July 24, 1971.

The countries of the Union, being equally animated by the desire to protect, in as effective and uniform a manner as possible, the rights of authors in their literary and artistic works,

Recognizing the importance of the work of the Revision Conference held at Stockholm in 1967,

á Stokkhólmsráðstefnunni, en láta haldast óbreytt ákvæði 1.—20. gr. og 22.—26. gr. þess sammings.

Undirritaðir umboðsmenn, sem lagt hafa fram full umboð, talin í góðu og gildu formi, hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Löndin, sem sáttmáli þessi tekur til, mynda með sér samband til verndar rétti höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista.

2. gr.

1. Hugtökin „bókmenntir og listir“ skulu taka til hvers konar framleiðslu á sviði bókmennta, vísinda og lista, án tillits til þess, með hvaða aðferð eða í hverju formi hún birtist, svo sem bækur, bæklingar og önnur rit; fyrirlestrar, ávörp, ræður og önnur verk af því tagi; leikrit eða söngleikir; dansar eða látbragðsleikir; tónverk með texta eða án hans; kvikmyndir, þar með talin verk, sem gerð eru með líkum aðferðum; teikningar, málverk, húsagerð, höggmyndir, myndstungur og prentun; ljósmyndir, þar með talin verk, sem gerð eru með líkum aðferðum; listiðnaður; myndir, kort, teikningar, uppdrættir og þríviddarverk í landafræði, staðarlýsingum, húsagerð eða vísindum.

2. Sambandslöndunum er samt sem áður áskilinn réttur til að ákveða með lögum, að verk almennt, eða sérstakar tegundir verka, skuli því aðeins njóta verndar, að þau hafi komið fram í einhvers konar efnislegu formi.

3. Þýðingar, aðlaganir, útsetningar á tónlist, eða aðrar breytingar á bókmenntum eða listaverki, skulu njóta verndar sem frumsmíðar, en að óskertum rétti höfundarins til sjálfra frumsmíðanna.

4. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, hver

Have resolved to revise the Act adopted by the Stockholm Conference, while maintaining without change Articles 1 to 20 and 22 to 26 of that Act.

Consequently, the undersigned Plenipotentiaries, having presented their full powers, recognized as in good and due form, have agreed as follows:

Article 1

The countries to which this Convention applies constitute a Union for the protection of the rights of authors in their literary and artistic works.

Article 2

1. The expression „literary and artistic works“ shall include every production in the literary, scientific and artistic domain, whatever may be the mode or form of its expression, such as books, pamphlets and other writings; lectures, addresses, sermons and other works of the same nature; dramatic or dramatic-musical works; choreographic works and entertainments in dumb show; musical compositions with or without words; cinematographic works to which are assimilated works expressed by a process analogous to cinematography; works of drawing, painting, architecture, sculpture, engraving and lithography; photographic works to which are assimilated works expressed by a process analogous to photography; works of applied art; illustrations, maps, plans, sketches and three-dimensional works relative to geography, topography, architecture or science.

2. It shall, however, be a matter for legislation in the countries of the Union to prescribe that works in general or any specified categories of works shall not be protected unless they have been fixed in some material form.

3. Translations, adaptations, arrangements of music and other alterations of a literary or artistic work shall be protected as original works without prejudice to the copyright in the original work.

4. It shall be a matter for legislation in the countries of the Union to determine

vernd skuli veitt opinberum textum í lög-gjöf, stjórnsýslu, eða textum lögfræðilegs eðlis, og opinberum þýðingum á þess konar textum.

5. Safnverk á sviði bókmennta og lista, svo sem alfræðiorðabækur og sýnisbækur, þar sem efnisval og niðurröðun efnis felur í sér andlega sköpun, skulu vernduð sem slík að óskertum höfundarrétti til einstakra verka í safninu.

6. Verk þau, sem um getur í þessari grein, skulu njóta verndar í öllum sambandslöndunum. Verndin er til handa höfundi og síðari rétthöfum að verkum hans.

7. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, sbr. þó 4. mgr. 7. gr., að hve miklu leyti löggjöf þeirra taki til listiðnaðar og til hönnunar og frumgerða á sviði iðnaðar, og enn fremur að kveða á um það, með hvaða skilmálum slík verk, hönnun og frumgerðir skuli verndaðar. Nú er verk einungis verndað í upprunalandi sínu sem hönnun eða fyrsta smíði, og skal það þá einungis njóta þeirrar sérstöku verndar í öðru sambandslandi, sem þar er veitt hönnun og fyrstu smíði. En ef engin þess konar sérstök vernd er veitt í því landi, skulu slík verk njóta verndar sem listaverk.

- 526 **Stafholtsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
- 527 **Varmalandsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
- 528 **Norðurárdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brú á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Norðurlandsveg hjá Króki.
- 529 **Valbjarnarvallavegur:** Af Vesturlandsvegi neðan Eskiholts að Birkibóli.
- 530 **Ferjubakkavegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Ferjukotssíkis um Ferjubakka að Ólafsvíkurvegi hjá Brennistöðum.
- 531 **Borgarnesbraut:** Af Ólafsvíkurvegi að Borgarnesi.
- 532 **Fursstaðavegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
- 533 **Álftaneshreppsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
- 534 **Álftanesvegur:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
- 535 **Grímsstaðavegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaarbrú að Árbæ.
- 537 **Sauravegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Hraunhreppsvegi syðri hjá Jaðri.
- 538 **Hraunhreppsvegur syðri:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Hrafnkelstöðum, um Þverholt að Stóra-Kálfalæk.
- 539 **Staðarhraunsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
- 540 **Hraunhreppsvegur vestri:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum, um Einholt að Stóra-Kálfalæk.
- 566 **Hítarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
- 567 **Kolviðarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
- 568 **Skógarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollstaði að Hausthúsum.
- 570 **Stakkhamarsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi austan Hofstaða að Stakkhamri.
- 571 **Ölkelduvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
- 572 **Lýsuhólsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
- 574 **Útnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðarheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
- 576 **Framsveitarvegur:** Af Snæfellsnessvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnessveg hjá Eyri.
- 577 **Helgafellssveitarvegur:** Af Snæfellsnessvegi við Mjósund, um Berserkjahraun á Kerlingarskarðsveg norðan Kerlingarskarðs.
- 580 **Hörðudalsvegur vestri:** Af Snæfellsnessvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.

- 581 **Hörðudalsvegur** eystri: Af Snæfellsnessvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
- 582 **Hálsabæjavegur** nyrðri: Af Snæfellsnessvegi vestan Miðár um Snóksdal að Bæ.
- 583 **Hálsabæjavegur** syðri: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadal, um Hundadal að Bæ.
- 585 **Hlíðarvegur**: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu að Vestfjarðavegi norðan Tunguár.
- 586 **Haukadalsvegur**: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
- 587 **Hjarðarholtsvegur**: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt og yfir brú á Laxá á Dönustaðagrjóttum á Laxárdalsveg við Dönustaði.
- 588 **Sælingsdalsvegur**: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Sælingsdals-tungu.
- 590 **Klofningsvegur**: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðavegi í Saurbæ.
- 591 **Neðribyggðarvegur**: Af Klofningsvegi austan við Knarrarhöfn, að Ketilsstöðum.
- 592 **Skorrvíkurvegur**: Af Klofningsvegi vestan Hellu um Skorrvík að Ketilsstöðum.
- 593 **Efribyggðarvegur**: Af Klofningsvegi nálægt Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
- 594 **Staðarhólsvegur**: Af Klofningsvegi við Kirkjuhol í Saurbæ um Staðarhól að vegamótum við brú á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum.
- 60 **Vestfjarðavegur**: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svinadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
- 69 **Steinadalsvegur**: Af Vestfjarðavegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

- 1 **Norðurlandsvegur**: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheidi að Hrutafjarðará.
- 59 **Laxárdalsvegur**: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheidi að Hólmavíkurvegi norðan Borðeyrar.
- 60 **Vestfjarðavegur**: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettháls, Vattarfjörð, Litlanes, Fossárháls, Þingmannadal og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnsýrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önumdarfjörð, Breiðadalshaiði, Ísafjörð og Óshlið til Bolungarvíkur.
- 61 **Djúpvegur**: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði, um Arngerðareyri, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall, út með Mjóafirði, um Ögur, fyrir Skötufjörð og Hestfjörð, um Seyðisfjörð að Eyri í Seyðisfirði.
- 62 **Barðastrandarvegur**: Af Vestfjarðavegi, hjá Hellu í Vatnsfirði, um Barðaströnd, yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
- 63 **Bíldudalsvegur**: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
- 64 **Flateyrarvegur**: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
- 65 **Súgandafjarðarvegur**: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
- 67 **Súðavíkurvegur**: Af Vestfjarðavegi í Skutulsfirði, um Arnardal, Súðavík og Álftafjörð að Eyri í Seyðisfirði.
- 68 **Hólmavíkurvegur**: Af Norðurlandsvegi vestan Hrutafjarðarar, út með Hrutafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrimsfirði til Hólmavíkur.
- 69 **Steinadalsvegur**: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.

- 605 **Tröllatunguheiði:** Af Vestfjarðavegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði hjá Tröllatungu á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
- 607 **Reykhólasveitarvegur:** Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Stað.
- 609 **Fjarðarhlíðarvegur:** Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, um Fjörð að Hamri.
- 610 **Hörgsnesvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Fossá um Hörgsnes að Vestfjarðavegi við Vatnsdalsvatn.
- 611 **Siglunesvegur:** Frá Vestfjarðavegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
- 612 **Örlygshafnarvegur:** Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.
- 614 **Rauðasandsvegur:** Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri um Saurbæ að Gröf á Rauðasandi.
- 615 **Kollsvíkurvegur:** Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls, Kollsvík, um Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
- 616 **Suðureyrarvegur:** Af Bildudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Hvammeyri.
- 617 **Tálknafjarðarvegur:** Af Bildudalsvegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
- 619 **Ketildalvegur:** Af Bildudalsvegi um Bildudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
- 622 **Svalvogavegur:** Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal og Keldudal að Svalvogum.
- 624 **Ingjaldssandsvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
- 625 **Valþjófsdalsvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
- 626 **Önundarfjarðarvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Vífilsmyrum um Hól á Vestfjarðaveg hjá Kirkjubóli.
- 629 **Syðridalsvegur:** Af Vestfjarðavegi á Hólssandi að Geirastöðum.
- 632 **Laugardalsvegur:** Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
- 633 **Vatnsfjarðarvegur:** Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
- 635 **Snæfjallastrandarvegur:** Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
- 641 **Krossárdalsvegur:** Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
- 643 **Strandavegur:** Frá Hólmavíkurvegi við Hólmavík fyrir botn Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að Eyri við Ingólfsfjörð.
- 644 **Staðardalsvegur:** Af Strandavegi í Staðardal að Víðivöllum.
- 645 **Drangsnesvegur:** Af Strandavegi hjá Hálgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
- 647 **Norðurfjarðarvegur:** Af Strandavegi hjá Melum í Trékyllisvík á bryggju á Norðurfirði.

Norðurlandskjördæmi vestra.

- 1 **Norðurlandsvegur:** Frá sýslumörkum við Hrutafjarðará, um Hrutafjörð, yfir Hrutafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Vatnsdal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
- 72 **Hvammstangavegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
- 74 **Skagastrandarvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.

- 76 **Siglufjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Sauðárkrók, Hegranes, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
- 702 **Heggsstaðanesvegur:** Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Reykjastapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
- 704 **Miðfjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Miðfjarðará hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
- 705 **Vesturárdalsvegur:** Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
- 706 **Núpsdalsvegur:** Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi, um Efra-Núp, yfir Austurárdalsháls, út Austurárdal á Miðfjarðarveg gegnt Haugi.
- 711 **Vatnsnesvegur:** Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
- 712 **Þorgrímsstaðadalsvegur:** Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn um Tungu og yfir Tunguá að Ásbjarnarstöðum.
- 714 **Fitjavegur:** Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjaárdal um Fremri-Fitjar, yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
- 715 **Víðidalsvegur vestri:** Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
- 716 **Síðuvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.
- 717 **Borgarvegur:** Af Síðuvegi hjá Síðu um Stóru-Borg á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
- 718 **Víðidalsvegur eystri:** Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóts austan Víðidalsár á Víðidalsveg hjá Hvarfi.
- 721 **Þingeyrarvegur:** Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
- 722 **Vatnsdalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brýr á Álftaskálará og Vatnsdalsá og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
- 724 **Reykjabraut:** Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki norðan Svínavatns á Svinvetningabraut hjá Tindum.
- 725 **Miðásavegur:** Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæli.
- 726 **Auðkúluvegur:** Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svinvetningabraut sunnan Svínavatns.
- 727 **Svínadalsvegur:** Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
- 731 **Svinvetningabraut:** Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
- 732 **Kjalvegur:** Af Svinvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
- 733 **Blöndudalsvegur:** Af Svinvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
- 734 **Svartárdalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
- 741 **Neðribyggðarvegur:** Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
- 742 **Mýravegur:** Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá að Skrapatungu.
- 743 **Laxárdalsvegur:** Af Þverárfjallsvegi yfir Norðurá að Mánaskál.
- 744 **Þverárfjallsvegur:** Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.

- 745 **Skagavegur:** Frá Skagaströnd um Kálfshamarsvík, Hafnir, Hvalnes, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð að Sauðárkróki.
- 746 **Reykjastrandarvegur:** Af Skagavegi hjá Skarði að Daðastöðum.
- 751 **Efribyggðarvegur:** Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
- 752 **Skagafjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Hofi.
- 753 **Vallhólmavegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
- 754 **Héraðsdalsvegur:** Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
- 755 **Tunguhálsvegur:** Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
- 756 **Austurdalsvegur:** Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri, um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
- 757 **Kjálkavegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
- 761 **Fjallsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
- 762 **Sæmundarhlíðarvegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
- 763 **Hellulandsvegur:** Af Siglufjarðarvegi á vestanverðu Hegranesi að Hellulandi.
- 764 **Hegranesvegur vestri:** Frá vegamótum Hegranesvegur eystri við Ketu að Hellulandi.
- 765 **Hegranesvegur eystri:** Af Siglufjarðarvegi hjá Garði að Eyhildarholti.
- 766 **Út-Blönduhlíðarvegur:** Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnsbrúar á Grundarstokki, um Blönduhlíð á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
- 767 **Hólavegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti að Hólum.
- 768 **Hjaltadalsvegur:** Frá brú á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
- 769 **Ásavegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
- 781 **Deildardalsvegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Deildará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
- 782 **Unadalsvegur syðri:** Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.
- 783 **Unadalsvegur nyrðri:** Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Hof að Hugljótsstöðum.
- 784 **Bæjarvegur:** Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mannskaðahóli.
- 786 **Sléttuhlíðarvegur:** Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
- 787 **Flókadalsvegur vestri:** Af Siglufjarðarvegi vestan við Yzta-Mó að vegamótum Austari-Hólsvegar.
- 788 **Flókadalsvegur eystri:** Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes að Barði.
- 789 **Sléttuvegur:** Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótsárbrúar, um Sléttu að Minni-Brekku.
- 82 **Ólafsfjarðarvegur:** Af Siglufjarðarvegi á Ketilási um Stíflu að sýslumörkum á Lágheiði.

Norðurlandskjördæmi eystra.

- 1 **Norðurlandsvegur:** Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.

- 82 **Ólafsfjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
- 83 **Grenivíkurvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum, um Svalbarðsströnd, Dalsmynni og Höfðahverfi, um Grenivík og Hjalla.
- 85 **Norðausturvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi, Jökulsárbrú í Axarfirði, Axarfjarðarheiði, Þistilfjörð og að sýslumörkum á Brekknaheiði.
- 87 **Mývatnsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólsand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
- 88 **Raufarhafnarvegur:** Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Kópasker og Melrakkaslétu til Raufarhafnar.
- 89 **Hálsavegur:** Af Norðausturvegi við Viðinesá, um Hálsa til Raufarhafnar.
- 802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Kviabekk að Vatnsenda.
- 803 **Kleifavegur:** Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Syðri-Á.
- 804 **Vatnsendavegur:** Frá Ólafsfjarðarkaupstað að Vatnsenda.
- 805 **Svarfaðardalsvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Ángerði, um Urðir að Atlastöðum.
- 806 **Tunguvegur:** Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum að Skíðadalsvegi hjá Hvarfi.
- 807 **Skíðadalsvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrisum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
- 808 **Árskógssandsvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandi.
- 809 **Hauganesvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
- 811 **Hjalteyrarvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
- 812 **Bakkavegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi að vegamótum Hjalteyrarvegar hjá Ytri-Bakka.
- 813 **Möðruvallavegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
- 814 **Staðarbakkevegur:** Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.
- 815 **Hörgárdalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
- 816 **Dagverðareyrarvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi sunnan Hörgárbrúar, um Gásir og Dagverðareyri, á Norðurlandsveg hjá Sólborgarhóli.
- 817 **Blómsturvallavegur:** Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
- 821 **Eyjafjarðarbraut vestri:** Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að Torfufelli.
- 822 **Finnastaðavegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.
- 823 **Dalsvegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestari hjá Melgerði yfir Finnastaðaveg að Litladal.
- 824 **Hólavegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestari móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla að vegamótum hjá Núpufelli.
- 825 **Sölvadalsvegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestari hjá Saurbæ um brú á Eyjafjarðará að Þormóðsstöðum.
- 826 **Eyjafjarðarbraut eystri:** Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, að vegamótum norðan Saurbæjar.
- 831 **Svalbarðseyrarvegur:** Af Norðurlandsvegi ofan við brú á Geldingsá að Svalbarðseyri.
- 832 **Brúarvegur:** Af vegamótum Norðurlandsvegar við Skóga, yfir gömlu brú á Fnjóská, að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Hálsi.
- 833 **Illugastaðavegur:** Af Norðurlandsvegi við Skóga suður að Illugastöðum.

- 834 **Fnjóskadalsvegur vestri:** Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.
- 835 **Fnjóskadalsvegur eystri:** Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
- 836 **Vaglaskógarvegur:** Af Brúarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Mörk.
- 841 **Fremstafellsvegur:** Af Norðurlandsvegi vestan Kvislarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
- 842 **Bárðardalsvegur vestri:** Af Norðurlandsvegi við Kvislarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
- 843 **Lundarbrekkuvegur:** Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl að Viðikeri.
- 844 **Bárðardalsvegur eystri:** Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
- 845 **Aðaldalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
- 846 **Austurhlíðarvegur:** Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
- 847 **Stafnsvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
- 848 **Mývatnssveitarvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
- 849 **Baldursheimavegur:** Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
- 851 **Út-Kinnarvegur:** Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum út að Granastöðum.
- 852 **Sandsvegur:** Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Hraunkoti.
- 853 **Hvammavegur:** Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls yfir Laxá hjá Hólmavaði á Mývatnsvæg austan Laxárvirkjunar.
- 854 **Staðarbraut:** Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls um Laxárvirkjun á Hvammveg.
- 855 **Fagranesvegur:** Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
- 856 **Laxárdalsvegur vestri:** Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
- 857 **Laxárdalsvegur eystri:** Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Árhvammi.
- 861 **Vestursandsvegur:** Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýjabæjarvegur.
- 862 **Uppsveitarvegur:** Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
- 865 **Hólsfjallavegur:** Af Norðausturvegi austan Jökulsárbrúar í Axarfirði, hjá Dettifossi á vegamót Norðurlandsvegur við Grímsstaði á Fjöllum.
- 866 **Gilsbakkavegur:** Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
- 867 **Austursandsvegur:** Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að vegamótum Skógavegar.
- 868 **Langanesvegur:** Af vegamótum Norðausturvegur við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að vegamótum Eiðisvegur.

Austurlandskjördæmi.

- 1 **Austurlandsvegur:** Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öraefi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
- 85 **Norðausturvegur:** Af sýslumörkum á Brekknabeiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsaárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
- 91 **Hafnarvegur í Bakkafirði:** Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
- 92 **Norðfjarðarvegur:** Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddskarð og til Neskaupstaðar.

- 93 **Seyðisfjarðarvegur:** Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
- 94 **Borgarfjarðarvegur:** Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðabínghá, Hjaltastaðabínghá, yfir Selfjótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
- 96 **Suðurfjarðarvegur:** Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambarnes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
- 97 **Breiðdalsvíkurvegur:** Af Suðurfjarðarvegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
- 98 **Djúpavogsvegur:** Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
- 99 **Hafnarvegur:** Af Austurlandsvegi að Höfn.
- 911 **Gunnarsstaðvegur í Bakkafirði:** Af Norðausturvegi nálægt Hölná að Gunnarsstöðum.
- 913 **Strandhafnarvegur:** Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum.
- 915 **Vesturdalsvegur:** Af Norðausturvegi austan Vesturár um brú á Vesturá hjá Öskumel að Ytri-Hlíð.
- 917 **Hlíðarvegur:** Af Norðausturvegi hjá Vatnsdalsgerði yfir Hellisheiði og um Jökulsárhlíð á Austurlandsveg hjá Fossvöllum.
- 919 **Sunnudalsvegur:** Af Hlíðarvegi austan við Hofsa, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
- 921 **Eyjavegur:** Af Hlíðarvegi nálægt Bakkagerði um Eyjasel og Hnitbjörg á Hlíðarveg móts við Fögruhlíð.
- 922 **Grófarselsvegur:** Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.
- 923 **Jökuldalsvegur:** Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.
- 924 **Jökuldalsvegur eystri:** Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
- 925 **Hróarstunguvegur:** Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
- 926 **Húseyjarvegur:** Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
- 927 **Brekkubæjavegur:** Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
- 928 **Geirastaðavegur:** Af Hróarstunguvegi hjá Kirkjubæ um Gunnhildargerði á Húseyjarveg hjá Geirastöðum.
- 929 **Fellavegur:** Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
- 931 **Upphéraðsvegur:** Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfstöðum á Völlum.
- 933 **Norðurdalsvegur í Fljótsdal:** Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
- 934 **Múlavegur í Fljótsdal:** Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
- 935 **Suðurdalsvegur í Fljótsdal:** Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Viðivöllum fremri.
- 936 **Vallanesvegur:** Af Upphéraðsvegi í Víkingsstaðabla að Vallanesi.
- 937 **Skriðdalsvegur:** Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
- 938 **Múlavegur syðri:** Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
- 939 **Axarvegur:** Af Austurlandsvegi í Viðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
- 942 **Steinsvaðsvegur:** Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
- 943 **Hjaltastaðarvegur:** Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg sunnan við Unaós.

- 944 **Lagarfossvegur:** Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfliót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
- 946 **Hólalandsvegur:** Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að vegamótum við Hvannstöð.
- 947 **Desjamýrarvegur:** Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
- 951 **Vestdalseyrarvegur:** Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
- 952 **Hánefsstaðavegur:** Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Búðareyri að vegamótum sildarbræðslu við Sörlastaðaá.
- 953 **Mjóafjarðarvegur:** Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
- 954 **Helgustaðavegur:** Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkauptúni að Stóru-Breiðuvík.
- 956 **Dalavegur:** Af Suðurfjarðarvegi norðan Dalsár að Hólagerði.
- 962 **Norðurdalsvegur í Breiðdal:** Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
- 964 **Breiðdalsvegur:** Af Austurlandsvegi sunnan Breiðdalsárbrúar að Randversstöðum.
- 984 **Hoffellsvegur:** Af Austurlandsvegi vestan Hoffellsárbrúar að Hoffelli.
- 986 **Rauðabergsvegur:** Af Austurlandsvegi nálægt Viðborðsseli að Rauðabergi.

3.2. Flokkun þjóðvega skv. 3.1. í undirflokk.

3.2.1 Hraðbrautir A og B:

- 1 **Suðurlandsvegur:** Hvolsvöllur — vegamót Landvegar og vegamót Hrunamannavegar — Reykjavík.
- 34 **Eyrbakkavegur:** Selfoss — vegamót Gaulverjabæjarvegar.
- 35 **Biskupstungnabraut:** Vegamót Suðurlandsvegar — vegamót Þingvallavegar.
- 36 **Þingvallavegur:** Kaldakvísl hjá Gljúfrasteini — vegamót Vesturlandsvegar.
- 40 **Hafnarfjarðarvegur.**
- 41 **Reykjanesbraut.**
- 43 **Grindavíkurvegur.**
- 44 **Hafnavegur:** Vegamót Reykjanesbrautar — Keflavíkurflugvöllur.
- 45 **Garðskagavegur:** Vegamót Reykjanesbrautar — Gerðar.
- 415 **Álftanesvegur:** Vegamót Hafnarfjarðarvegar — Garðaholt.
- 1 **Vesturlandsvegur:** Reykjavík — vegamót Norðurárdalsvegar.
- 51 **Akranesvegur.**
- 54 **Ólafsvíkurvegur:** Vegamót Vesturlandsvegar — vegamót Borgarnesbrautar.
- 531 **Borgarnesbraut.**
- 60 **Vestfjarðavegur:** Vegamót Súðavíkurvegar — Hnífsdalur.
- 1 **Norðurlandsvegur:** Vegamót Ólafsfjarðarvegar — vegamót Grenivíkurvegar.
- 85 **Norðausturvegur:** Vegamót Mývatnsvegar — Húsavík.
- 1 **Austurlandsvegur:** Vegamót Flugvallarvegar — vegamót Norðfjarðarvegar.
- 92 **Norðfjarðarvegur:** Vegamót Austurlandsvegar — vegamót Seyðisfjarðarvegar.

3.2.2 Þjóðbrautir:

- 1 **Suðurlandsvegur:** Vík í Mýrdal — Hvolsvöllur og vegamót Landvegar — vegamót Hrunamannavegar.

- 30 **Hrunamannavegur:** Vegamót Suðurlandsvegur — vegamót Skálholtsvegur.
- 31 **Skálholtsvegur.**
- 34 **Eyrarbakkevegur:** Vegamót Gaulverjabæjarvegur — Eyrarbakki.
- 35 **Biskupstungnabraut:** Vegamót Þingvallavegur — vegamót Skálholtsvegur.
- 36 **Þingvallavegur:** Vegamót Biskupstungnabrautar — Kaldakvísl hjá Gljúfrasteini.
- 306 **Hafnarskeiðsvegur.**
- 1 **Vesturlandsvegur:** Vegamót Norðurárdalsvegur — vegamót Norðurlandsvegur við Dalsmynni.
- 45 **Garðskagavegur:** Gerðar — Stafnes.
- 422 **Innri-Njarðvíkurvegur.**
- 54 **Ólafsvíkurvegur:** Vegamót Borgarnesvegur — Ólafsvík.
- 56 **Kerlingarskarðsvegur.**
- 57 **Snæfellsnessvegur:** Vegamót Stykkishólmsvegur — vegamót Ólafsvíkurvegur.
- 58 **Stykkishólmsvegur.**
- 574 **Útnesvegur:** Hellissandur — Ólafsvík.
- 60 **Vestfjarðavegur:** Vegamót Vesturlandsvegur hjá Dalsmynni — vegamót Súðavíkurvegur og Hnífsdalur — Bolungarvík.
- 62 **Barðastrandarvegur.**
- 1 **Norðurlandsvegur:** Vegamót Vesturlandsvegur hjá Dalsmynni — vegamót Ólafsfjarðarvegur og vegamót Grenivíkurvegur — sýslumörk á Biskupshálsi.
- 68 **Hólmavíkurvegur.**
- 76 **Siglufjarðarvegur.**
- 766 **Út-Blönduhlíðarvegur.**
- 82 **Ólafsfjarðarvegur.**
- 85 **Norðausturvegur:** Vegamót Norðurlandsvegur — vegamót Mývatnsvegur, Húsavík, — vegamót Raufarhafnarvegur og vegamót Hálsavegar — vegamót Hlíðarvegur.
- 88 **Raufarhafnarvegur.**
- 89 **Hálsavegur.**
- 845 **Aðaldalsvegur.**
- 868 **Langanesvegur:** Vegamót Norðausturvegur — Þórshöfn.
- 1 **Austurlandsvegur:** Vegamót Norðurlandsvegur — vegamót Flugvallarvegur og vegamót Norðfjarðarvegur — vegamót Hafnarvegur.
- 92 **Norðfjarðarvegur:** Vegamót Seyðisfjarðarvegur — Neskaupstaður.
- 96 **Suðurfjarðavegur.**
- 99 **Hafnarvegur.**
- 917 **Hlíðarvegur.**

3.2.3 Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.

3.3. Aðalfjallvegir.

3.3.1 Kaldadalsvegur (40 km).

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

3.3.2 Kjalvegur (165 km).

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3.3.3 Fjallabaksvegur nyrðri (117 km).

Af Landvegi (26) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (206) hjá Búlandi.

3.3.4 Sprengisandsleið (574 km).

Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (825) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (222 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Litlu-Hlíð (80 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptýppingum um Hvannalindir austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

Samgönguráðuneytið, 21. júní 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

11. júlí 1972.

225

Nr. 87.

BRÁÐABIRGÐALÖG um tímabundnar efnahagsráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ef svo fer fram, sem nú horfir í verðlags- og kaupgjaldsmálum, séu í vændum verulegar víxlhækkunarir verðlags og kaupgjalds, sem stefnt geti afkomu atvinnuvega, atvinnuöryggi og þar með hag allra landsmanna í hættu. Beri því brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíka þróun, fá aukið svigrúm til að kanna rækilega allar aðstæður og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar, og undirbúa varanlegri úrræði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Leyfi til verðhækkunar á vöru og þjónustu samkvæmt 1.—3. málsg. ákvæða til bráðabirgða í 2. gr. laga nr. 94/1971, um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54/1960, skulu því aðeins veitt, að allir viðstaddir nefndarmenn (þar með varamenn) greiði þeim atkvæði.

Ákvæði fyrri málsg. þessarar gr. gildir til 31. desember 1972.

2. gr.

Fjölskyldubætur skulu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 1972 vera 5.500 kr. með hverju barni í stað 4.000 kr., samkvæmt 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannaþryggingar.

3. gr.

Ríkisstjórnin eykur niðurgreiðslu vöruverðs sem svarar 1½ stigi í kaupgreiðslu-vísitölu frá og með gildistöku þessara laga.

4. gr.

Samningum þeim, sem fram eiga að fara fyrir 1. september 1972 samkvæmt lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., um nýjan verðlagsgrundvöll og breyttan vinnslu- og dreifingarkostnað búvöru, skal frestað um 4 mánuði. Skulu nýir verðlagssamningar þá gilda til ágústloka 1973. Framreikningur gildandi verðlagsgrundvallar og verðbreytingar vegna breytts vinnslu- og dreifingarkostnaðar skulu fara eftir þeim reglum og venjum, sem gilda þar um.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1972 (lög nr. 101/1971), er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 400 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

A 28

6. gr.

Á tímabilinu 1. september til ársloka 1972 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 117 stig, sjá þó 2. málsg. þessarar gr.

Ef framfærsluvísitala 1. ágúst 1972 verður meira en $2\frac{1}{2}$ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972 — auk þeirrar hækkunar, er eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, sbr. og fyrri málsg. 8. gr. — þá skal verðlagsuppbót tímabilsins 1. september til 30. nóvember 1972 vera 17%, að viðbætti nefndri hækkun umfram $2\frac{1}{2}$ stig. Sama gildir um útreikning verðlagsuppbótar frá 1. desember 1972, ef framfærsluvísitala 1. nóvember 1972 verður meira en $2\frac{1}{2}$ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972, að viðbætti þeirri hækkun, er varð 1. ágúst 1972 og eigi var verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

7. gr.

Nú ákveður ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá 1. september eða 1. desember 1972, og skal þá við útreikning þann, er um ræðir í 2. málsg. 6. gr., ef til kemur, miða við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni þeirri verðlækkun, er slík aukin niðurgreiðsla veldur. Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd með minnst tveggja vikna fyrirvara um þá niðurgreiðsluaukningu, sem hún kann að ákveða frá 1. september eða 1. desember 1972.

8. gr.

Við útreikning verðlagsuppbótar, ef til kemur, sbr. 2. málsg. 6. gr., skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Gildir þetta eins þótt slík hækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess, að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

Hækkun sú, er verður á búvöruverði til framleiðenda við haustverðlagningu 1972 og eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga (sbr. 2. málsg. 6. gr.), skal fyrst tekin til greina, þá er kaupgreiðsluvísitala verður reiknuð fyrir tímabilið 1. marz til 31. maí 1973.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. júlí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954 um orkuver Vestfjarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að fyrirsjáanlegur sé verulegur raforkuskortur á Vestfjörðum. Ber því nauðsyn til að hefjast þegar handa um mannvirkjagerð til aukningar raforkuframleiðslu í Mjólka í Arnarfirði. Er ákveðið að byrja mannvirkjagerðina þegar á þessu sumri. Lagaheimild skortir hins vegar til þessara framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólka í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kílówatta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði ánnu til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á lögum nr. 68
15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að við álagningu tekjuskatts á tekjur skattársins 1971, hafi tekjuskattur á hluta af hinum tekjulægri í hópi elli- og örorkulífeyrisþega reynzt mun meiri en gert var ráð fyrir þegar skattalögin voru sett. Brýna nauðsyn beri því til að lækka þessar álögur í samræmi við þá meginstefnu að létta byrðar þeirra, sem minna mega sín.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

IV. liður 11. greinar laganna orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

- a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
- b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56.000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónur, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
- c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

2. gr.

VI. liður 11. greinar laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Gjört að Bessastöðum 11. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

30. ágúst 1972.

229

Nr. 90.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna breyttra viðhorfa við gildistöku reglugerðar nr. 189 14. júlí 1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem hún er afmörkuð 50 sjómílum utan við grunnlínu frá 1. september n. k., beri brýna nauðsyn til að skipa veiðiheimildum íslenskra skipa með öðrum hætti en leiðir af ákvæðum núgildandi laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna: „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Á eftir orðunum „með reglugerð“ í 1. málslíð 2. gr. laganna komi orðin: til viðbótar svæðum samkvæmt heimildum í einstökum staflíðum greinarinnar.

3. gr.

Á eftir líð G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

G2. Frá línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26 skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1972

Nr. 91.

230

14. september 1972.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi
tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji nauðsynlegt að efla Landhelgisgæzluna að skipakosti við núverandi aðstæður um óákveðinn tíma og telur, að hentugustu skip, sem völ er á í landinu til þessara starfa, séu hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi og beri því brýna nauðsyn til, að heimild fái til að taka tvö hvalveiðiskip leigunámi í framangreindu skyni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1972

18. september 1972.

231

Nr. 92.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1972.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 18. september 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Stjórnartíðindi A. 16, nr. 92. Útgáfudagur 21. september 1972.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1972

Nr. 93.

232

16. nóvember 1972.

L Ö G

um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku
Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á erlendu láni allt að \$ 10 000 000, er Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána vegna kaupa á togurum, sem smíðaðir eru utanlands.

2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 75 frá 13. maí 1966, er Fiskveiðasjóði heimilt að veita eigendum skipanna lán, er nemi $\frac{1}{2}$ af kaupverði þeirra. Heimilast ríkisstjórninni að veita sjálfskuldarábyrgð á þeim hluta lánanna, sem er yfir $\frac{2}{3}$ kaupverðs skipanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. nóvember 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Stjórnartíðindi A 17, nr. 93. Útgáfudagur 17. nóvember 1972.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 5. maí 1972 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerðir nr. 90 20. október 1969, nr. 86 8. júní 1970 og nr. 73 25. júní 1971:

1. gr.

42. gr., er ber fyrirsögnina „**Kennsla, rannsóknir og nám í læknadeild, svo og um stjórn deildarinnar**“, breytist svo sem hér segir:

Í staflíð c. falli niður næstsiðasta málsg. þess kafla, er fjallar um **deildarráð**, þ. e. sú málsg., er hefst á orðunum „**Leggja skal greinargerðir . . .**“.

Næstsiðasta málsg. þess kafla í sama staflíð, er fjallar um **deildarfundi**, orðist svo:

Deildarfundur getur vísað málum til deildarráðs eða kennslunefndar til nánari athugunar og umsagnar.

Í staflíð d., kaflanum um **kennslunefnd**, verði sú breyting á upptalningu verkfna kennslunefndar, að 3. og 4. töluliður orðist svo:

3. Afgreiðsla mála, er varða kennslu eða próf. Þó skal afgreiðsla mála, er varða breytingar á kennslufyrirkomulagi í heild eða í einstökum greinum, lögð fyrir deildarfund til endanlegrar afgreiðslu.

4. Ýmis verkefni, sem deildarfundur eða deildarforseti felur nefndinni.

Í staflíð f., „**Kennslugreinar**“, orðist 1. og 2. töluliður svo:

1. **Efnafræði, lífræn og ólífræn.**

Kennsla er munnleg og verkleg á fyrsta námsári. Í ólífrænni efnafræði eru kennd grunnvallaratriði almennrar efnafræði, þar með talin höfuðatriði eðlisefnafræðinnar (physical chemistry), frumefnafræði og efnabreytingar. Í lífrænni efnafræði eru kennd grundvallaratriði varðandi aromatisks og alifatisk efni og gerð grein fyrir þýðingu þeirra í lífefnafræði. Próf eru í lok fyrsta námsárs og eru skrifleg og verkleg. Einkunn fyrir skriflega prófið er reiknuð til læknisprófs.

Heimilt er að efna til 4—6 vikna sumarnámskeiðs í efnafræði vegna þeirra stúdenta, sem telja sig hafa ónóga undirbúningsmenntun í efnafræði.

2. **Eðlisfræði (Medicinsk fysik).** Kennsla er munnleg og verkleg á fyrsta námsári. Farið er yfir þau atriði eðlisfræðinnar, sem hafa mesta þýðingu í líffræði og eru m. a. nauðsynleg undirstaða náms í lífeðlisfræði. Fjallað er um mælingar og tæki, sem notuð eru í læknisfræði.

Skriflegt próf er í lok kennsluárs með einkunn, sem reiknast til læknisprófs.

Heimilt er að efna til 4—6 vikna sumarnámskeiðs í eðlisfræði og stærðfræði vegna þeirra stúdenta, sem telja sig hafa ónóga undirbúningsmenntun í eðlisfræði.

2. gr.

43. gr., er ber fyrirsögnina „Próf í læknadeild“, breytist svo sem hér segir:

Í stað 2. málsgr., er hefst á orðunum „Próf í læknadeild eru haldin . . .“, komi sex nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Próf í læknadeild eru haldin að vori og hausti. Haustprófum skal lokið 20. september. Heimilt er að prófa á öðrum tímum í nokkrum greinum, þar sem einkunn reiknast ekki til læknisprófs. Einnig getur kennslunefnd í samráði við hlutaðeigandi kennara og deildarráð leyft próf á öðrum tímum vegna forfalla eða annarra sérstakra ástæðna.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta einnig verið munnleg og verkleg. Skal leitast við að prófa sem víðast úr námsefni. Kennslunefnd ákveður í samráði við hlutaðeigandi kennara, hvernig prófa skuli, og skal það tilkynnt í upphafi kennsluárs.

Próf í einstökum prófgreinum má ekki endurtaka nema einu sinni, nema bæði deildarráð og kennslunefnd sjái lögmeða ástæðu til að veita undanþágu.

Einkunnir skal skrá í heilum og hálfum tölum frá 0—10.

Meðaleinkunnir reiknast með einum aukastaf. Aðaleinkunn 9.0—10 er ágætiseinkunn, 7.3—8.9 er I. einkunn, 6.0—7.2 er II. einkunn og 5.0—5.9 er III. einkunn.

Stúdent, sem nær ekki einkunn 5.0 á einhverju prófi, telst ekki hafa staðizt það próf.

Á eftir 3. málsgr., er verður 8. málsgr., komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Árangur í prófum í lyflæknis- og handlæknisvitjun reiknast til loka einkunnar, og skal metinn á sama hátt og í munnlegum og skriflegum prófum.

Í upptalningu prófgreina í 4. málsgr., sem verður 10. málsgr., falli niður rómverska talan II á eftir orðunum „Eðlisfræði“ og „Efnifræði“.

Fjórar síðustu málsgreinar kaflans um próf í læknadeild, aftur að „Læknis- skoðun“ falli brott, en í stað þeirra komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nái stúdent ekki tilskilinni einkunn í einhverju prófi, má hann þreyta það próf aftur að hausti eða vori, enda séu ákvæði um heildarnámstíma því ekki til fyrirstöðu.

Meira en 8 ár mega ekki líða frá skrásetningu til lokaprófs, nema með sérstöku leyfi deildarinnar, þ. e. deildarráðs og kennslunefndar.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi. Hún tekur ekki til þeirra stúdenta, sem stunda nám samkvæmt reglugerð nr. 76/1958, eins og hún var fyrir gildistöku breytinga samkv. reglugerð nr. 90/1969. Þó getur deildarráð heimilað stúdent að haga framhaldi á námi sínu og prófum í samræmi við reglugerð nr. 90/1969 með áorðnum breytingum.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. nóvember 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 10. nóvember 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

12. nóvember 1972.

Nr. 96.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 12. nóvember 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Gisli Arnason.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 18. desember 1972, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða hana þegar í stað, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu 15. desember 1972 (gamla gengið), en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 30. desember 1972.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir febrúarlok 1973.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skal hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar iðnaðarvörur framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skuli hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða vara þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. þessari málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti, sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann.

Fé, sem fært er á reikninga ríkissjóðs skv. 3. og 4. málsgr., skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu iðnaðarins og sjóða hans.

3. gr.

Annar málsliður 1. gr. laga nr. 20 16. apríl 1962 um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, orðist svo:

Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en $2\frac{1}{4}\%$ undir eða $2\frac{1}{4}\%$ yfir stofngengi.

4. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna (nýja gengið). Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfa kaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum og innstæður Verðjöfnunar-sjóðs fiskiðnaðarins, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttarréttindi og mótvirði þeirra.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslufrests-ábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsg.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-mæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 98.

238

21. desember 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð
fiskiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir síðustu grein laganna komi nýtt ákvæði, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins er heimilt samkvæmt reglum, er hún setur og sjávarútvegsráðherra samþykkir, að greiða úr deildum sjóðsins fyrir frystar fiskafurðir og saltfiskafurðir sérstakt framlag vegna bol- og flatfiskafurða að undanskildum kolategundum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972. Skulu 88 milljónir króna greiðast, ef verðmæti afla, sem landað er innanlands til þessarar vinnslu á þessu tímabili, nemur sem svarar 400 millj. króna reiknað á lágmarksverði á fiski, er gildi til 30. september 1972, að viðbætti greiðslu í Stofnfjár sjóð fiskiskipa og verðuppbót á línufisk. Framlagið skal hækka eða lækka í hlutfalli við breytingar á aflamagni frá þessu marki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Nr. 99.

28. desember 1972.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970,
sbr. lög nr. 98 28. desember 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

2. gr.

86. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

3. gr.

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.00.

Fyrir bifreiðar, 2001 kg og þyngri, greiðast kr. 27 500.00 og auk þess kr. 950.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfishifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanyting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

c. Af bifhjólum kr. 450.00

d. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga og innheimtu þungaskatts og viðurlög við brotum. Þungaskatt af festi- og tengivögnum má ákveða hærri en þungaskatt af bifreiðum.

e. Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

88. gr. laganna orðist svo:

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkv. a- eða b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella meginmál þeirra, svo og meginmál laga nr. 98 28. desember 1970, um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, inn í vegalög nr. 23 16. apríl 1970 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

**um ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið
1. janúar til 28. febrúar 1973.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kauplagnsnefnd skal ákveða kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1973 eftir framfærsluvísitölu 1. nóvember 1972 og að teknu tilliti til þeirrar hækkunar búvöruverðs — einnig þeirrar, er varð haustið 1972 — er eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Gildir þetta eins, þótt slík hækkun hafi ekki komið fram í útsöluverði sökum þess, að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti. Enn fremur skal taka tillit til aukinnar niðurgreiðslu búvöruverðs frá 1. desember 1972, svo og þeirrar aukningar niðurgreiðslu vöruverðs og/eða hækkunar fjölskyldubóta, sem kynni að verða ákveðin frá janúarbyrjun 1973 og stendur eigi skemur en til febrúarloka 1973.

Þá er kauplagnsnefnd heimilt að taka sérstakt tillit til þeirra hagsmuna, sem launþegar geta talizt hafa af því, að fram verði haldið að fullu niðurgreiðslu búvöruverðs, samkvæmt bráðabirgðalögum um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972, mánuðina janúar og febrúar 1973. Þetta skal þó ekki metið til meira en 1 stigs lækkunar kaupgreiðsluvísitölu.

2. gr.

Síðari málsgr. 8. gr. bráðabirgðalaga um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972 falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Getur ráðherra bundið leyfið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bol-fiskur er veiddur í þetta veiðarfæri.

3. gr.

Á eftir lið C2 í 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi nýr liður, svo hljóðandi:

G2. Frá línu réttvísandi suðaustur af Selskeri að 18° vestlægri lengd er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á eftir lið G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

G2. Frá línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26. skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

4. gr.

Á eftir 3. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (4. gr.) Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

- b. (5. gr.) Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.
- c. (6. gr.) Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er við kemur vernd fiskistofnanna.

Aðrar greinar laganna breyti um röð í samræmi við þetta, þannig að 4. gr. verður 7. gr. o. s. frv.

5. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1972“ í 8. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 89/1971) komi: til 1. júlí 1973.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sildar- og fiskimjölsværksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölsværksmiðjendanna og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu sildar- og fiskimjölsværksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur.

Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun, en að öðru leyti skal skipstjóri hvers skips ákvarða og tilkynna nefndinni, hvar hann muni leita löndunar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnu álitum samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna, þ. á m. þóknun nefndarinnar, greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Skal heimilt að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnismálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Skulu kaupendur standa skil á greiðslum þessum, og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í rikissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum, eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau til ársloka 1973.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til rikissjóðs:

- Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með allt að 140% viðauka leyfisbréfgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 2½%.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í rikissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til rikissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973 og gilda til loka þess árs.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara,
og lögum nr. 50 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 2. málsg. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvæðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands isl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 22 — 1972

Nr. 107.

246

31. desember 1972.

L Ö G

um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka verksmiðju til þörungavinnslu að Reykhólum við Breiðafjörð og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með þörungavinnslu er í lögum þessum átt við starfsemi til framleiðslu á þang- og þaramjöli og öðrum skyldum afurðum fyrir innlandan og erlendan markað.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skulu tveir aðalmenn og tveir varamenn skipaðir af ráðherra, en einn aðalmaður og einn varamaður kosinn á aðalfundi.

4. gr.

Hlutafélagið skal athuga þær rannsóknir, sem fram hafa farið á þara- og þangvinnslu að Reykhólum. Því skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli þörungaverksmiðju og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram 10 milljónir króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 10 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna, sbr. 4. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

6. gr.

Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæða 2. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málslíðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

**um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968
og lög nr. 58/1972.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgrein 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. l. nr. 14/1968 og l. nr. 58/1972, orðist þannig:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams- tjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, enda hafi slysi borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi, vann eða var í ferð í þess þágu. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla,

ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vitavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

1. Dánarbætur:

- a) 1 milljón króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema $\frac{3}{4}$ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.

Við 7. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennt meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1973 nema fyrri liður 1. gr., sem öðlast gildi 1. jan. 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 16 16. febr. 1943, um orlof, og lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964, um breyting á þeim lögum.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nr. 110.

31. desember 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða:

a. Regla 2 orðist svo:

2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í tollskrárnúmeri, tekur það einnig yfir ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, ef þær við innflutning að öllu verulegu leyti lita út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það yfir þessar vörur fullgerðar eða heilar (eða vörur, sem flokkast þannig skv. þessum lið), þegar þær eru fluttar inn ósamsettar eða sundurteknar.

b. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samblöndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.

b. Regla 3 b (2. lína):

„a“ verði „3 a“.

c. Regla 3 c (1. lína):

„a eða b“ verði „3 a eða 3 b“.

d. Regla 4 falli niður.

e. Regla 5 verði regla 4.

2. Á 1. kafla:

Athugasemd við kaflann orðist svo:

Athugasemd:

Til kaflans teljast öll lifandi dýr, nema:

- a. Fiskur, krabbadýr og lindýr, sem teljast til nr. 03.01 og 03.03.
- b. Hreinræktaður sýklagróður og aðrar vörur, sem teljast til nr. 30.02.
- c. Dýr, sem teljast til nr. 97.08.

3. Á 2. kafla:

Nr. 02.05 orðist svo:

02.05 Svínafita án kjöts og alifuglafita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.

4. Á 3. kafla:

Nr. 03.02 orðist svo:

03.02 Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu.

5. Á 4. kafla:

a. Fyrirsögn kaflans orðist svo:

Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang; ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

b. Nýtt tollskrárnúmer, nr. 04.07, sem bætist við kaflann, orðist svo:

04.07 Ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

6. Á 6. kafla:

Í stað síðustu setningar í 1. athugasemd kaflans „til kaflans . . . (7. kafli)“ komi: Til kaflans teljast þó ekki kartöflur, matlaukur, skalotlaukur, hvítlaukur og aðrar vörur, sem teljast til 7. kafla.

7. Á 7. kafla:

Athugasemd við kaflann orðist svo:

Athugasemd:

Með orðinu „grænmeti“ í nr. 07.01, 07.02 og 07.03 er einnig átt við ætisveppa, jarðsveppa, ólivur, kapers, tómata, kartöflur, rauðrófur, gúrkur, grænar ertur, grasker, eggplöntur (aubergínur), pipar (sweet peppers), finkul, steinselju, kjörvel, esdragon, karsa, sætt majoran (majorana hortensis eða origano majorana), piparrót og hvítlauk.

Til nr. 07.04 telst allt það grænmeti þurrkað eða eimað, sem annars telst til nr. 07.01—07.03, nema:

- a. Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir (nr. 07.05).
- b. Malaður pipar (sweet peppers) (nr. 09.04).
- c. Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05 (nr. 11.03).
- d. Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum (nr. 11.05).

8. Á 9. kafla:

a. Í stað síðustu málsgreinar í 1. athugasemd kaflans, „Hafi verið bætt . . . til nr. 21.04“, komi:

Hafi verið bætt öðrum efnunum í vörur þær, sem teljast til nr. 09.04—09.10, (eða í blöndur þær, sem um getur í a- og b-lið að ofan) hefur það ekki áhrif á flokkunina, nema það breyti eðli þeirra. Sé svo, teljast blöndurnar ekki til þessa kafla. Þannig teljast samsett bragðefni til nr. 21.04.

b. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:

2. Til þessa kafla telst ekki:

- a. Pipar (sweet peppers), ómalaður (7. kafli).
- b. Pipar af afbrigðinu piper cubeba og aðrar vörur, sem teljast til nr. 12.07.

9. Á 11. kafla:

- a. Í stað orðsins „Athugasemd“ í byrjun kaflans komi:
Athugasemdir.
- b. Núverandi athugasemd við kaflann verði athugasemd 1.
- c. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
 - b. Mjöl og grjón, tilreidd sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, sem telst til nr. 19.02.
- d. Ný athugasemd, sem bætist við kaflann, orðist svo:
 2. A. Malaðar afurðir úr þeim korntegundum, sem taldar eru upp í eftirfarandi töflu, teljast til þessa kafla, ef þær innihalda þurrar, miðað við þunga:
 - a. Sterkju (sem ákvörðuð er skv. Ewers-aðferðinni) í meira magni en tilgreint er í dálki 2.
 - b. Ösku (að frádregnum viðbættum steinefnum) í því magni, sem tilgreint er í dálki 3, eða minna.
 Annars teljast þær til nr. 23.02.
 - B. Afurðir, sem teljast til þessa kafla skv. áður nefndri skýrgreiningu, flokkast í nr. 11.01 (mjöl úr korni), ef það magn þeirra, sem fer í gegnum silkigrisju eða sigti úr tilbúnu trefjaefni, með þeim þéttleika, sem tilgreindur er í 4. og 5. dálki, er ekki minna, miðað við þunga, en sá hundraðshluti, sem tilgreindur er fyrir hverja korntegund. Annars teljast þær til nr. 11.02.

Korntegund	Sterkju- innihald	Ösku- innihald	Magn, sem fer í gegnum sigti af þéttleikanum	
			315 micron 4	500 micron 5
1	2	3	4	5
Hveiti og rúgur	45%	2,5%	80%	–
Bygg	45%	3,0%	80%	–
Hafrar	45%	5,0%	80%	–
Maís og dúrra	45%	2,0%	–	90%
Rís	45%	1,6%	80%	–
Bókhveiti	45%	4,0%	80%	–

e. Nr. 11.09 orðist svo:

11.09 Hveitiglúten, einnig þurrkað.

10. Á 12. kafla:

- a. Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
 1. Til nr. 12.01 teljast m. a. jarðhnetur, sojabaunir, mustarðsfræ, oliuvalmúafrae, valmúafrae og kopra. Til þessa númera teljast ekki kókosnetur eða aðrar vörur í nr. 08.01 og ekki heldur olivur (7. eða 20. kafli).
- b. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
 2. Sem fræ til sáningar í nr. 12.03 telst rófnafrae, grasfrae og annað græn-fóðurfræ, blómafrae, matjurtafrae, trjáfrae, ávaxtafrae, fræ af umfeðmings-grasi og úlfabaunum.

Til nr. 12.03 teljast hins vegar ekki, þótt til sáningar séu:

- a. Þurrkaðir belgávextir (7. kafli).
- b. Krydd og aðrar vörur, er teljast til 9. kafla.
- c. Korn (10. kafli).
- d. Vörur, er teljast til nr. 12.01 eða 12.07.

11. Á 13. kafla:

- a. Athugasemd a við kaflann orðist svo:
 - a. Lakkrísextrakt, sem inniheldur meira en 10% sakkarósa, miðað við þunga, eða tilreiddur er sem sykurvara.
- b. Athugasemd e við kaflann orðist svo:
 - e. Kamfóra, glycyrrhizin og aðrar vörur, sem teljast til nr. 29.13 og 19.41.
- c. Athugasemd f við kaflann orðist svo:
 - f. Lyf, sem teljast til nr. 30.03, og prófefni til blóðflokunar (nr. 30.05).
- d. Athugasemd h við kaflann orðist svo:
 - h. Rokgjarnar olíur, fljótandi eða fastar, og resinóid (nr. 33.01), einnig vatn frá gufueimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir af slíkum olíum (nr. 33.05).

12. Á 14. kafla:

Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:

1. Til þessa kafla teljast ekki eftirtaldar vörur, sem skulu flokkast í XI. flokki: jurtaefni og trefjar á hvaða vinnslustigi sem er, sem fyrst og fremst eru notuð til framleiðslu á spunaefnum, og önnur jurtaefni, sem hafa sætt þeirri meðferð, að þau verða aðeins notuð sem spunaefni.

13. Á 15. kafla:

- a. Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
 - a. Svínafita og alifuglafita, er telst til nr. 02.05.
- b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
 - b. Kakaósmjör (feiti eða olía) (nr. 18.04).
- c. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
 - c. Hamsar (nr. 23.01) og leifar, er teljast til nr. 23.04.
- d. Nr. 15.01 orðist svo:
 - 15.01 Hreinsuð svínafeiti, önnur svínafeiti og alifuglafeiti, brædd eða pressuð.
- e. Nr. 15.02 orðist svo:
 - 15.02 Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; einnig slík feiti brædd eða pressuð (þar með talin „premier jus“).

14. Á 16. kafla:

- a. Athugasemd við kaflann orðist svo:

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki kjöt, hlutar af dýrum, fiskur, krabbadýr og lindýr, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 2. og 3. kafla.

- b. Nr. 16.03 orðist svo:

16.03 Kjötextrakt og kjötseyði; fiskextrakt.

15. Á 17. kafla:

- a. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:

b. Kemískt hreinn sykur (nema sakkarósi, glúkósi og laktósi) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 29.43.

- b. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:

c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.

16. Á 18. kafla:

Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:

1. Til þessa kafla teljast ekki vörur þær, sem taldar eru í nr. 19.02, 19.08, 22.02, 22.09 og 30.03, þótt þær innihaldi kakaó eða súkkulaði.

17. **Á 19. kafla:**
- a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
 - c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.
 - b. Nr. 19.07 orðist svo:
 - 19.07 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbættis sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta.
18. **Á 20. kafla:**
- a. Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
 - a. Grænmeti og ávextir, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 7. og 8. kafla.
 - b. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
 2. Sem grænmeti í nr. 20.01 og 20.02 telst það grænmeti, sem flokkast í nr. 07.01—07.05, þegar það er innflutt í því ástandi, sem þar er tilgreint.
19. **Á 21. kafla:**
- a. Athugasemd 1 d við kaflann orðist svo:
 - d. Ger, sem framleitt er sem lyf, og aðrar vörur, er teljast til nr. 30.03.
 - b. Ný athugasemd, sem bætist við kaflann, orðist svo:
 3. Sem „jafnblönduð samsett matvæli“ í nr. 21.05 teljast matvæli, tilreidd sem fæða fyrir börn og fyrir sjúka, með samblöndun tveggja eða fleiri undirstöðuefnispáttu, t. d. kjöts (þar með taldir hlutar af dýrum), fisks, grænmetis og ávaxta. Við framkvæmd þessarar skýrgreiningar skal ekkert tillit tekið til aukaefnisþátta, sem settir eru í litlu magni í blönduna til bragðbættis, aukins geymslupóls, o. þ. h. Slík matvæli mega einnig innihalda lítið magn af sýnilegum ögnum annarra efnispáttu en kjöts og fisks.
 - c. Nr. 21.05 orðist svo:
 - 21.05 Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft; jafnblönduð samsett matvæli.
20. **Á 22. kafla:**
- Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
 - b. Eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekktum hreinleika (nr. 28.58).
21. **Á 23. kafla:**
- Nr. 23.06 orðist svo:
 - 23.06 Afurðir úr jurtaríkinu hæfar til skepnufóðurs, ót. a.
22. **Á 25. kafla:**
- a. Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
 - c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.
 - b. Í athugasemd 2 d við kaflann falli niður „(nr. 33.06)“, en í stað þess komi:
 - , sem teljast til nr. 33.06.
 - c. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:
 - e. Steinar og hellur til gatna- og gangstéttargerðar (nr. 68.01), teningar til mósaikgerðar (nr. 68.02) og þakhellur og aðrar þess konar hellur til bygginga (nr. 68.03).
23. **Á 26. kafla:**
- a. Ný athugasemd 1 a, sem bætist við kaflann, orðist svo:
 - a. Gjall og áþekkur iðnaðarúrgangur, útbúinn sem mulningur (nr. 25.17).
 - b. Núverandi athugasemdir a—e við kaflann verði b—f.
 - c. Athugasemd 1 e (áður d) við kaflann orðist svo:
 - e. Afklippur, aska og annar úrgangur góðmálma, sem fellur til við gull-, silfur- og skartgripasmíði (nr. 17.11).

24. Á 27. kafla:

- a. Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
 - a. Aðgreind kemískt skýrgreind efnasambönd, önnur en hreint metan og própán, sem telst til nr. 27.11.
- b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
 - b. Lyfjavörur, sem teljast til nr. 30.03.
- c. Ný athugasemd 1 c, sem bætist við kaflann, orðist svo:
 - c. Blönduð, ómettuð karbonhydrid, sem teljast til nr. 33.01, 33.02, 33.04 og 38.07.
- d. Á eftir orðunum „aðrar áþekkar oliur“ í 2. línu athugasemdar 3 við kaflann komi:
 - og oliur, sem innihalda blönduð, ómettuð karbonhydrid.
- e. Nr. 27.07 orðist svo:
 - 27.07 Oliur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjörú; áþekk framleiðslu skv. skýrgreiningu í athugasemd 2 við þennan kafla.

25. Á 28. kafla:

- a. Á eftir orðunum „þessa kafla“ í 1. mgr. athugasemdar 1 við kaflann komi:
 - eða athugasemdum hans.
- b. Ný athugasemd 1 e, sem bætist við kaflann, orðist svo:
 - e. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b-, c- og d-lið hér að ofan og blönduð hafa verið rykvarnar- eða litunarefni til auðkennis eða af öryggisástæðum, enda verði efnin sjálf ekki við þá blöndun hæfari til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.
- c. Ný athugasemd 8, sem bætist við kaflann, orðist svo:
 - 8. Kemísk frumefni (t. d. sílíkon og seleníum) til rafeindafræðilegra nota flokkast í þessum kafla, ef þau eru í önnu formi sem dregin, eða formuð sem hólkar eða stengur. Formuð sem skífur, þynnur o. þ. h. teljast þau til nr. 38.19.
- d. Nr. 28.03 orðist svo:
 - 28.03 Kolefni (einnig kolefnissverta).
- e. Nr. 28.05 orðist svo:
 - 28.05 Alkalí- og jarðalkalímálmar; sjaldgæfir jarðalkalímálmar, yttríum og scandíum og blöndur þessara efna innbyrðis; kvikasilfur.
- f. Nr. 28.06 orðist svo:
 - 28.06 Saltsýra og klórsúlforsýra.

26. Á 29. kafla:

- a. Ný athugasemd 1 g, sem bætist við kaflann, orðist svo:
 - g. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b-, c-, d-, e- og f-lið hér að ofan og blönduð hafa verið rykvarnar-, litunar- eða ilmefni til auðkennis eða af öryggisástæðum, enda verði efnin sjálf ekki við þá blöndun hæfari til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.
- b. Núverandi athugasemd 1 g við kaflann verði athugasemd 1 h.
- c. Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
 - c. Metan og própán (nr. 27.11).
- d. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:
 - e. Þvagefni (urea) (nr. 31.02 eða 31.05 eftir atvikum).
- e. Í stað orðanna „litir mótaðir til smásölu eða í smásöluumbúðum (nr. 32.09)“ í athugasemd 2 f við kaflann komi:
 - litir og önnur litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum (nr. 32.09).
- f. Á eftir orðunum „hringliða ureíða“ í 5. línu athugasemdar 7 við kaflann komi:
 - og hringliða tíóureíða.

- g. Nr. 29.11 orðist svo:
29.11 Aldehyd, aldehydalkóhól, aldehydeter, aldehydfenól og önnur aldehyd (einföld eða samsett) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni; hringliða fjöhlutasambönd (pólýmers) af aldehydum; paraformaldehyd.
- h. Fyrirsögn undirnúmers VII við kaflann orðist svo:
VII. Karboxýsurur og anhydrid, halógenid, peroxyásýsur og peroxyd þeirra, ásamt halógen-, sulfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.
- i. Í stað orðanna „Einbasískar sýrur“ í 1. línu í nr. 29.14 komi:
Einbasískar karboxýsurur.
- j. Í stað orðanna „Tví- eða margbasískar sýrur“ í 1. línu í nr. 29.15 komi:
Tví- eða margbasískar karboxýsurur.
- k. Í stað orðanna „Alkóhólsýrur . . . aðrar sýrur“ í 1. línu í nr. 29.16 komi:
Alkóhól-, aldehyd-, keton- og fenól-karboxýsurur og aðrar karboxýsurur.
- l. Nr. 29.25 orðist svo:
29.25 Karboxyamíd; kolsýruamíd.
- m. Nr. 29.26 orðist svo:
29.26 Karboxyimíd (einnig ortó-benzóisulfimíd og sölt þess) og imín (einnig hexametylentetramín og trimetylen-trinitramín).
- n. Nr. 29.39 orðist svo:
29.39 Hormón, náttúrleg eða tilbúin; derivatar þeirra; önnur steroid notuð aðallega sem hormón.
27. Á 30. kafla:
- Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Sápa og aðrar vörur í nr. 34.01, sem innihalda lyf.
 - Ný athugasemd 3 e, sem bætist við kaflann, orðist svo:
e. Prófefni til blóðflokunar.
 - Núverandi athugasemdir 3 e og f við kaflann verði f og g.
28. Á 31. kafla:
- Athugasemd 1 A 8 við kaflann orðist svo:
8. Þvagefni (urea), einnig kemískt hreint.
 - Athugasemd 4 við kaflann orðist svo:
4. Mónóammóníum- og díammóníumfosföt, einnig kemískt hrein, og blöndur þeirra teljast til nr. 31.05.
 - Athugasemd 5 við kaflann orðist svo:
5. Magnblutföll þau, sem um er getið í málsgreinunum 1 A, 2 A og 3 A, skulu miðast við þurrefni efnisins.
29. Á 32. kafla:
- Í stað orðanna „ásamt . . . nr. 32.09“ í athugasemd 1 a við kaflann komi:
ásamt litum og öðrum litarefnum mótuðum til smásölu eða í smásöluumbúðum í nr. 32.09).
 - Nr. 32.03 orðist svo:
32.03 Tilbúin lífræn og ólífræn sítunarefni; framleiðsla til sítunar, einnig þótt hún innihaldi náttúrleg sítunarefni; enzymframleiðsla til forsítunar (t. d. af enzympankreas- eða gerlauppruna).
 - Í stað orðanna „uppleysanleg . . . smásöluumbúðum“ í nr. 32.09 komi:
litir og önnur litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum.
 - Nr. 32.12 orðist svo:
32.12 Kítti, spartl og önnur fylli- eða þéttiefni; óeldföst yfirborðsefni; ágræðslukvoða.

30. Á 33. kafla:

- a. Í stað svigans „(nr. 22.09)“ í athugasemd 1 a við kaflann komi:
, sem telst til nr. 22.09.
- b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Sápa og aðrar vörur, sem teljast til nr. 34.01.
- c. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Til nr. 33.06 teljast m. a.:
 - a. Tilbúinn lyktareyðir fyrir herbergi, einnig með ilmefni.
 - b. Vörur, einnig óblandaðar (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 33.05), er nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar eða sem lyktareyði fyrir herbergi, og eru í smásöluumbúðum, er gefa slíka notkun til kynna.

31. Á 34. kafla:

- a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
Til nr. 34.01 telst einungis sápa, sem leysist upp í vatni. Sápa og aðrar vörur, sem teljast til nr. 34.01, mega vera blandaðar öðrum efnum (t. d. sóttþreinsandi efnum, slípiefnum, fylliefnum eða lyfjum). Vörur, sem innihalda slípiefni, flokkast aðeins til nr. 34.01, ef þær eru í stykkjum eða mótuðu formi. Að öðrum kosti teljast þær til nr. 34.05 sem ræstiduft og aðrar þess konar vörur.
- b. Nr. 34.01 orðist svo:
34.01 Sápa; lífrænar yfirborðsvirkar vörur og efnablöndur til notkunar sem sápa í stykkjum eða mótuðu formi, einnig þótt þær innihaldi ekki sápu.

32. Á 35. kafla:

- a. Í stað orðsins „Athugasemd“ í byrjun kaflans komi:
Athugasemdir.
- b. Núverandi athugasemd við kaflann verði athugasemd 1.
- c. Ný athugasemd 2, sem bætist við kaflann, orðist svo:
2. Sem dextrín í nr. 35.05 teljast vörur úr sterkjuúrgangi með lækkuðu sykurrinnihaldi 10% eða minna, er nefnast í þurru formi dextrósi.
Slíkar vörur með lækkuðu sykurrinnihaldi yfir 10% teljast til nr. 17.02.

33. Á 38. kafla:

- a. Ný athugasemd 1 b, sem bætist við kaflann, orðist svo:
b. Blöndur kemískra efna og fæðuefna, sem notuð eru við tilreiðslu matvæla (yfirleitt í nr. 21.07).
- b. Núverandi athugasemd 1 b við kaflann verði 1 c.
- c. Athugasemd 2 g við kaflann orðist svo:
g. Kemísk frumefni í 28. kafla (t. d. sílíkon og seleníum) til rafeindafræðilegra nota, formuð sem skífur, þynnur o.þ.h., slípuð eða óslípuð, einnig húðuð með jöfnu epitaxisku lagi.

34. Á 39. kafla:

- a. Athugasemd 1 f við kaflann orðist svo:
f. Vörur, sem teljast til XI. flokks (spunaefni og vörur úr þeim).
- b. Athugasemd 1 m við kaflann orðist svo:
m. Vörur, sem teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og kassar fyrir úr).
- c. Athugasemd 1 o við kaflann orðist svo:
o. Húsgögn og aðrar vörur í 94. kafla.
- d. Athugasemd 1 q við kaflann orðist svo:
q. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
- e. Athugasemd 3 d við kaflann orðist svo:
d. Plötur, arkir, þynnur og bönd (þó ekki það, sem flokkast í nr. 51.02 skv. athugasemd 4 við 51. kafla), óaprentuð eða prentuð eða með öðrum hætti

unnin á yfirborðinu, ósniðin eða sniðin í ferhyrnt lag og ekki frekar unnin (einnig þótt þau verði þannig sniðin að vörum, sem tilbúnar eru til notkunar).

35. Á 40. kafla:

- a. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:
 - e. Trefjadúkur og sams konar trefjaefni, gegndreypt eða þakin með gúmmí eða með gúmmí sem bindiefni, hver sem þyngdin er á hvern fermetra, og vörur úr honum.
- b. Athugasemd 3 e við kaflann orðist svo:
 - e. Vörur, sem teljast til 97. kafla (þó ekki íþróttahanzkar og vörur, sem teljast til nr. 40.11).
- c. Athugasemd 4 við kaflann orðist svo:
 4. Orðið „gervigúmmí“ í athugasemd 1 hér að ofan og í nr. 40.02, 40.05 og 40.06 tekur til:
 - a. Ómettaðra tilbúinna efna, sem með herzlu með brennisteini má óafmáanlega breyta í efni, sem ekki sveigjast, og eftir beztu vúlkaniseringu (og án blöndunar annarra efna, svo sem mýkingarefna og styrkjandi fylliefna, sem ekki eru nauðsynleg til að mynda þverbindingu) mynda efni, sem við 18° til 29° C hita má teygja þrisvar sinnum upprunalega lengd sína án þess að þau slitni og, eftir að þau hafa verið teygð tvisvar sinnum upprunalega lengd sína, draga sig saman innan fimm mínútna þannig, að þau verði ekki yfir 1½ sinnum upphafleg lengd sín.
Til slíkra efna teljast cis-pólyisoprene (IR), pólybútadien (BR), pólyklórbútadien (CR), pólybútadien-styren (SBR), pólyklórbútadien-acrylonítril (NCR), pólyklórbútadien-acrylonítril (NBR) og bútylgúmmí (IIR).
 - b. „Thíoplasts“ (TM).
 - c. Náttúrlegs gúmmís breyttis við samruna eða blöndun við gerviplast, depólymeriseraðs náttúrlegs gúmmís og blandna af ómettuðum gervi-efnum með mettuðum gervihápólymerum, enda uppfylli það þau skilyrði varðandi vúlkaniseringu, teygjanleika og samdráttarhæfni, sem um getur í a að ofan.

36. Á 42. kafla:

- a. Athugasemd ij við kaflann orðist svo:
 - ij. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
- b. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
- c. Núverandi athugasemd 3 við kaflann verði athugasemd 2.

37. Á 43. kafla:

- Athugasemd 2 f við kaflann orðist svo:
 - f. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).

38. Á 44. kafla:

- a. Athugasemd 1 o við kaflann orðist svo:
 - o. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
- b. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
- c. Núverandi athugasemdir 3, 4 og 5 við kaflann verði athugasemdir 2, 3 og 4.
- d. Nr. 44.09 orðist svo:

44.99 Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir, staurar og stafir, yddaðir en ekki sagaðir niður eftir endilöngu; pulpviður í smástykkjum eða mylsnu; tréspænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum.
- e. Nr. 44.21 orðist svo:

44.21 Umbúðakassar, rimlakassar, öskjur og aðrar umbúðir úr trjáviði.

39. Á 45. kafla:

Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:

c. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).

40. Á XI. flokki:

a. Athugasemd 1 d við flokkinn orðist svo:

d. Asbest, er telst til nr. 25.24, og vörur úr asbesti og aðrar vörur, sem teljast til nr. 68.13 og 68.14.

b. Athugasemd 1 h við flokkinn orðist svo:

h. Ofin spunaefni, trefjadúkur og sams konar trefjaefni, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmí, og vörur úr slíkum efnum, er teljast til 40. kafla.

c. Athugasemd 1 k við flokkinn orðist svo:

k. Vörur úr spunaefnum, er teljast til nr. 42.01 og 42.02.

d. Athugasemd 1 l við flokkinn orðist svo:

l. Vörur í 48. kafla (t. d. sellulósavatt).

e. Athugasemd 1 o við flokkinn orðist svo:

o. Hárnét (nr. 65.05 eða eftir atvikum 67.04).

f. Athugasemd 1 t við flokkinn orðist svo:

t. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).

g. Athugasemd 3 A a við flokkinn orðist svo:

a. Garn úr silki, bourette-silki og chappe-silki, sem vegur meira en 2 g/m (18000 denier).

h. Athugasemd 3 A b við flokkinn orðist svo:

b. Garn úr tilbúnum trefjum (þar með talið garn úr tveim eða fleiri einþáttingum, er teljast til 51. kafla), sem vegur meira en 1 g/m (9000 denier).

i. Athugasemd 3 B b við flokkinn orðist svo:

b. Vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum trefjum og margþátta garn, ósnúið eða með minna en 5 snúningum á metra.

j. Athugasemd 4 B d 2 við flokkinn orðist svo:

2. Uppsett eða útbúið á annan hátt, sem gefur til kynna, að nota eigi garnið í spunatrefjaiðnaði (t. d. á spólum, hólkum, spunakeilum, snældum o. þ. h.).

41. Á 56. kafla:

Athugasemd e við kaflann orðist svo:

e. eru að þyngd yfir 2 g/m (18000 denier).

42. Á 57. kafla:

a. Nr. 57.03 orðist svo:

57.03 Júta og aðrar basttrefjar, óunnið eða tilreitt, þó ekki spunnið; ruddi og úrgangur úr jútu og basttrefjum (þar með talið garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar).

b. Nr. 57.06 orðist svo:

57.06 Garn úr jútu og öðrum basttrefjum, sem teljast til nr. 57.03.

c. Nr. 57.10 orðist svo:

57.10 Vefnaður úr jútu og öðrum basttrefjum, sem teljast til nr. 57.03.

53. Á 58. kafla:

Á eftir orðinu „Chenillegarn“ í nr. 58.07 komi:

(þar með talið hnökrað chenillegarn),.

44. Á 59. kafla:

a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:

2. A. Til nr. 59.08 teljast spunaefni, sem eru gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með efnum úr sellulósaderivötum eða öðrum plast-

efnum, hver sem þungi þeirra er á fermetra og hvert sem eðli plastefnisins er (þétt, froða, svampur eða þanið).

Til þessa númers teljast þó ekki:

- a. Efni úr spunatrefjum, sem ekki sýna það berum augum, að þau hafi verið gegndreypt, yfirdregin eða yfirlögð (yfirleitt í 50.—58. og 60. kafla). Í þessu sambandi skal ekki tekið tillit til litarbreytinga, sem kunna að hafa átt sér stað.
 - b. Vörur, sem ekki er hægt að beygja með höndunum utan um hólk með 7 mm. þvermáli við 15°—30° C hitastig án þess, að þær brotni við beyginguna (yfirleitt 39. kafli).
 - c. Vörur, sem í er spunaefni, sem er algerlega hulið plastefni eða húðað eða þakið slíku efni á báðum hliðum (39. kafli).
- B. Til nr. 59.12 teljast ekki:
- a. Efni úr spunatrefjum, sem ekki sýna það berum augum, að þau hafi verið gegndreypt, yfirdregin eða yfirlögð (yfirleitt í 50.—58. og 60. kafla). Í þessu sambandi skal ekki tekið tillit til litarbreytinga, sem kunna að hafa átt sér stað.
 - b. Efni úr spunatrefjum með máluðum mynztrum (nema leiktjöld, bakgrunnur í myndastofur og annað þess háttar).
 - c. Efni úr spunatrefjum, sem hafa verið þaktar hnökrum, kornmylsnu eða öðru þess háttar, þannig að fram komi mynztrur á efninu.
 - d. Efni úr spunatrefjum með steiningu, sem gerð hefur verið að meginstofni úr sterkju.

b. Nr. 59.08 orðist svo:

59.08 Spunavörur, gegndreyptar, yfirdregnar, yfirlagðar eða límdar saman með efnum úr sellulósaderivötum eða öðrum plastefnum.

45. Á 60. kafla:

a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:

2. Til nr. 60.02—60.06 teljast þrjóna- og heklvörur og hlutar af þeim, sem eru:
 - a. þrjónaðar eða heklaðar í heilu lagi og innfluttar annaðhvort sem sérstök stykki eða fjöldi stykkja sem metravara,
 - b. saumaðar saman eða unnar á annan hátt.

b. Athugasemd 5 b við kaflann orðist svo:

- b. gúmmiborin, sem er gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með gúmmi eða gerð úr spunaþráðum, húðuðum eða gegndreyptum með gúmmi.

46. Á 61. kafla:

Athugasemd 5 við kaflann orðist svo:

5. Númer í þessum kafla taka til spunaefna (þó ekki þrjóna- og heklvoðar), sem sniðin eru til framleiðslu á vörum í þessum kafla. Númer 61.09 tekur þó einnig til þrjóna- og heklvoðar, sem sniðin er til framleiðslu á vörum, sem taldar eru í þessu númeri, innflutt sem sérstök stykki eða fjöldi stykkja sem metravara.

47. Á 62. kafla:

Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:

